

**SKOÐUN** Hólmfríður Sigurðardóttir skrifar um verndun neysluvatns. 24



**MENNING** Ætlaði aldrei að verða rithöfundur en er drottning spennusagnanna í dag. 38



**LÍFIÐ** Fimm leikarar deila því hvernig farsímar hafa áhrif á störf þeirra. 46



**SPORT** Strákarnir okkar gerðu jafntefli við Eistland í vináttulandsleik. 52


Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
1. apríl 2015
77. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Með augastað á Íslandi

Bandaríska kleinuhringja- og kaffihúsafyrirtækið á í viðræðum við aðila hérlendis um að hefja starfsemi. Þetta staðfestir talsmaður Dunkin' Donuts.

## FRÉTTIR

**Fleiri beiðnir um nálgunarbann** Beiðnum Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um nálgunarbann hefur fjölgað eftir að átak gegn heimilisofbeldi hófst í byrjun árs. Tilkynningum um heimilisofbeldi hefur fjölgað. 4

**Klofningur hjá sveitarfélögum** Fulltrúar Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarbæjar í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru ósáttir við umsögn sambandsins um lagafrumvarp. 6



24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -5° | | NA | 6 |
| Akureyri | -5° | | N | 5 |
| Egilsstaðir | -2° | | N | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | | N | 5 |
| Reykjavík | -3° | | N | 4 |

**VÍÐA LÉTTSKÝJAÐ** Í dag verða víðast norðan 5-13 m/S og léttskýjað en él N-lands. Hessir A-til síðdegis. Frost yfirleitt á bilinu 2-8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Nýtt Alþingishús eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar

Forsætisráðherra hefur fengið afgreidda úr ríkisstjórn þingsályktunartillögu sem kveður á um nýja viðbyggingu við Alþingishúsið, byggingu yfir Stofnun Árna Magnússonar og byggingu nýrrar Valhallar á Þingvöllum.

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur afgreitt þingsályktunartillögu forsætisráðherra sem kveður á um að byggð verði við Alþingishúsið viðbygging eftir hönnun Guðjóns Samúelssonar.

Þingsályktunin er lögð fram sem tillaga um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018.

Fram kemur að viðeigandi sé að á afmælinu verði lokið áformum um uppbyggingu á Alþingisreitnum sem ráðist hefði verið í fullveldisárið 1918 ef fjárhagur landsins og aðstæður hefðu leyft. „Það fer þar af leiðandi vel á því að nú, þegar Íslendingar hafa í heila öld notið þeirra framfara sem fylgdu í kjölfar fullveldis verði lokið við byggingaráformin,“ segir í ályktuninni.

Gert er ráð fyrir að haldin verði samkeppni um hönnun hússins og tengibyggingu. „Með því vinna kynslóðir fullveldisstofnunarinnar með kynslóðum samtímans við uppbyggingu til framtíðar. Um leið og horft er til framtíðar er fortíðinni sýnd virðing og draumar fyrri kynslóðar uppfylltir í þágu framtíðarkynslóða,“ segir í ályktuninni.

Í þingsályktun Sigmundar er einnig ákveðið að lokið verði við byggingu yfir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum „sem geymir dýrustu djásn íslenskrar sögu og myndar einn mikilvægasta grundvöll íslenskrar þjóðmenningar og íslenskrar tungu og þar með sjálfstæðis þjóðarinnar,“ eins og segir í ályktuninni.



Gert er ráð fyrir að lokið verði við bygginguna árið 2018.

Þá er lagt til að ályktað verði að reist verði ný Valhöll á Þingvöllum en húsið brann árið 2009.

Í húsinu verði veitingaaðstaða og ferðamannamóttaka ásamt því sem þjóðgarðsvörður og Þingvallanefnd hafi aðstöðu í húsinu. **- fbj**

➜ Byggingarnar munu rísa til að minnast aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018.



**BRJÓST GEGN BÆNUM** Bryndís Björnsdóttir fækkaði fötum við bænahald mótmælahópsins Lífsverndar. Bænahópurinn hefur haft reglulegt bænahald við Kvennadeild Landspítalans til að mótmæla fóstureyðingum. Bryndís vill að Landspítalinn taki afstöðu til bænahópsins en hún afhenti Önnu Sigrúnu Baldursdóttur, aðstoðarmanni forstjóra spítalans, undirskriftalista með nöfnum um 1.200 manns sem vilja að spítalinn taki afstöðu. **Sjá síðu 18** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

Fyrirliðabarnið fætt:

## Nánast búin að ákveða nafnið

**LÍFIÐ** Kristbjörg Jónasdóttir og unnusti hennar, Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, eignuðust son þann 26. mars síðastliðinn. Drengurinn lét bíða eftir sér í nokkra daga en Kristbjörg segist hafa reynt allt til þess að koma fæðingunni af stað.



KRISTBJÖRG JÓNASDÓTTIR

Þau eru nánast búin að ákveða nafn á soninn og það var ekki flókið mál. „Þessi nöfn þau komu strax í kollinn á okkur þegar við fórum að tala um það,“ segir Kristbjörg en nafnið verður leyndarmál þar til litli drengurinn verður skírður. Það verður í sumar þegar Kristbjörg og Aron Einar koma hingað til lands í sumarfrí. **- gló / sjá síðu 58**

Alvarlegar athugasemdir gerðar við samningagerð menntamálaráðuneytis:

# Æskulýðsrannsóknir án útboðs

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur lokið úttekt á viðskiptum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við fyrirtækið Rannsóknir og greiningu ehf. og gerir alvarlegar athugasemdir við samningagerð ráðuneytisins og fyrirtækisins.

Úttektin fór af stað í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um að fyrirtækið hefði tekið að sér samninga upp á um 50 milljónir króna frá ráðuneytinu án útboðs.

Ráðuneytið hefur gert fjölda samninga við fyrirtækið án útboðs en Rannsókn og greining hefur fengið um 158 milljónir frá hinu opinbera allt frá árinu 1999. Fyrirtækið hefur stundað æskulýðsrannsóknir fyrir menntamálaráðuneytið en í skýrslunni gagnrýnir Ríkisendurskoðun meðal annars að fyrirtækið hafi fengið að taka að sér vinnslu á norrænni æskulýðsrannsókn árið 2009. Þá eru margir samningar fyrirtækisins og ráðuneytisins afar óljósir en í mörgum tilfellum hefur ekki verið á hreinu hvort um sé að ræða þjónustusamninga eða styrktarsamninga.

Ríkisendurskoðun telur að vanda þurfi til verka við samningagerð um kaup á þjónustu og að móta þurfi heildræna stefnu um æskulýðsrannsóknir. Auk þess skuli ráðuneytið virða jafnræðisreglu íslenskrar stjórnsýslu og gefa öðrum aðilum kost á að vinna æskulýðsrannsóknir fyrir hið opinbera. **- sa / srs** **Sjá síðu. 2**

**158.000.000**

Rannsóknir og greining ehf. hefur fengið 158 milljónir úr ríkissjóði frá árinu 1999 þar af hafa margir samningar verið gerðir án útboðs.




*Gómsæt Páskaostakaka með ljúfum piparmyntukeim bíður þín í næstu verslun.*



## SPURNING DAGSINS



Elín Edda, er ekkert hægt að nota bókina í eldamennskuna?

**„Nei, enda verður ekki allt bókvit í askana látið.“**

Uppskriftabók–skáldverk er ný bók tíu höfunda sem stunda meistaranám í ritlist og ritstjórn við Háskóla Íslands. Elín Edda Pálsdóttir er ein ritstjóra bókarinnar.

Ríkisstjórnin vill stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um landið og dreifa álagi á náttúruna:

# Starfshópur skoðar fjölgun lendingarstaða

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur að tillögu forsætisráðherra samþykkt að skipa starfshóp sem fær það hlutverk að kanna hvernig koma megi á reglulegu millilandaflugi um flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum.

Starfshópurinn skal greina framkvæmdaratriði, kostnað, þátttöku einstakra ríkisstofnana, landshluta og fyrirtækja í viðkomandi landshluta og markaðssetningu. Starfshópurinn verður skipaður til þriggja mánaða og í lok starfstímans skal hann skila af sér tillögum í formi aðgerða- og kostnaðaráætlunar.

Fulltrúar frá Íslandsstofu, Isavia, innanríkisráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu munu skipa starfshópinn, ásamt fulltrúum frá ólíkum landshlutum. Fulltrúi forsætisráðuneytisins mun stýra vinnunni auk þess sem starfsmaður hópsins mun koma frá forsætisráðuneytinu.

Tæp milljón ferðamanna kom til Íslands með flugi á síðasta ári og spár gera ráð fyrir mikilli fjölgun á næstu árum. Mikill meirihluti erlendra ferðamanna heimsækir einungis suðvesturhorn landsins og aðrir landshlutar njóta síður þeirrar miklu fjölgunar ferðamanna sem orðið hefur. Ríkisstjórnin vill stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um landið, enda megi þannig dreifa því álagi á náttúruna sem fylgir auknum ferðamannastraumi. **- ngy**



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Tæp milljón ferðamanna kom til Íslands með flugi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BRAUÐBAKSTUR** Drengur fylgist með bakstri á ósýrðu brauði, matzah. MYND/API

Gyðingar baka táknrænt brauð, matzah:

## Bakað fyrir páska í Tel Avív

**ÍSRAEL Matur er táknrænn fyrir ákveðna atburði í sögu gyðinga. Þetta á einkum við um páskahátíðina, þegar verið er að minnast frelsunar Ísraelsmanna undan Egyptum. Þá er bakað og borið fram ósýrt brauð, matzah, sem er flatt, þunnt og án gers. Það brauð höfðu Ísraelsmenn með sér þegar þeir fóru í skyndi frá Egyptalandi. Þessi litli drengur fylgist rólegur með bakstri brauðsins í bakaríi í Bnei Brak rétt við Tel Avív í Ísrael. - kbg**

Vitundarvakning um einhverfu:

## Átakið Blár apríl hefst í dag

**FRÆÐSLA** Blár apríl, vitundarvakning um einhverfu, hefst formlega í dag. Fyrirtæki og stofnanir um allan heim munu taka þátt með því að baða byggingar sínar í bláu ljósi.

Styrktarfélag barna með einhverfu stendur fyrir Bláum apríl hér á landi og hefst styrktarsöfnun félagsins í dag. Að þessu sinni verður safnað fyrir námskeiðum tengdum einhverfu. Fjölmargar byggingar á Íslandi verða lýstar upp í bláum lit, meðal annars Harpa, Bessastaðir, Ráðhúsið, Höfði og Landspítalinn. Blár apríl nær hámarki 10. apríl en þá munu nemendur í skólum landsins klæðast bláu. **- vh**

Bæjarsjóður Akureyrar:

## Hálfur milljarður í afgang

Bæjarsjóður Akureyrar var rekinn með 520 milljóna króna hagnaði á árinu 2014. Þrátt fyrir það var niðurstaða A-hluta sveitarsjóðs neikvæð um 134 milljónir króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Akureyrarkaupstaðar.

Skuldir Akureyrarkaupstaðar lækkuðu á árinu um 745 milljónir króna.

„Á heildina litið lítur þetta vel út en ýmis ljós blikka og þá sérstaklega í A-hlutanum sem við þurfum að skoða vel. Hins vegar er ég ánægður með að við séum að greiða niður skuldir á tímabilinu,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri. **- sa**

# Gagnrýna samningagerð ráðuneytis

Ríkisendurskoðun hefur lokið stjórnsýsluúttekt á samningum hins opinbera við Rannsóknir og greiningu ehf. um æskulýðsrannsóknir og gerir fjölda athugasemda. Fyrirtækið hefur fengið 158 milljónir frá hinu opinbera allt frá árinu 1999.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir við verklag mennta- og menningarmálaráðuneytisins við viðskipti við einkahlutafélagið Rannsóknir og greiningu um fjölda æskulýðsrannsókna fyrirtækisins fyrir hið opinbera. Gagnrýnir Ríkisendurskoðun að samningur um norræna æskulýðsrannsókn sem gerður var árið 2009 hafi ekki verið boðinn út.

Fréttablaðið sagði fyrst frá því þann 30. september á síðasta ári að fyrirtækið hafi gert samninga við ráðuneytið um æskulýðsrannsóknir fyrir allt að fimmtíu milljónir króna án útboðs. Í kjölfar þess hóf Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt á samningum stjórnvalda við fyrirtækið.

Fram kemur í skýrslunni að undanfarin 16 ár hafi einkahlutafélagið fengið samtals greiddar 158 milljónir króna úr ríkissjóði fyrir margvíslegar æskulýðsrannsóknir. Stofnunin gerir athugasemdir við hvernig staðið var að viðskiptum við félagið. Telur Ríkisendurskoðun ráðuneytið þurfa að vanda betur til samninga um þjónustukaup og móta þurfi heildstæða stefnu um æskulýðsrannsóknir.

Fram kemur einnig í skýrslunni að eðli sumra samninga ráðuneytisins við Rannsóknir og greiningu ehf. séu óljósir og ekki hægt að meta hvort um þjónustusamninga eða styrktarsamninga sé að ræða.

Í þessum samningum við Rannsóknir og greiningu var aldrei leitað útboðs eða tilboða annarra aðila sem sinna æskulýðsrannsóknum hér á landi. Telur Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni mikilvægt að virða jafnræðisreglu íslenskrar stjórnsýslu og kanna áhuga og getu annarra fræðimanna á að sinna verkefnum sem þessum.

Samningur menntamálaráðuneytisins við Rannsóknir og greiningu sem undirritaður var 12. janúar árið 2009 vekur athygli Ríkisendurskoðunar. Sá samningur hljóðaði upp á 24,2 milljónir króna og var gerður tveimur árum áður en fyrstu rannsóknir samningsins áttu að fara fram. Gilti hann til ársins 2016. Samningurinn var gerður stuttu áður en ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks fór frá völdum og boðað var til kosninga.

Ekki náðist í Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir blaðsins.

sveinn@frettabladid.is



### 50 milljónir króna fram hjá lögum um opinber innkaup

Einkahlutafélag, sem stundar æskulýðsrannsóknir og er í eigu fyrrverandi aðstoðarmanns Davíðs Oddssonar, hefur fengið samtals um 50 milljónir frá ríkinu frá árinu 2006. Samningur var undirritaður í byrjun árs 2009 fram hjá lögum um opinber innkaup. Ríkisendurskoðun vill taka samninginn til skoðunar.

**STJÓRNSÝSLA** Einkahlutafélagið Rannsóknir og greining ehf. hefur frá árinu 2006 fengið yfir 50 milljónir króna frá hinu opinbera, í gegnum samning við menntamálaráðuneytið, til að vinna að rannsóknum á högum ungs fólks.

Ekki var leitað útboðs eða tilboða annarra aðila sem sinna æskulýðsrannsóknum vegna þessara styrkja. Í fjárlögum ár hvert er liður undir æskulýðsmálum sem nefnist æskulýðsrannsóknir. Frá árinu 2006 hefur 57 milljónum króna verið varið í málaflokkinn og meginþorri þess fjármagns sem fer í málaflokkinn rennur til Rannsóknar og greiningar.

Kristín Halldórsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar telur fullt tilefni til að skoða þennan samning nánar. „Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum haft samningamál ráðuneytanna til sérstakrar skoðunar og birt samtals tíu skýrslur um þau mál. Með hliðsjón af athugasemdum Ríkisendurskoðunar er varða samningamál ráðuneytanna telur stofnunin fullt tilefni til að taka umræddan samning til skoðunar,“ segir hún. Sögu einkahlutafélagsins má rekja aftur til ársins 1997 þegar Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, ákvað að leggja niður Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála (RUM). Upp úr því varð til Námsmatsstofnun en rannsóknarhluti RUM var gefinn eftir til nýstofnaðs fyrirtækis, Rannsókna og greiningar ehf., samkvæmt ákvörðun Björns. Á þessum tíma, frá 1997-1998, var Inga Dóra Sigfúsdóttir, eigandi Rannsókna og greiningar ehf., í hálfu starfi fyrir menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, og í hálfu starfi hjá rannsóknardeild Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Einnig var hún aðstoðarmaður bæði Davíðs Oddssonar og Ólafs G. Einarssonar á kjörtímabilinu 1991-1995.

**„Með hliðsjón af athugasemdum Ríkisendurskoðunar … telur stofnunin fullt tilefni til að taka umræddan samning til skoðunar.**

*Kristín Halldórsdóttir, sviðsstjóri hjá Ríkisendurskoðun.*

**- sa / sjá síðu 8**

**FRÉTTABLAÐIÐ 30. SEPTEMBER 2014** Fréttablaðið greindi frá því að einkahlutafélagið Rannsóknir og greining ehf. hafi fengið um 50 milljónir króna frá 2006 frá hinu opinbera án útboðs.



**RÍKISENDURSKOÐUN** Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að nauðsynlegt sé að formbinda samninga og huga að jafnræðisákvæði laga um opinber innkaup.



**ILLUGI GUNNARSSON** Ekki náðist í menntamálaráðherra við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir




Fyrsta skóflustungan að moskunni í Sogamýri tekin við helga athöfn í gær:

# Fórnuðu úlfalda og gefa kjötið

**TRÚMÁL** „Samkvæmt arabískum hefðum verndar blóð úr úlföldum helga staði fyrir óvinveittum öflum,“ segir Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók fyrstu skóflustunguna að mosku Félags múslima í Sogamýri við sólarupprás í gær. Við það tækifæri var fórnað úlfalda sem félagið fékk sérstaka undanþágu til að flytja til landsins.

Auk tólf meðlima úr æðsta ráði Félags múslima voru fulltrúar frá yfirdýralækni og Matvælastofnun viðstaddir athöfnina sem var hátíðleg og látlaus í senn. Ali Hassan Abd al-Majid al-Tikriti, verkstjóri í sláturhúsi Kaupfélags Skagafjarðar, aðstoðaði Sverri við að skera dýrið.

Skepnan er, að sögn Sverris, gjöf frá Salman bin Abdulaziz al Saud, konungi Sádi-Arabíu. Salman hafi einnig borgað fyrir flutninginn og eina og hálfa milljón króna að auki í innflutningsgjöld.

Sverrir segir að samkvæmt venjum við athafnir þar sem jörð sé helguð fyrir bænahús sé kjöt fórnardýrsins gefið út til samfélagsins.

„Fiskikóngurinn á Sogavegi tók góðfúslega að sér fyrir okkur að verka kjötið og mun afhenda þeim sem vilja endurgjaldslaust í dag. Þetta var ungt dýr og kjötið ætti því að vera meyrt. Það hentar auðvitað best í ýmsa austurlenska rétti,“ segir Sverrir Agnarsson.

Fiskikóngurinn opnar klukkan sjö á virkum dögum. **- gar**





**SVERRIR AGNARSSON** Um 250 kíló af kjöti fást af úlfaldanum sem múslimar fórnuðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Við stefnum að farsælum samruna fyrir samfélagið

**Samruni Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja** tryggir hag viðskiptavina sparisjóðsins. Við bjóðum nýja viðskiptavini velkomna og leggjum allt kapp á að samruninn gangi sem best fyrir sig.



*Landsbankinn rekur víðfeðmasta útibúanet landsins.*

***Sýn Landsbankans** er að vera til fyrirmyndar og hlutverk hans er skilgreint sem traustur samherji í fjármálum. Markmiðið er að ávinna bankanum traust og ánægju viðskiptavina og stunda hagkvæman en arðsaman rekstur.*

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins voru Landsbankinn og Sparisjóður Vestmannaeyja sameinaðir þann 29. mars sl. og eru nú öll útibú sparisjóðsins orðin útibú Landsbankans. Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og leggur ríka áherslu á trausta og persónulega þjónustu við viðskiptavini sína.

29. MARS

Landsbankinn hefur lengi haldið úti víðfeðmasta útibúaneti landsins og það er okkur ánægjuefni að bjóða nýja viðskiptavini í Vestmannaeyjum, á Selfossi, Höfn, Djúpavogi og Breiðdalsvík velkomna í hópinn.

Sparisjóður Vestmannaeyja hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir viðskiptavini sína og samfélagið á svæðinu. Landsbankinn tekur nú við þessu hlutverki og mun leggja allt kapp á að samruninn gangi vel fyrir sig.

Reikningar og kort virka líkt og áður sem og netbanki en þegar fram líða stundir verða viðskiptavinir færðir í samsvarandi vörur hjá Landsbankanum. Við hvetjum viðskiptavini til að kynna sér vel góð kjör og persónulega þjónustu Landsbankans.

**Frekari upplýsingar og svör við spurningum má fá í viðskiptaútibúum og á vef Landsbankans, landsbankinn.is.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**7.000** tonn af laxi, tæplega, voru alin við Ísland (árið 2007).

Ríkisstjórnin telur að aðild að AIIB styrki góð samskipti við Asíuríki:

# Ísland stofnaðili að banka í Asíu

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að Ísland óskaði eftir að gerast stofnaðili að nýjum fjárfestingabanka fyrir Asíu (Asian Infrastructure Investment Bank, AIIB) sem er í burðarliðnum. Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að fjölmörg ríki, þar með talin flest Evrópuríki, hafi ákveðið að vinna að undirbúningi stofnunar bankans ásamt ríkjum Asíu og að fyrir liggi að höfuðstöðvar bankans verði í Peking.

Gert er ráð fyrir að heildarstofnfé bankans nemi allt að 100 milljörðum bandaríkjadala.

„Það er mat ríkisstjórnarinnar að aðild að AIIB muni styrkja enn frekar góð samskipti Íslands og Asíuríkja og styðja við nýja vaxtarbrodda á viðskiptasviðinu. Áhugi ríkja heims á því að lána fé til uppbyggingar innviða í Asíu tengist ekki síst sívaxandi alþjóðavæðingu efnahagskerfa veraldar,“ segir í tilkynningunni. - kbg



**STUÐNINGUR** Ekki er búið að ákveða hvert framlag Íslands verður.

Gengið um söguslóðir:

# Söguganga um Hveragerðisbæ

**SAMFÉLAG** Á páskadag býður Hveragerðisbær öllum að upplifa sögu Hveragerðis í léttri gönguferð með Nirði Sigurðssyni sagnfræðingi. Gengið verður um slóðir Hveragerðisskálda, sagðar sögur af þeim og farið með vísur eftir þá.

Sagt verður frá hverunum í Hveragerði og hvernig þeir voru notaðir til atvinnu, matargerðar og jafnvel ruslaeyðingar. Lagt verður af stað frá Sundlauginni Laugaskarði klukkan tvö í ferðina um söguslóðir bæjarins. -ngy

Þvottaefni sögð varasöm:

# Árlega verða 16 þúsund eitranir

**HEILBRIGÐISMÁL** Á hverju ári er tilkynnt um 16 þúsund eitrunarslys vegna þvottaefnahylkja í uppþvottavélar, að því er fram kemur á vef Neytendastofu.

Stofnunin tekur um þessar mundir þátt í átaki á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, til að upplýsa fólk um hvernig öruggast sé að nota og geyma þvottatöflurnar og halda þeim frá börnum. „Hylkin eru lítil og oft með litríkum umbúðum eða jafnvel hylkin sjálf litrík. Því getur það verið freistandi fyrir börn að stinga þeim upp í sig eða leika sér að þeim. Afleiðingarnar geta verið skelfilegar,“ segir á vef Neytendastofu. - óká



**HELLE THORNING SCHMIDT** Hefur ein vald til að ákveða hvenær kosið er.

Stóru flokkarnir jafnir:

# Lítill munur á milli blokkanna

**DANMÖRK** Ef marka má skoðanakannanir í Danmörku er afar mjótt á mununum milli rauðu og bláu blokkanna svokölluðu.

Samkvæmt mælingafyrirtækinu Voxmeter er blá blokk hægriflokkanna með forskot, eða 51,4 prósent, en rauð blokk vinstri manna með 49,7 prósent.

Stóru flokkarnir tveir, Jafnaðarmannaflokkurinn og Venstre, mælast nánast jafn stórir, báðir með um 24 prósent. Ekki er víst hvenær kosningar verða í Danmörku en Helle Thorning Schmidt forsætisráðherra þarf að boða til kosninga í síðasta lagi fyrir 15. september. - srs

# Fleiri nálgunarbannsbeiðnir

**Átak gegn heimilisofbeldi hefur skilað sér í auknum tilkynningum um heimilisofbeldismál. Lögreglustjóri hefur lagt fram fleiri beiðnir um nálgunarbönn gegn ofbeldismönnum frá því að átakið hófst í byrjun árs.**

**OFBELDI** „Við erum klárlega að sjá fleiri mál. Þetta skilar sér líka í aukinni tiltrú almennings á verkefninu, við erum að fá fleiri tilkynningar,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Þann 12. janúar síðastliðinn var sett í gang sameiginlegt átak lögreglu, velferðarsviðs og Barnaverndar gegn heimilisofbeldi og hefur tilkynningum um heimilisofbeldismál fjölgað um helming á mánuði síðan.

Í átakinu fólst að verklagi lögreglu var breytt, aukin áhersla lögð á málin strax í upphafi þegar lögregla er kölluð til. „Við einbeitum okkur að því, tökum myndir á vettvangi, af áverkum, reynum að fá sem réttastan framburð. Rannsakandi kemur á vettvang, auk Barnaverndar og félagsþjónustu. Við erum að grípa fyrr inn í og fylgjum málum betur eftir,“ segir Alda.

Nálgunarbönnum hefur verið beitt í meiri mæli í takt við aukinn fjölda mála að sögn Öldu. Hæstiréttur staðfesti í síðustu viku ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að maður skyldi sæta brottvísun af heimili og nálgunarbanni við eiginkonu sína og son hennar í fjórar vikur. Áður hafði Héraðsdómur Reykjavíkur hafnað kröfu lögreglustjórans.

Alda segir þetta mál ekki vera einsdæmi. Í janúar felldi Hæstiréttur úr gildi þrjá nálgunarbannsúrskurði lögreglustjórans. Alda segir lögregluna hafa lært af þeim málum og rökstyðji nú nálgunarbannsúrskurði betur. Farið hefur verið fram á fleiri nálgunarbannsúrskurði en hefur verið áður síðan átakið fór í gang. „Það kemur sjálfkrafa – þegar við komum af meira afli í málin á fyrri stigum þá höfum við meiri upplýsingar sem gerir okkur kleift að átta okkur betur á málum og málavöxtum. Og getum tekið ákvarðanir um þessar þvingunarráðstafanir. Við erum að rökstyðja málin betur og sögu þeirra sem í hlut eiga. Við erum að vinna málin betur, við erum alltaf að læra og með auknum málafjölda þá eru dómstólar líka að fá aukna þekkingu.“



**FLEIRI MÁL** Síðan átakið hófst hefur verið tilkynnt um fleiri heimilisofbeldismál til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að annasamt hefði verið í Kvennaathvarfinu undanfarið og sagði Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra athvarfsins, að rekja mætti fjöldann til átaksins. Um 20 dvelja þar nú, bæði konur og börn. Hins vegar sé líka aukning hjá þeim sem dvelja þar í skamman tíma og það sé vegna þess að lögregla sé að beita hinni svokölluðu austurrísku leið í meiri mæli, það er þegar ofbeldismaðurinn er fjarlægður af heimilinu, ekki þolandinn.

viktoria@frettabladid.is



> **Við erum að vinna málin betur, við erum alltaf að læra og með auknum málafjölda þá eru dómstólar líka að fá aukna þekkingu.**
>
> *Alda Hrönn Jóhannesdóttir, aðstoðarlögreglustjóri.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 6° | New York | 8° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 5° | Orlando | 28° |
| Basel | 8° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 8° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 21° | París | 11° |
| Billund | 8° | London | 11° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 7° |




**Á MORGUN** 10-16 m/s syðra, annars 5-10.




**FÖSTUDAGUR** 10-18 m/s.

**BREYTINGAR** Eftir nokkra sólríka daga á sunnanverðu landinu verða breytingar á morgun en það snýst í austanátt og þykknar smám saman upp syðra en léttir til um norðan og austanvert landið. Stífur vindur og víða úrkoma á föstudaginn langa.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# FRÁBÆR TILBOÐ!




SPARIÐ 5000 AF SÆNGUM

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:

**24.990**

**KRONBORG STORFJELLET GÆSADÚNSÆNG**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni.
Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C.
Stærðir: 135 x 200 sm. **29.990** nú **24.990**
X- löng: 135 x 220 sm. **34.990** nú **29.990**
Tvíbreið: 200 x 220 sm. **49.990** nú **44.990**
Koddi: 50 x 70 sm. **9.875**
Vnr. 4112550, 4312604

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR




**HØIE EXCLUSIVE SÆNG**
Lúxus thermosæng sem má þvo við 60°C. Mjúkt og þægilegt áklæði.
Sængin er saumuð saman úr 2 sængum þannig að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. 2 x 700 gr.
Stærð: 140 x 200 sm. **14.990** nú **12.990**
2 x 770 gr. Stærð: 140 x 220 sm.
**16.990** nú **14.990**
2050 gr. Stærð: 200 x 220 sm.
**26.990** nú **24.990**
Koddi: 50 x 70 sm. **6.895**
Vnr. 4207304, 4007350

SPARIÐ 2000 AF SÆNGUM

NÚ VERÐ FRÁ:

**12.990**



ALLT AÐ 33% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:

**7.995**

**HOME HILLUR**
Vegghilla **9.995** nú **7.995**
Hornhilla **14.950** nú **9.995**
Vnr. HZ1101100, HZ1101110




35% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.947

**2.565**

**ULRIKKE SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómull. Lokað með tölum.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Vnr. 1279880



SPARIÐ 1000

FULLT VERÐ: 4.995

**3.995**

**FROZEN OG TURTLES SPORTSKÓR**
Fást í stærðum: 22-32.
Vnr. RL-TURTLES, RL-FROZEN



SPARIÐ ALLT AÐ 15.000

STÓLL FULLT VERÐ: 8.887

**7.887**

**SILKEBORG HÚSGAGNALÍNA**
Glæsilegt borð úr gegnheilli og spónlagðri eik.
Borðin eru olíuborin sem gerir það verkum að hin náttúrulega áferð viðarins nýtur sín betur.
Borð: B90 x L160 x H75 sm.
Fullt verð **39.471** nú **29.471**
Borð: B100 x L200 x H75 sm.
Fullt verð **54.291** nú **39.291**
Stóll: **8.887** nú **7.887**
Vnr. 3656157, 3656158, 3659700

BORÐ VERÐ NÚ FRÁ:

**29.471**



SPARIÐ 1000

NÚ VERÐ FRÁ:

**6.995**

**KURU ÚLPUR**
Ný sending af flottum og vönduðum úlpum í barna- og fullorðinsstærðum. Barnastærðir í coral og svörtum lit. Stærðir: 116-164 sm. **7.995** nú **6.995**
Dömustærðir í coral og svarbláum lit.
Stærðir: 36-46 **8.995** nú **7.995**
Herrastærðir í svörtum lit. Stærðir: S-XXXL **8.995** nú **7.995**
Vnr. RL-FREJA, RL-THOR, RL-DAM

**ROYAL DREAM DÝNA**
Góð, miðlungsstíf dýna með MEMORY FOAM í efsta lagi. Stærð: 140 x 200 sm.
Vnr. 8880000704

Mjúk / Meðalstíf / Stíf – Stífleiki | Memory svampur | Svæðaskipt | Pokagormar




140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 128.450

**88.450**

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 01.04 - 02.04**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hve margar konur eru sendiherrar á vegum íslensku utanríkisþjónustunnar?
**2.** Hve margar gistinætur voru seldar hér á landi árið 2014?
**3.** Hvað heitir formaður BHM?

**SVÖR:** **1.** Ein kona. **2.** 5,5 milljónir **3.** Páll Halldórsson

Framhaldsskólakennarar landa nýjum kjarasamningi við ríkið eftir að hafa fellt samning í febrúar:

# Nýr samningur fer beina leið í kynningu

**KJARAMÁL** Framhaldsskólakennarar skrifa nú í morgunsárið undir nýjan kjarasamning við ríkið hjá Ríkissáttasemjara.

Til stóð að skrifa undir síðdegis í gær, en Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að því hafi verið frestað til þess að ganga frá öllum smáatriðum. „En það er búið að ganga frá þessu og við stefnum að undirskrift, svona með eðlilegum fyrirvörum. Það er ekki búið að skrifa undir fyrr en skrifað hefur verið undir.“ Samningar framhaldsskólakennara urðu lausir í febrúar þegar hafnað var, í atkvæðagreiðslu, nýju vinnumati sem var forsenda þess að umsamdar launahækkanir því tengdu gengju eftir. Guðríður segir of snemmt að tjá sig um innihald nýja samningsins.

„En um leið og búið er að skrifa undir sendi ég félagsmönnum þau gögn. Kennarar fá sent rafrænt kynningarefni fyrir páska og svo höldum við eftir páskahelgina tvo kynningarfundi. Síðan verður farið í atkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er. Við viljum hafa hraðar hendur,“ segir Guðríður. - óká



**Við viljum hafa hraðar hendur.**

*Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.*



**ÚR VERKFALLSMIÐSTÖÐ** Framhaldsskólakennarar fóru í verkfall í fyrravor, en lönduðu samningi í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FERSKT** Kælingin er lykilatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjórföldun í útflutningi:

## 34.000 tonn út af ferskum fiski

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningur á ferskum flökum og flakabitum hefur fjórfaldast á síðustu 10 til 20 árum í tonnum talið. Frá 1997 hefur útflutningur þessara afurða farið úr 9.000 tonnum í tæp 34.000 tonn árið 2013. Matís greinir frá og segir að þessi þróun hafi verið hvött áfram af áhugasömum hagaðilum og rannsókna- og þróunarvinnu, t.d. af Tækniþróunarsjóði Rannís og AVS.

Árið 2000 voru flutt út rúm 500 tonn af ferskum flökum með skipum en nú er þessi tala fyrir 2013 ríflega 15.000 tonn, eða rétt tæpur helmingur útflutningsins. - shá

Telja aðstæður góðar:

## Bjartsýni fer minnkandi

**EFNAHAGSMÁL** Mun fleiri stjórnendur telja að núverandi aðstæður í atvinnulífinu séu góðar en að þær séu slæmar, en flestir telja þær hvorki góðar né slæmar. Væntingar um að þær fari batnandi eru minni en áður. Þetta eru niðurstöður könnunar Samtaka atvinnulífsins og Seðlabankans á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja landsins.

Nægt framboð er af starfsfólki en helst skortir það í flutningum og ferðaþjónustu og byggingastarfsemi. Stjórnendur gera ráð fyrir lítils háttar fjölgun starfsmanna næstu sex mánuði. - fbj

# Ekki sammála umsögn Sambands sveitarfélaga

Tveir stjórnarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga settu fyrirvara við umsögn sambandsins um lagafrumvarp sem heimilar ráðherrum að ákveða staðsetningu ríkisstofnana. Telja vald ráðherra of mikið.

Tveir stjórnarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru ósammála umsögn sambandsins um lagafrumvarp sem heimilar ráðherrum að ákveða staðsetningu ríkisstofnana án atbeina Alþingis.

Borgarfulltrúinn S. Björn Blöndal og bæjarfulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn sambandsins, Gunnar Axel Axelsson, settu fyrirvara við umsögnina á síðasta stjórnarfundi sambandsins. Eru þeir ósammála umsögninni sem undirrituð er af Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra sambandsins.

Í umsögninni telur sambandið nauðsynlegt að lögfesta heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana enda mikilvægt að svigrúm sé til flutnings opinberra starfa á landsbyggðirnar þar sem rök eru á annað borð talin standa til þess. Gerir sambandið því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þessu eru fulltrúar Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ekki sammála. Nýlegt dæmi um flutning Fiskistofu sýni að vald ráðherra í þessum efnum sé of mikið.

„Við settum fyrirvara við þessa umsögn. Við teljum ekki rétt að ráðherra geti einn síns liðs ákveðið að flytja stofnun sem undir hann heyrir án þess að leita til Alþingis með ákvörðun sína. Við teljum það mikilvægt að upplýst umræða um staðsetningu, og eftir því sem við á, flutning stofnana eigi sér stað innan sala Alþingis frammi fyrir opnum tjöldum,“ segir S. Björn Blöndal. „Í því samhengi bendum við á ákvörðun sjávarútvegsráðherra um flutning Fiskistofu.“

Gunnar Axel segir þessa umsögn ganga of langt að sínu mati. „Rökstuðningur sambandsins er á þá leið að þetta sé í samræmi við samþykkta stefnumörkun þess sem sé að stuðla að vexti opinberra starfa um allt land. Ég tel of langt gengið í túlkun á þeirri stefnumörkun,“ segir Gunnar Axel. „Ef menn hafa ekkert að óttast þá ættu svona ákvarðanir, sem eru gríðarlega stórar og varða fjölda einstaklinga, að fara fyrir Alþingi og löggjafarvaldið að taka ákvörðun um þessi mál. Menn verða að átta sig á því að það er stórkostlegt inngrip í stjórnsýsluna að flytja stofnun með manni og mús landshorna á milli.“

Ellefu sveitarstjórnarfulltrúar sitja í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fimm þeirra eru af höfuðborgarsvæðinu en sex stjórnarmenn utan af landi.

sveinn@frettabladid.is




**FISKISTOFA** Benda stjórnarmenninir á að flutningur Fiskistofu hafi ekki verið nægilega ígrundaður og það sé stórmál að flytja stofnanir landshorna á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Ef menn hafa ekkert að óttast þá ættu svona ákvarðanir [...] að fara fyrir Alþingi...**

*Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði*



**Við teljum ekki rétt að ráðherra geti einn síns liðs ákveðið að flytja stofnun sem undir hann heyrir...**

*Björn Blöndal, borgarfulltrúi í Reykjavík*






Hópur fólks telur reglur um dýrahald í félagslegum íbúðum of strangar:

# Rangt að úthýsa gæludýrunum

**SAMFÉLAGSMÁL** „Mér finnst Félagsþjónustan voða lítið leyfa fólki að ráða hvort það vilji gæludýr inn í íbúðir sínar og mér finnst það bara alrangt að banna það,“ segir Ólafía Ingibjörg Sverrisdóttir sem leigir hjá Félagsþjónustu Reykjanesbæjar.

Ólafía stofnaði í fyrradag Facebook-hóp til að kalla saman þá sem vilja berjast gegn reglum sem takmarka dýrahald í félagslegum íbúðum. Hún átti áður kött sem hún mátti ekki taka með sér í íbúðina sína vegna reglnanna. Hún segir að margir aðrir séu ósáttir með þær. Ólafía bendir á að margir sem glíma við andleg veikindi hafi gott af því að umgangast gæludýr og að margir þeirra hafi gert það í mörg ár og því sé það óréttlátt að þeir geti ekki haldið gæludýr lengur.

Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, segir að reglur um gæludýrahald séu ekki nýjar af nálinni en samkvæmt reglum um íbúðir hjá Brynju hússjóði er gæludýrahald óleyfilegt. Sömu sögu er að segja með félagslegt húsnæði í Reykjavík, Reykjanesbæ og fleiri sveitarfélögum.

„Við höfum fengið margar kvartanir frá fólki sem finnur fyrir ofnæmisviðbrögðum,“ segir Björn. „Við höfum verið að árétta þessar reglur. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að aðrir leigjendur hafa líka ákveðin réttindi,“ segir Björn. - srs



**HUNDAR** Reglur um dýrahald hefur lengi verið við lýði. GETTY IMAGES


PÁSKAÆVINTÝRI
STORMUR STAURFÓTUR
HEFUR FANGAÐ SKOTTA!
Bjargaðu Skotta – finndu leynikóðann í páskaegginu þínu frá Freyju
og eigðu möguleika á
ÆVINTÝRALEGUM VINNINGUM
á FREYJUHEIMUR.IS
x5 PLAYSTATION 4
x4 GO PRO MYNDAVÉLAR
x5 REIÐHJÓL
x5 BEATS HEYRNARTÓL
HERO4
Finndu Freyjuheim á Facebook!
Aukavinningar dregnir út
fram að páskum.
Rísegg
Draumaegg
FREYJUHEIMUR.IS
FREYJA
3564-FRE – VERT.IS

Umdeild lagasetning veitir fyrirtækjum heimild til að mismuna fólki:

# Ríkisstjórinn lofar breytingum

**BANDARÍKIN** Mike Pence, ríkisstjóri í Indiana, lofar að breytingar verði gerðar á nýsamþykktum lögum, sem sögð eru heimila fyrirtækjum að mismuna fólki á trúarlegum forsendum. Lög um „endurreisn trúfrelsis“ eiga að taka gildi 1. júlí. Samtök samkynhneigðra og transfólks hafa harðlega gagnrýnt þessi lög og segja þau heimila til dæmis veitingahúsum eða blómabúðum að neita að afgreiða samkynhneigða ef það samrýmist ekki trú þeirra.

Pence ríkisstjóri segir þessi lög mikilvæg, en vill ekki skilja þau þannig að þau veiti heimild til mismununar. Hann hefur því boðað frumvarp sem á bæði að lagfæra lögin og gera þau skýrari.

Samkvæmt lögunum verður fyrirtækjum og samtökum heimilt að sýna trú sína í verki án afskipta hins opinbera. Sambærileg lög eru í gildi í um tuttugu ríkjum Bandaríkjanna, en hvergi er gengið jafn langt og í Indiana.

- gb



**LÖGUNUM MÓTMÆLT** Samtök samkynhneigðra segja lögin ýta undir mismunun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Undrast 200% hærra gjald á makrílkílóið

Framkvæmdastjóri SFS telur vel í lagt að hækka veiðigjald á makríl um 200%. Sex ára úthlutun og viðbótargjald á makríl sé stórt frávik frá fyrri hugsun um rekstrarumhverfi sjávarútvegsins. Enn hitti gjaldtaka minni fyrirtæki illa fyrir.

**SJÁVARÚTVEGUR** Margt í nýjum frumvörpum Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld kemur á óvart og sumt stenst illa skoðun, segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Veiðigjald á makríl hækkar um nærri 200% sem kemur sér illa fyrir fyrirtæki sem hafa stundað þær veiðar, og sérstaklega kunni þetta að hitta minni fyrirtæki illa fyrir. Jákvætt er þó að kostnaður er tekinn til greina en ekki aðeins aflaverðmæti við að finna afkomustuðla við útreikning á almenna veiðigjaldinu.

Kolbeinn segir að í sínum huga sé tímabundin sex ára úthlutun og viðbótargjald á hvert makrílkíló, 10 krónur, kannski stærsta fréttin. Einfaldlega vegna þess að um svo stórt frávik sé að ræða í fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi sjávarútvegsins, sem löngum hefur verið leiðarljósið í umræðunni og hvetji til ábyrgrar nýtingar, fjárfestinga og verðmætasköpunar. „Nú er komið nýtt sex ára tímabil sem er mjög á skjön við þessa hugsun,“ segir Kolbeinn.

Með þessari hugmynd sé ljóst að veiðigjald á makrílkílóið slái yfir 18 krónur, en á markaði fást 50 til 70 krónur fyrir kíló af makríl, svo það hlutfall sé æði hátt. Eins sé talað um að 5% af makrílkvótanum gangi til þeirra sem telja sig frumkvöðla í manneldisvinnslu. Kolbeinn segir ekki gott að átta sig á um hverja sé talað þar sem þetta sé frávik frá grundvallarreglunni um veiðireynslu.

Sigurður Ingi segist í fjölmiðlum vera að bregðast við áliti umboðsmanns Alþingis um að hlutdeildarsetja beri makrílinn. Frumvarpið gengur hins vegar þvert á þær úthlutunarreglur sem hafa verið í gildi hingað til hvað varðar veiðireynsluna, segir Kolbeinn.



**MILLJARÐAR Í FROSTI** Sérstök gjaldtaka af makríl vekur undrun. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Tíu krónu „inntökugjald“ á makrílinn

Sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvarp um veiðigjald og sérfrumvarp um veiðigjald á makríl á mánudagskvöld, og voru þau afgreidd úr ríkisstjórn. Veiðigjaldið hækkar um ríflega milljarð á ári frá því sem nú er, og nær til næstu þriggja ára. Í makrílfrumvarpinu er lagt til viðbótarveiðigjald að fjárhæð 10 krónur á kíló. Gjaldið á að innheimtast í sex ár og er kallað „inntökugjald“ fyrir að kvótasetja tegundina. Samanlagt skila veiðigjöld því ríkissjóði 12,4 milljörðum á ári verði þau að lögum.

Hvað varðar almenna veiðigjaldið telur Kolbeinn eitt og annað jákvætt, t.d. að miðað er við landaðan afla og gjaldið því innheimt jafn óðum en ekki fyrirfram.

„Gallinn er hins vegar sá að tölur Hagstofunnar eru enn þá notaðar til útreiknings, en þau gögn eru ekki ætluð til skattlagningar enda eru þau ónákvæm í besta falli,“ segir Kolbeinn og telur vafasamt að gjaldið hækki á milli ára þegar framlegð er á niðurleið.

svavar@frettabladid.is



„Nú er komið nýtt sex ára tímabil sem er mjög á skjön við þessa hugsun.

*Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri SFS.*

Formaður atvinnuveganefndar vill veiðigjaldafrumvörp á dagskrá sem fyrst:

# Þurfum tíma í jafn flókin mál

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar, vonar að veiðigjaldafrumvörpin verði með fyrstu málum sem koma á dagskrá þingsins eftir páska – málið sé einfaldlega það stórt að engan tíma megi missa. Ljóst sé að þegar umsagnarferlinu lýkur komi það fyrst til kasta nefndarinnar sem gæti þá orðið undir lok apríl.

„Ég hefði kosið að hafa rýmri tíma fyrir mál sem eru í augljósum ágreiningi, en það er ekkert annað í boði,“ segir Jón.

Inntur eftir fréttaflutningi um málið, segir Jón það ofmat að túlka orð hans svo að honum finnist veiðigjöldin allt of há.



**JÓN GUNNARSSON**

„Kannski hafa svör mín verið loðin, en enginn áfellisdómur á hugmyndunum sem í frumvörpunum birtast felst í því. Málið er einfaldlega þannig vaxið að við eigum eftir að fara í alla vinnuna í þessu. Þetta hefur fengið takmarkaða kynningu á vettvangi stjórnarflokkana, og það á við um mig sem aðra, svo við höfum fengið takmarkaðan tíma til að rýna í þetta og gera okkur grein fyrir hvernig þetta liggur,“ segir Jón og bætir við að í viðtölum sínum við sjómenn úti um land hafi hann heyrt það sjónarmið að hækkað veiðigjald kæmi þeim illa. Eins séu vondar fréttir af mörkuðum, ekki síst í Rússlandi, okkar helsta kaupanda makrílafurða. „Það eru svo mörg sjónarmið í þessu að það er vont að hafa svo lítinn tíma sem raun ber vitni.“

- shá





Stærsti sólstrandarstaður Marokkó

Agadir er einn af þessum einstöku áfangastöðum sem maður verður að upplifa. Agadir er fyrst og fremst áfangastaður sóldýrkenda og aðalaðdráttaraflið er auðvitað hin breiða og framúrskarandi hreina gullna strönd. Hingað kemur fólk til að njóta sólarinnar og skyggnast inn í einstaka menningu þessarar yndislegu og stoltu þjóðar. Ekki þarf að fara langt til þess að upplifa menningu heimamanna, sem gjarnan er gjörólík því sem við þekkjum. Agadir er staður andstæðna þar sem víst er að ferðamaðurinn mun upplifa eitthvað nýtt og áður óþekkt.

Royal Atlas ★★★★+

Frábært verð
Frá kr. 156.900 m/morgunmat
Netverð á mann frá kr. 156.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 185.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



Iberostar Founty Bay ★★★★

Frábært verð
Frá kr. 156.900 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 156.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 208.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.



Kenzi Europa ★★★★

Frábært verð
Frá kr. 119.900 m/hálfu fæði
Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.




Best Western Odyssee ★★★★

Frábært verð
Frá kr. 113.900 m/hálfu fæði
Netverð á mann frá kr. 113.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 125.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.




ENNEMM / SIA • NM68138 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir










AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur: 10.00 – 21.00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10.00 – 21.00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10.00 – 21.00

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Saurgerlar finnast í 6,5% sýna neysluvatns hjá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri:

# Vatnsgæði lökust fyrir austan og vestan

**HEILBRIGÐISMÁL** Saurgerlar finnast í 6,5% sýna frá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri. Í nýrri skýrslu Matvælastofnunar um gæði neysluvatns er lagt til að áhættuþættir séu metnir í nágrenni vatnsbóla, svo sem nálægð við rotþrær, hauga og olíutanka.

Efnafræðilegt ástand neysluvatns á Íslandi er almennt mjög gott og sjaldgæft að óæskileg efni séu yfir leyfðu hámarksgildi. Meginhluti efnagreininga hefur verið gerður á vatni sem veitt er af vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum og hafa 99,7% þeirra sýna uppfyllt kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar.

Hins vegar greindist E.coli í 6,5% sýna frá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri. Lakast var ástandið á Austurlandi og Vestfjörðum, þar sem sagt er erfiðara að nálgast grunnvatn en í öðrum landshlutum.

Í skýrslunni er munur á gæðum stærri og minni vatnsveitna skýrður af miklum fjölda lítilla einkaveitna til sveita, þar sem frágangi vatnsbóla er enn ábótavant. Skýrsluhöfundar, María J. Gunnarsdóttir og Sigurður Magnús Garðarsson hjá Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands, mælast til þess að leitað sé leiða til úrbóta og að við úrvinnslu gagna sé bætt við mati á áhættuþáttum í nágrenni vatnsbóla, s.s. nálægð við mengunaruppsprettur á borð við rotþrær, hauga og olíutanka.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**FRÁGANGI ÁBÓTAVANT** Munur á gæðum stærri og minni vatnsveitna skýrist af miklum fjölda lítilla einkaveitna til sveita, þar sem frágangi vatnsbóla er enn ábótavant.

# Jemen sagt að hruni komið

Ástandið í Jemen hefur hríðversnað undanfarnar vikur. Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna fordæmir árásir á almenna borgara og segir landið á barmi algers hruns. Borgarastyrjöldin styrkir stöðu öfgahópa.



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

**JEMEN** Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna segir ástandið í Jemen hafa hríðversnað undanfarna mánuði, eða allt frá því Abd Rammo Mansúr Hadi forseti hraktist frá höfuðborginni 22. janúar síðastliðinn.

Hann skorar á alla aðila átakanna að sjá til þess að almennir borgarar njóti verndar og fordæmir sérstaklega árásir á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir.

„Heimili, sjúkrahús, menntastofnanir og innviðir hafa verið eyðilögð á ýmsum stöðum, og gert lífið enn erfiðara fyrir fólk í þessu stríðshrjáða landi," segir Zeid Ra'ad Al Hussein, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær.

„Ástandið í Jemen er sérlega skelfilegt orðið, þar sem tugir almennra borgara hafa verið drepnir á síðustu fjórum dögum. Landið virðist á barmi algers hruns," segir hann.

Á mánudaginn voru gerðar loftárásir á Al Mazrak-flóttamannabúðirnar í Harad. Þar létust að minnsta kosti 19 manns, en líklega þó fleiri.

Í lok síðustu viku hófu Sádi-Arabar, með stuðningi nokkurra annarra ríkja, loftárásir á uppreisnarmenn húta, sem í september síðastliðnum náðu á sitt vald höfuðborginni Sana. Forsetinn Hadi flúði þá höfuðborgina.

Stjórnarher landsins er klofinn í afstöðu til uppreisnarinnar. Sumir hermenn styðja húta en aðrir styðja forsetann. Átökin eru samt enn flóknari því bæði uppreisnarmennirnir og stuðningsmenn forsetans hafa átt í átökum við liðsmenn Al Kaída, sem hafa staðið fyrir fjölda árása á fólk í landinu. Þá hafa vígasveitir Íslamska ríkisins, sem hrellt hafa íbúa í Sýrlandi og Írak, einnig hreiðrað um sig í Jemen í vetur og sprengdu tvær moskur í Sana fyrr í þessum mánuði, með þeim afleiðingum að nærri 140 manns létu lífið og hundruð manna særðust.

Óttast er að borgarastyrjöldin styrki stöðu samtaka á borð við Al Kaída og Íslamska ríkið. Fréttaskýrendur segja átökin í Jemen auk þess hæglega geta snúist upp í stríð milli Sádi-Arabíu og Írans, þar sem Íranar styðja húta en Sádi-Arabar stjórnina.

Í suðurhluta landsins eru síðan enn önnur samtök, Al Hirak, sem berjast fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis í Suður-Jemen.

Suður-Jemen var sjálfstætt ríki með kommúnistastjórn á árunum 1970 til 1990, og naut stuðnings Sovétríkjanna meðan þau voru til. Eftir það sameinuðust Suður- og Norður-Jemen í eitt ríki.



**ÍBÚARNIR FORÐA SÉR** Í höfuðborginni Sana pakkar fólk saman og fer með búslóð sína burt. NORDICPHOTOS/AFP

## HÚTAR Í UPPREISN

Hútar eru kenndir við stofnanda hreyfingarinnar, Hússein Badreddin al Hútí, sem féll í átökum við stjórnarherinn árið 2004. Stjórnin hafði lagt fé til höfuðs honum.

Bróðir hans, Abdul Malik al Hútí, tók við forystunni ásamt tveimur öðrum bræðrum þeirra. Talið er að hútar hafi yfir hundrað þúsund manna herliði að ráða.

Hreyfingin var stofnuð árið 1992 en hóf uppreisn gegn stjórn Jemens árið 2004. Sú uppreisn hefur staðið óslitið síðan.

Ræturnar að ólgunni í Jemen má rekja til ársins 1962 þegar stjórn sjíamúslima var steypt af stóli í Jemen eftir að hafa stjórnað þar öldum saman. Borgarastyrjöld hefur brotist þar út reglulega allar götur síðan, og hafa þar tekist á ýmsir þjóðflokkar og samtök.

Hútar tóku ríkan þátt í mótmælum gegn Ali Abdúllah Saleh forseta á tímum „arabíska vorsins" árið 2011. Hann hrökklaðist frá völdum árið 2012.

Hútar héldu samt áfram uppreisn sinni og náðu Sana, höfuðborg landsins, á sitt vald síðastliðið haust og steyptu stjórninni.

Sádi-Arabía hefur áður gripið inn í átökin í Jemen. Árið 2009 gerðu Sádi-Arabar loftárásir á húta og sendu hersveitir til að berjast við þá beggja vegna landamæranna. Hútar höfðu þá náð nokkru svæði handan landamæranna í Sádi-Arabí á sitt vald.

Jemen er þriðja stærsta landið í Mið-Austurlöndum, næst á eftir Sádi-Arabíu og Íran, og jafnframt eitt af fjölmennari ríkjum heimshlutans með um það bil 25 milljónir íbúa.

## FJÖLSKYLDUFÓLK FLÝR ÁTÖKIN

Hundruð manna hafa flúið heimili sín vegna átakanna í Jemen, þar sem loftárásir undir forystu Sádi-Araba hafa nú þegar kostað tugi almennra borgara lífið.




| FRAMVINDAN UNDANFARIÐ |
|---|
| 1 Al Mazraq: Tugir almennra borgara fórust í loftárás á flóttamannabúðir |
| 2 Sanaa: Miklar sprengingar í vopnageymslu hersins skammt frá höfuðborginni |
| 3 Aden: Loftárásir á uppreisnarsveitir Húta í síðasta höfuðvígi forsetans Abrdrabbuh Mansúr Hadí. Hútar höfðu þar stuðning liðsmanna úr stjórnarhernum, sem studdu fyrrverandi forseta, Ali Abdúllah Saleh |
| 4 Sádi-Arabía: 150 þúsund manna herlið bíður útkalls til að berjast við Húta |

| ÚTLENDINGAR Í JEMEN |
|---|
| Kínverjar: Nærri 600 hafa farið til Djíbútí og bíða þar flutnings heim til Kína |
| Indverjar: Indland sendir fimm skip og fjórar þotur til að flytja heim um 4.000 Indverja. Yfir helmingur þeirra er hjúkrunarfræðingar |
| Pakistanar: Meira en 500 eru farnir heim en talið er að um 2.500 séu enn í Jemen |
| Egyptar: Allt að 7.000 verkamenn eru í Jemen, þar af 500 kvæntir jemenskum konum |
| Sri Lanka: 120 bíða brottflutnings til Óman |

Heimild: Fréttaveitur © GRAPHIC NEWS


ASA HÁLSMEN
19.300 kr.
ASA HRINGUR
13.400 kr.
ASA LOKKAR
7.800 kr.

Fallegar fermingargjafir


FOSSIL
36.700 kr.


JACQUES LEMANS
19.900 kr.


CASIO
5.700 kr.


Daniel Wellington
24.500 kr.

Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
Sími 511 1900 - www.michelsen.is

DEBENHAMS

# VOR ÚTSALAN

## ENN MEIRI LÆKKUN

Allt að

# 70%

AFSLÁTTUR

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið til kl. 19:00 í dag**
**Opið 13:00 - 18:00 á morgun, skírdag**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Slys í fiskvinnslu:

## „Léleg laun heilsufarsvandi“

**VINNUMARKAÐUR** Stéttarfélagið Framsýn í Þingeyjarsýslum lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar vinnuslysa í fiskvinnslu á Íslandi.

„Fólk í fiskvinnslu er ekki varið nægilega. Þarna er verið að reyna að ná sem mestu út úr fólkinu á lægstu launum,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar. „Þetta er grafalvarlegt mál og menn eiga að sjá sóma sinn í að taka samantekt Vinnueftirlitsins alvarlega.“ - sa

Muhammadu Buhari, fyrrverandi einræðisherra, vann sigur í forsetakosningum Nígeríu:

# Goodluck Jonathan viðurkennir ósigur

**NÍGERÍA** Stjórnarandstæðingurinn Muhammadu Buhari tryggði sér sigur í forsetakosningunum í Nígeríu, sem haldnar voru um helgina. Núverandi forseti, Goodluck Jonathan, viðurkenndi ósigur sinn og óskaði Buhari til hamingju.

Stuðningsmenn beggja höfðu haft á lofti gagnkvæmar ásakanir um kosningasvindl, en virtust í gær ætla að sættast á niðurstöðurnar. Óttast var að sá, sem færri atkvæði fengi, myndi ekki fallast á niðurstöðuna.

„Menn óttuðust alltaf að hann myndi ekki vilja viðurkenna ósigur, en fyrir þetta verður hann hetja. Það mun draga hratt úr spennunni,“ segði talsmaður Buhari við fjölmiðla í gær.

Kjörstjórn í landinu skýrði í gær frá því að Buhari hefði fengið meira en 25 prósent atkvæða í 24 fylkjum, og þar með þurfi ekki að halda seinni umferð forsetakosninganna.

Til að vinna sigur þurfti Buhari bæði að fá meira en 50 prósent atkvæða á landsvísu og að minnsta kosti fjórðung atkvæða í tveimur af hverjum þremur fylkjum landsins.

Buhari er fyrrverandi herforingi og einræðisherra. Jonathan, núverandi forseti, vann nauman sigur á honum í síðustu kosningum og brutust þá út miklar óeirðir. - gb



**FÖGNUÐUR** Stuðningsfólk Buhari fagnar sigri. NORDICPHOTOS/AFP




# Ný lög um almannatryggingar verða dýr

**Vinna þingnefndar um heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins er langt komin. Nýtt kerfi verður mjög breytt. Vinda á ofan af óréttlæti sem til varð við upptöku framfærsluuppbótar. Starfsgetumat og endurhæfing í stað örorkumats.**

**ALÞINGI** Starf þingnefndar sem vinnur að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins er langt komin. Pétur H. Blöndal, formaður nefndarinnar, segir smáhlé hafa orðið á störfum hennar, en vinna haldi áfram á vettvangi hennar eftir páska.

Pétur segist hins vegar ekki treysta sér til að lofa því að lög um nýtt almannatryggingakerfi verði tekið til umræðu núna á vorþinginu. „Þetta er ansi viðamikið verk og mikill kostnaður sem fylgir þessu.“ Núna sitji tryggingastærðfræðingur við að reikna út kostnaðinn sem fylgi þeim breytingum sem fyrirséð sé að nefndin leggi til.

Meginkostnaðurinn fylgi hins vegar öðrum þáttum en snúi til dæmis að Virk starfsendurhæfingarsjóði og slíkum úrræðum. „Í heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins eru margir þættir. Eitt er til dæmis veruleg einföldun kerfisins,“ segir Pétur.

Þannig þurfi til dæmis að endurskoða vinnulag í kring um framfærsluuppbót sem tekin var inn í kerfið 2008 rétt fyrir hrun og svo lagfærð í lögunum 2009. Við breytinguna hafi tekjur þeirra sem lægstar höfðu bæturnar batnað um allt að fimmtung, en á móti hafi svo komið skerðing á tekjum þeirra sem voru betur settir og nutu einnig annarra lífeyrisgreiðslna. Þarna hafi orðið til mikil óánægja.

„En niðurstaða nefndarinnar er að lífeyrisþegar hafi farið allra hópa best í gegn um hrunið, þrátt fyrir að umræðan sé einhver allt, allt önnur. En um leið skekkti framfærsluuppbótin allt kerfið og gerði það mjög óréttlátt.“ Því fylgi mikill kostnaður að vinda ofan af þessu.

Þá segir Pétur vinnu nefndarinnar miða að því að horfið verði frá kerfi örorkumats og tekið upp starfsgetumat í staðinn. „En forsenda fyrir því er að yfirleitt sé hægt að endurhæfa fólk.“ Þar sé hins vegar til mikils að vinna eins og komið hafi fram í tölum um fjölgun fólks sem þiggur örorkubætur. Þannig hafa forsvarsmenn Virk og samtaka á vinnumarkaði bent á að árlega hverfi nú 12 til 15 hundruð manns af vinnumarkaði vegna örorku. Það séu fleiri en nemi náttúrulegri fjölgun á vinnumarkaði.

Pétur segir nefndina sem hann stýrir vera þriðju þingnefndina sem fjallar um starfsgetumatið. Um sé að ræða þverpólitíska nefnd sem ætlað sé að finna lausnir áður en lagt verður í gerð frumvarps. „En það er búið að vinna ansi mikið í þá veru.“ olikr@frettabladid.is



**FRÁ STARFAMESSU 2012** Fleiri heltast úr lestinni vegna örorku á vinnumarkaði en bætast við. Nýju almannatryggingakerfi er ætlað að vinna á móti þróuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Áherslurnar aðrar í starfsgetumati

Í kynningu velferðarráðuneytisins frá 2012 á hugmyndum sem þá voru uppi um endurskoðun á lögum um almannatryggingar kemur fram að þegar starfsgetumat kemur í stað örorkumats sé lögð áhersla á getu fólks til að vinna fremur en vangetu. Þá segir á vef Virk starfsendurhæfingarsjóðs að starfsgetumat sé heildrænt mat sem meti færni einstaklingsins út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum til að taka virkan þátt í samfélaginu. „Það metur styrkleika og hindranir einstaklingsins með tilliti til atvinnuþátttöku og getu hans til að afla sér tekna.“ Lögð sé áhersla á að virkja einstaklinginn, bjóða honum fljótt einstaklingsmiðaða endurhæfingu og fjarlægja vinnuletjandi farartálma. „Litið er á starfsgetumat sem eitt órofa ferli mats annars vegar og virkniaukandi aðgerða og/eða starfsendurhæfingar og meðferðar hins vegar.“

Landsvirkjun og PCC BakkiSilicon hf. undirrita nýjan rafmagnssamning:

# Hafa rift fyrri orkusamningi

**ORKUMÁL** Landsvirkjun og PCC BakkiSilicon hf. hafa undirritað nýjan samning um sölu rafmagns til kísilmálmverksmiðju, sem PCC BakkiSilicon hf. áformar að reisa á Bakka við Húsavík.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi á árinu 2017 og noti 58 MW af afli.

Nýi rafmagnssamningurinn er efnislega svipaður og fyrri rafmagnssamningur félaganna frá árinu 2014 en með nokkrum frávikum þó. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ákvað í desember síðastliðnum að hefja skoðun á fyrri rafmagnssamningi aðila frá 2014. Þeim rafmagnssamningi hafa samningsaðilar sameiginlega rift enda ýmis skilyrði samningsins óuppfyllt og tímaákvæði hans ekki lengur raunhæf. Fyrri samningur aðila frá 2014 er því ekki lengur til staðar sem gildur samningur. Nýi rafmagnssamningurinn var tilkynntur til ESA í gær.

Samningurinn er undirritaður með ákveðnum en tiltölulega fáum fyrirvörum sem uppfylla þarf fyrir mitt sumar, þ.m.t. lok samninga við aðra aðila og að ESA geri ekki athugasemdir við efni samningsins. - shá



**BAKKI VIÐ HÚSAVÍK** Hér rís 36.000 tonna kísilmálmverksmiðja PCC. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Neytendastofa mun meta hvort tilefni sé til athugunar á viðskiptaháttum vegna vefsíðunnar gjaldþrotaskipti.is:

# Orðalag á vefsíðu um gjaldþrot talið rangt og villandi

**NEYTENDUR** „Þeir virðast hafa dregið þetta til baka hálfa leið í stað þess að breyta villandi og röngu orðalagi alveg,“ segir Guðmundur Ásgeirsson, lögfræðinemi og erindreki hjá Hagsmunasamtökum heimilanna, um orðalag á vefsíðunni gjaldþrotaskipti.is. Síðan auglýsir meðal annars aðstoð vegna gjaldþrotaskipta.

Í kjölfar frumkvæðisathugunar Neytendastofu í desember var orðalagi á síðunni breytt. Athugunin var gerð vegna kvörtunar frá Hagsmunasamtökum heimilanna sem sneri að því að gefnar væru upp rangar og villandi upplýsingar. Fullyrt var að um síðustu áramót myndu lög um fyrningarfrest við gjaldþrot breytast, en fyrir þeirri fullyrðingu var enginn fótur þar sem forsætisráðherra tók það fram í stefnuræðu sinni að fyrningarfrestur myndi áfram vera tvö ár.

Guðmundur segir að þrátt fyrir breytt orðalag sé greinilega enn verið að reyna að kveikja þá hugmynd að stuttur fyrningarfrestur muni aðeins standa til boða tímabundið og því sé skammur tími til að nýta styttan frestinn. „Þetta er ekki rétt. Þeir nota þetta orðalag bara sem tæki til að veiða til sín viðskipti,“ segir Guðmundur og bætir við að þeir kveiki þá hugmynd hjá fólki í fjárhagserfiðleikum að það sé tímapressa. „Þannig spila þeir með örvæntingafullt fólk sem á undir högg að sækja.“

Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu verður metið hvort tilefni sé til athugunar að nýju vegna viðskiptahátta vefsíðunnar sem er í eigu Sigma bókhalds sf. - ngy



**Þetta er ekki rétt. Þeir nota þetta orðalag bara sem tæki til að veiða til sín viðskipti.**

*Guðmundur Ásgeirsson, erindreki hjá Hagsmunasamtökum heimilanna.*



**LÍFGJAFI** Best í heimi?

Úrbóta sumstaðar þörf:

## Neysluvatn almennt gott

**UMHVERFISMÁL** Neysluvatn á Íslandi er almennt mjög gott en úrbóta er þörf í sumum tilfellum hjá minni vatnsveitum, einkum litlum einkaveitum.

Þetta kemur fram í skýrslu um niðurstöður eftirlits á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með gæðum neysluvatns á árunum 2002-2012. Skimað var fyrir örverum, lífrænum eiturefnum og þungmálmum.

Yfir 99% sýna sem tekin voru á þessu tímabili hjá vatnsveitum sem þjóna fleirum en 500 íbúum uppfylltu reglur um neysluvatn hvað varðar E.coli, sem greindist í 6,5% sýna frá vatnsveitum sem þjóna 500 íbúum eða færri. - shá



**VESTURGARÐUR** Rúða var brotin í Þjónustumiðstöð Reykjavíkur.

Lögregla kölluð til:

## Fékk æðiskast og braut rúðu

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla var kölluð til er æði rann á mann er hann var innandyra í Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í Vesturbæ um hádegisbil í gær. Henti hann stólum til og braut með því rúðu þar innandyra. Er lögregla mætti á staðinn var hann farinn en var handtekinn ekki langt frá. Skýrsla verður tekin af honum í fyllingu tímans. Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, segir engan hafa slasast. „Það slasaðist enginn starfsmaður.“

Þetta gerist ekki oft en þetta gerist,“ segir Sigþrúður og segir erfitt að gefa upp ástæðu mannsins fyrir árásargirni hans en vegfarendur greindu frá því að maðurinn hefði verið ósáttur við að fá ekki greidda fjárhagsaðstoð. - kbg






# PÁSKALAMB
## AF NÝSLÁTRUÐU










**Emmessís**
Hátíðarís, ískaka jarðaberja og Daimkrans.



**Gudrun desertegg**
Listaverk úr belgísku súkkulaði.




**Fumagalli**
Lífræn ítölsk hráskinka og salami.




**Páskaleikur Hagkaups**
Varstu að kaupa páskaegg? Þá getur þú fyllt út þáttökuseðil, heftað kvittunina við seðilinn og þú ferð í pottinn. 5x20.000 kr. gjafabréf verða dregin út þann 7. apríl.




**Páskaegg**
Í miklu úrvali.

Gildir til 6. apríl á meðan birgðir endast.

## GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í HAGKAUP









# ALLT Í PÁSKAMATINN

*Þetta eina sanna!*

## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




**3.399** kr/kg



**1.899** kr/kg

## Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.

HAGKAUP
**FYLLT HÁTÍÐALÆRI**
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT
HAGKAUP MÆLIR MEÐ

## Fyllt hátíðalæri

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert




**2.879** kr/kg
verð áður **3.599**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**MENGUN MÓTMÆLT Í INDÓNESÍU** Umhverfisverndarsamtökin Greenpeace efndu til tískusýningar á Jövu nýverið til þess að hvetja tískuvöruframleiðendur til að hætta að nota eiturefni í framleiðsluvörum sínum. Sýningin var haldin á menguðu vatnasvæði Citarum-fljótsins. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS





**TÚNFISKMARKAÐUR Í SUÐUR-KÓREU** Í hafnarborginni Busan í Suður-Kóreu dreifði þessi verkamaður ís yfir túnfisk á fiskmarkaði borgarinnar. Veiðin þennan dag sló öll met. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**DANSAÐ Í ÁSTRALÍU** Frumbyggjar stigu dans hjá minnismerkinu Yininmadyemi, sem reist var í Sydney til minningar um ástr-alska og nýsjálenska frumbyggja sem börðust með ástralska og nýsjálenska hernum í fyrri heimsstyrjöldinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**SÓLARORKU-FLUGVÉLIN KOMIN TIL KÍNA** Svissnesku flugmenn-irnir André Borschberg og Bertrand Piccard veifa til fjölmiðla eftir að hafa lent sólarorkuknúnu flugvélinni Solar Impulse 2 á flugvellinum í Chongqing. NORDICPHOTOS/AFP

# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**

*Gjöf frá Krónunni*

SKJÁRKRAKKAR

## SKJÁRKRAKKAR með öllum páska-eggjum






Ef páskaeggin eru keypt fyrir 5. apríl. Áskriftin gildir fram yfir páska. Upplýsingar um virkjun áskriftar er að finna á kassastrimlinum.

**1699 kr. stk.**
Krónu sérvalið súkkulaði rísegg, nr. 9

**999 kr. stk.**
Krónu sérvalið súkkulaði rísegg nr. 4



*Hamborgarhryggur á góðu verði*

**17% afsláttur**

**1199 kr. kg**
Verð áður ~~1450~~ kr. kg
Krónu hamborgar-hryggur



**Marinering**
Þú getur valið ókryddað eða með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, pipar-marinerað eða trönuberja- & eplamarinerað

ÍSLENSKT

**1399 kr. kg**
Lambalæri



**30% afsláttur**

**3339 kr. kg**
Verð áður ~~4770~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent



**43% afsláttur**

**Marinering**
Þú getur valið með ítalskri marineringu, hvítlauks- og rósmarín- eða New York

**1299 kr. kg**
Verð áður ~~2280~~ kr. kg
Lúxus grísakótilettur erlendar í ítalskri marineringu, hvítlauks- og rósmarín- eða New York marineringu




**19% afsláttur**

2,6 kg

**2995 kr. kg**
Verð áður ~~3698~~ kr. kg
Julius önd, 2,6 kg

Nýir borgarar taka próf:

# Prófað verður í maí og júní

**STJÓRNSÝSLA** Fyrir liggja dagsetningar vegna íslenskuprófa sem taka þarf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt.

Á vef Útlendingastofnunar segir að próf verði næst haldin á Akureyri 26. maí, Egilsstöðum 27. maí og Ísafirði 28. maí. Próf á höfuðborgarsvæðinu fara svo fram 1. til 5. júní. Fólk skráir sig rafrænt í próf á vef Námsmatsstofnunar. Skráning er opin til 10. maí. Fram kemur á vef stofnunarinnar að próftökugjald sé 7.000 krónur. - óká

Ísland er rétt undir meðaltali Norðurlanda þegar kemur að tíðni fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur:

# Fjöldi fóstureyðinga hefur haldist stöðugur

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 78.500 fóstureyðingar voru framkvæmdar á Norðurlöndunum árið 2013, að því er greint er frá í nýjum Talnabrunni Landlæknis. Vitnað er í skýrsluna Aborter í Norden þar sem kemur fram að gerðar hafi verið rúmlega 37.000 fóstureyðingar í Svíþjóð, 15.300 í Danmörku, 14.800 í Noregi, 10.100 í Finnlandi og 966 á Íslandi.

„Lítil breyting hefur orðið á samanlögðum fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum undanfarin ár þó að nokkur fækkun hafi orðið í Finnlandi, Noregi og í Danmörku. Á Íslandi hefur fjöldi fóstureyðinga haldist nokkuð stöðugur,“ segir í samantekt Landlæknisembættisins.

Miðað við hverjar þúsund konur á frjósemisaldri (15 til 49 ára) eru fóstureyðingar fæstar í Finnlandi eða 8,7 og flestar í Svíþjóð 17,5. „Á Íslandi voru framkvæmdar 12,5 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15 til 49 ára, sem er heldur lægra en hið norræna meðaltal (13,5),“ segir í Talnabrunni.

Þá er í umfjöllun embættisins bent á að við samanburð milli landanna þurfi að hafa í huga ólíkt lagaumhverfi í hverju landi og mismunandi skilyrði sem liggi til grundvallar áður en aðgerð er framkvæmd. Þannig geti þungaðar konur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ákveðið upp á eigin spýtur að undirgangast fóstureyðingu en á Íslandi og í Finnlandi verði að liggja fyrir greinargerð læknis og/eða félagsráðgjafa. - óká



**HITAMÁL** Réttur kvenna til yfirráða yfir eigin líkama og þar með fóstureyðinga er umdeildur víða. NORDICPHOTOS/AFP


## AÐALFUNDUR SKIPTA HF.

Aðalfundur Skipta hf. verður haldinn kl. 10:00 fimmtudaginn 16. apríl 2015 á Hilton Hótel Nordica Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu rekstrarári.
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið rekstrarár.
3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á síðastliðnu rekstrarári.
4. Tillaga um að ójafnað tap verði jafnað með lækkun á yfirverðsreikningi.
5. Ákvörðun um samruna Skipta hf. og Símans hf., þar sem Skipti hf. er yfirtökufélag.
6. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins, og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða.
   Breytingartillögur stjórnar felast í því að nafni félagsins verði breytt í Síminn hf., hjáheiti félagsins verði Iceland Telecom og að félagið hafi framvegis ekki varamenn í stjórn félagsins. Þá fela tillögur stjórnar í sér að breyta tilgangi félagsins þannig að hann verði fjarskipta-, upplýsingatækni-, afþreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa á sviði félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
10. Samþykki starfskjarastefnu félagsins.
11. Tillaga um arðgreiðslustefnu félagsins.
12. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
13. Önnur mál löglega upp borin.

UPPLÝSINGAR

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, hlutaskrá, svo og ársreikningur félagsins og skýrsla endurskoðanda mun liggja frammi á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Tilkynningum um framboð til stjórnar skal skilað til skrifstofu félagsins að Ármúla 25 í Reykjavík eigi síðar en 5 dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og 19.3. gr. samþykkta félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða til sýnis á skrifstofu félagsins 2 dögum fyrir aðalfund auk þess sem stjórn félagsins áskilur sér rétt til að greina opinberlega frá tilkynningum um framboð í stjórn félagsins.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 09.30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 23. mars 2015

Stjórn Skipta hf.

Skipti

Staki · talenta · Síminn · SKJÁRINN · míla · sensa · Staki · radiomidun



Til hvers að flækja hlutina? 365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



**MÓTMÆLTI MEÐ NEKT** Bryndís Björnsdóttir afhenti Önnu Sigrúnu Baldursdóttur undirskriftalista þar sem Landspítalinn er hvattur til að taka afstöðu til mótmæla gegn fóstureyðingum á lóð spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mótmælti bænahóp með ber brjóstin

Bryndís Björnsdóttir afhenti undirskriftalista með tæplega 1.200 undirskriftum þar sem Landspítalinn er hvattur til þess að taka afstöðu til mótmæla bænahópsins Lífsverndar gegn fóstureyðingum sem fram fer á lóð spítalans í hverri viku.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við sem skrifum undir þennan lista teljum að þessi mótmæli séu áreiti í garð kvenna því það eru um 1.000 konur sem ganga um þessar dyr á hverju ári,“ segir Bryndís Björnsdóttir.

Í gær afhenti hún undirskriftalista með tæplega 1.200 undirskriftum þar sem Landspítalinn er hvattur til að taka afstöðu til mótmæla Lífsverndar á lóð spítalans.

Átta meðlimir hópsins Lífsverndar mættu fyrir utan Kvennadeildina í gær þar sem þeir báðu saman fyrir eyddum fóstrum líkt og þeir gera á hverjum þriðjudegi. Það sem var óvenjulegt þennan þriðjudaginn var að nú var mótmælunum mótmælt á heldur óvenjulegan hátt.

Bryndís segir í samtali við Fréttablaðið að hún hafi ákveðið að taka þátt í hinni svokölluðu brjóstabyltingu á sama tíma og hún afhenti undirskriftalistann. Bryndís fletti sig því klæðum og kom sér fyrir skammt frá bænahópnum sem stóð í bænahring fyrir utan Kvennadeild Landspítalans. Sjá mátti að nektin fór ekki vel í alla meðlimi hópsins þar sem ein konan setti bænablað sitt fyrir augun meðan hópurinn þuldi bænir sínar.

„Þetta er góður dagur til að bera brjóstin. Sólin skín og það er vor í lofti,“ sagði Bryndís. Þrjár konur voru með henni til stuðnings en Bryndís var sú eina sem beraði brjóst sín. Hún segir hugmyndina hafa kviknað með skömmum fyrirvara.

Bryndís hóf undirskriftasöfnunina í nóvember og ætlaði sér að afhenda hana fyrr en hefur ekki verið á landinu fyrr en nú.

Hún ákvað þess vegna að taka þátt í brjóstabyltingunni um leið og hún afhenti undirskriftirnar.

„Mér fannst alveg tilefni til þess þar sem það var komin fram þessi birtingarmynd að konur voru að bera á sér brjóstin til að sýna að þær hefðu rétt yfir líkama sínum og lífi. Ég vildi því bara taka undir með því, nota tilefnið og afhenda undirskriftirnar,“ segir Bryndís. Hún vonast til þess að undirskriftirnar verði til þess að Landspítalinn taki afstöðu til þess að hópurinn mótmæli fóstureyðingum vikulega á lóð spítalans.

„Þetta kemur að mínu mati líka almennt við aðkomu kvenna að þessari deild. Það mætti taka þetta betur til greina og aðskilja þetta tvennt.“

Anna Sigrún Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi spítalans, tók við undirskriftalistanum en vildi ekki tjá sig um málið.

viktoria@frettabladid.is

**Fóstureyðingatíðni á Norðurlöndum 2013**

| Land | Tilvik per 1.000 konur |
|---|---|
| Svíþjóð | 17,5 |
| Meðaltal | 13,5 |
| Noregur | 12,5 |
| Ísland | 12,5 |
| Danmörk | 12,1 |
| Finnland | 8,7 |

*Heimild: Talnabrunnur Landlæknis, mars 2015*

> **Þetta er góður dagur til að bera brjóstin. Sólin skín og það er vor í lofti.**
> *Bryndís Björnsdóttir, mótmælandi.*


Undragóð blanda við bólgum og meiðslum




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# HUMAR

| HUMAR | HUMAR | HUMAR | HUMAR |
|---|---|---|---|
| STÆRÐ 30/40 | STÆRÐ 18/24 | STÆRÐ 12/15 | STÆRÐ 7/9 |
| 2.900 kr.kg | 5.900 kr.kg | 7.500 kr.kg | 8.900 kr.kg |



**HUMAR SÚPA**
**FISKIKÓNGSINS**
**1.890 kr.kg**

**SKELFLETTUR**
**HUMAR**
**5.900 kr.kg**

## OPIÐ

| | |
|---|---|
| 1. APRÍL | 9-18 |
| SKÍRDAG | LOKAÐ |
| FÖSTUDAG | LOKAÐ |
| 4. APRÍL LAUGARDAG | 10-15 |

*Gleðilega páska*

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

Norræna með 350 farþega:

## Farþegar fastir á Seyðisfirði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Norræna lagðist að bryggju á Seyðisfirði í gær. Hefur hún aldrei verið svo snemma á ferðinni. Alls komu 350 farþegar með ferjunni í þetta skiptið sem er einnig met í fjölda ferðamanna í fyrstu ferð ársins.

Færð á Austurlandi var ekki góð í gær og lokaðist Fjarðarheiði snemma dags vegna ofankomu og skafrennings. Hafa því farþegar ferðarinnar setið fastir á Seyðisfirði og munu í fyrsta lagi komast yfir heiðina í dag. **- sa**

Regluverk í gildi dugir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif smávirkjana á lífríkið, segir Orkustofnun:

## Segja regluverk smávirkjana fullnægjandi

**ORKUMÁL** Gildandi regluverk er fullnægjandi til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif smávirkjana á ferskvatnsfiska og lífríki þeirra, er mat Orkustofnunar sem birtir þetta álit sitt á heimasíðu sinni vegna skýrslu Veiðimálastofnunar um áhrif virkjana undir 10 MW á lífríkið.

Það er álit Veiðimálastofnunar að umhverfisáhrif þessara virkjana séu sjaldan metin en geti í mörgum tilvikum verið umtalsverð. Á það bæði við um virkjanir í rekstri og aflögð mannvirki. Um 250 slíkar virkjanir eru í rekstri í dag og 350 aðrar hafa verið aflagðar.

Orkustofnun segir að frá 2008 hafi þurft leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver, nema það sé undir 1 MW til einkanota. Þá sé óheimilt, nema að fengnu leyfi Orkustofnunar eða Fiskistofu, að breyta vatnsfarvegi með mannvirkjum, þ.m.t. stíflum, vegna virkjana.

Þá segir jafnframt að með breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum skuli virkjun með uppsett rafafl 200 kW eða meira tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem metur þörf á umhverfismati. Minni virkjanir en það eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum þeirra. **- shá**

**250** smávirkjanir eru í rekstri í dag.



**VARMÁ** Stofnanir greinir á um hvort regluverk smávirkjana sé ásættanlegt.
MYND/MAGNÚS


Ársfundur Byggðastofnunar

verður haldinn föstudaginn 10. apríl 2015 í Höllinni, Vestmannaeyjum.

Dagskrá ársfundar:

Kl. 13:00 Setning.

Kl. 13:05 Ávarp atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra – Sigurður Ingi Jóhannsson.

Kl. 13:15 Ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar – Þóroddur Bjarnason.

Kl. 13:30 Skýrsla forstjóra Byggðastofnunar – Aðalsteinn Þorsteinsson.

Kl. 13:45 Afhending „Landstólpans“ samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar.

Kl. 14:00 Hvar er fólkið? Staðsetning starfa sem kostuð eru af ríkinu – Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

Kl. 14:20 Kynning á rannsóknum Nordregio á sviði byggðamála – Anna Karlsdóttir, sérfræðingur hjá Nordregio.

Kl. 14:50 Baráttan um brauðið og landsbyggðirnar – Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar.

Kl. 15:00 Veiting styrkja úr Byggðarannsóknarsjóði – Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

Allir velkomnir.

BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is
Fax 455 54 99 byggdastofnun.is


# Átta af 50 hvölum drápust ekki strax

Tveir norskir dýralæknar segja að hærra hlutfall langreyðar drepist samstundis en í mælingum á dauðatíma hvala í Noregi. Af 50 dýrum sem rannsóknin náði til drápust 42 samstundis, en átta lifðu í 6,5 til 15 mínútur þar til þau voru skotin aftur.

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurstaða mælinga á dauðatíma hvala í sumar sýndu að af þeim 50 langreyðum sem rannsóknin náði til drápust 42 þeirra samstundis við það að sprengiskutull hvalveiðimanna Hvals hf. hæfði dýrin. Átta langreyðar drápust ekki samstundis og voru skotnar aftur. Lengst lifði skotið dýr í 15 mínútur áður en það var skotið aftur.

Þetta er meðal niðurstaðna tveggja norskra dýralækna sem störfuðu um borð í hvalveiðiskipum Hvals hf., í fyrrasumar við mælingar á aflífunartíma í hrefnu- og langreyðarveiðum við Ísland á vegum Fiskistofu. Dýralæknarnir tveir voru valdir sérstaklega en þeir hafa áratugareynslu af slíkum mælingum á hrefnuveiðum Norðmanna.

Skýrsla annars þeirra, Dr. Egil Ole Øen, var birt á vef Fiskistofu fyrr í þessum mánuði. Þar kemur fram að ívið hærra hlutfall langreyðar drapst samstundis en á hrefnuveiðum Norðmanna.

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri vill ekki leggja beint mat á niðurstöður mælinganna, enda Fiskistofa stjórnsýslustofnun, en segir engu að síður að niðurstaðan sé góð í samanburði við niðurstöður Norðmanna. Frekari mælingar á langreyði standa ekki til, en Eyþór segir Norðmenn mæli dauðatíma á sínum skipum á tíu ára fresti.

Vegna óhagstæðra veðurskilyrða lágu hrefnuveiðar að mestu niðri þann tíma sem ætlaður var til mælinga á aflífunartíma í hrefnuveiðum. Ráðgert er Fiskistofa að ráða sömu sérfræðinga til þess að gera mælingar á aflífunartíma hrefnu á næsta hrefnuveiðitímabili. Rannsóknin var gerð að ósk Norður-Atlantshafsspendýraráðsins (NAMMCO). Ráðgert er að niðurstöður mælinganna verði kynntar á fundi sérfræðinga um aflífun hvala sem haldinn verður á vegum ráðsins í nóvember á þessu ári. Þá verða niðurstöðurnar bornar saman við sambærilegar mælingar fyrir aðrar hvalategundir og árangur metinn fyrir þær veiðiaðferðir sem notaðar eru. **svavar@frettabladid.is**



**Í HVALFIRÐI** Frá árinu 2009 hafa 544 langreyðar verið veiddar við Ísland.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tekur átta mínútur að hlaða og skjóta

Átta langreyðar (16%) drápust ekki samstundis og voru skotnar aftur. Miðgildi fyrir aflífunartíma þeirra sem ekki drápust samstundis var 8 mínútur; styst 6,5 mínútur og lengst lifði dýr eftir fyrsta skot í 15 mínútur.

Miðgildið, 8 mínútur, er nákvæmlega sá tími sem tekur að hlaða skutulbyssu skipsins, miða að nýju og bíðin eftir tækifæri til að skjóta dýrið öðru sinni.

Þær aðferðir sem beitt er við hvalveiðar við strendur Íslands eru í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Sumarið 2014 voru veiddar 137 langreyðar – samkvæmt því tókst að aflífa um 118 dýr í fyrsta skoti.

**15** mínútur er það lengsta sem langreyður lifði áður en hún var skotin aftur og drapst.


KRÓNAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ ef keypt eru 10 stk.

– annars 50 kr. stk.


Hátíðarfundur í borgarstjórn hluti af aldarafmæli kosningaréttar kvenna:

## Þverpólitískur kraftur kvenna

**STJÓRNMÁL** Salur borgarstjórnar var eingöngu skipaður konum í gær en 15 efstu konur á listum allra stjórnmálaflokka í borgarstjórn sátu fundinn.

Tilefnið var hátíðarfundur kvenna í borgarstjórn Reykjavíkur sem er partur af hátíðardagskrá borgarinnar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

Dagurinn 31. mars varð fyrir valinu þar sem fyrsta konan kaus til sveitarstjórnar þennan dag árið 1863, hún hét Vilhelmína Lever og kaus til bæjarstjórnar á Akureyri.

Á dagskrá fundarins voru þrjú mál, tillaga um að halda afrekasýningu kvenna, tillaga um stofnun ofbeldisvarnaráðs og tillaga um málþing um þátttöku og áhrif kvenna í stjórnmálum.

„Þetta var einkar hátíðleg stund,“ segir Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar. Að sögn Sóleyjar tengdust tillögurnar sem samþykktar voru þeim viðfangsefnum sem konur þurfa að glíma við í dag. Mikill kraftur var á fundinum og allar tillögurnar voru samþykktar með þverpólitískum stuðningi. „Það myndast svo mikill kraftur þegar konur taka sig saman, kraftur þvert á stjórnmálaflokka,“ segir Sóley.

Reykjavíkurborg mun standa fyrir 100 viðburðum á árinu í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna. **- srs**



**KRÖFTUGAR KONUR** 152 ár eru síðan fyrsta konan kaus til bæjarstjórnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Panasonic

## TVEIR FRÁBÆRIR KOSTIR




42"

**Panasonic TX42AS600Y**

42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. Dual-Core örgjörvi. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilari. Scart, 2x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út, heyrnartólstengi o.fl. Apple/Android síma- og spjaldtölvuApp.

**TILBOÐ**

**99.990**

VERÐ ÁÐUR **129.990**

55"

**Panasonic TX55AS640E**

55" Smart VIERA Direct LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. Dual-Core örgjörvi. 1200 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Bluetooth. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilari. 3x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út, heyrnartólstengi o.fl. Apple/Android síma- og spjaldtölvuApp.

**TILBOÐ**

**179.990**

VERÐ ÁÐUR **199.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic



ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

AF ÞINGPÖLLUNUM
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

# Stjórnarandstaðan fær sitt tækifæri

Nú fer í hönd átakatími á Alþingi. Það er ekkert nýtt, á hverju einasta ári er það sama uppi á teningnum, skömmu fyrir frestun þings fyllist allt af málum og allt í einu verður fjör í þingsal, fundað fram á nætur, bommertur gerðar og gífuryrðin falla. Þannig var það á síðasta þingi og þarsíðasta og þarsíðasta og svo framvegis. Mörg síðustu ár hefur verið vilji til að bæta starfshættina og draga úr þessu, en litlu virðist skipta hver situr við stjórnvölinn.

Þetta er tími stjórnarandstöðunnar. Við höfum orðið vitni að því undanfarin ár að í tímapressunni fyrir þinglok hefur stjórnarandstaðan færi á því að setja mark sitt á störf þingsins svo um munar. Ræður því jafnvel hvaða mál fara í gegn. Til þess þarf hún ekki að gera annað en að nýta sér þann rétt sem henni er búinn samkvæmt þingsköpum og í raun að vinna vinnuna sína; tala um þau mál sem liggja fyrir þingi.

Við höfum horft upp á breytingar á þingsköpum undanfarin ár sem draga hafa átt úr möguleikum stjórnarandstöðunnar á málþófi. Engu að síður hafa þingmenn fundið tækifæri til þess að tala lengi og því lengur sem talað er því lengri tíma tekur að afgreiða mál.

Þetta þekkir núverandi stjórnarandstaða vel og hefur nýtt sér í ýmsum málum, sérstaklega er varðar Evrópusambandið. Þetta þekkja núverandi stjórnarflokkar líka vel, en þeir nýttu sér þetta þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Nægir í því samhengi að nefna stjórnarskrármálið.

Málþóf er neikvætt orð og þykir ekki par fínt að beita slíku. Ýmsir hafa talað um að stjórnarandstaðan í dag hafi ekki farið með himinskautum. Nú er kjörtímabilið hálfnað og allir flokkarnir nema Píratar tapa fylgi á milli skoðanakannana. Það verður því athyglisvert að fylgjast með umræðunni á næstu vikum.



➜ Allt stefnir í að ríkisstjórnin þurfi að hafa stjórnarandstöðuna góða til að koma málum sínum í gegn

GJALLARHORNIÐ



**Össur Skarphéðinsson**
**Í umræðum um alþjóðleg öryggismál**

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta tengist með einhverjum hætti möguleikum eða getu Íslands til að tálma eða koma í veg fyrir að svipað gerist og henti hér á síðasta áratug þegar um íslenska lofthelgi fóru flugför sem voru í borgaralegri eigu en nýtt af erlendum leyniþjónustum og, eins og hæstv. ráðherra veit, til að flytja fanga á milli landa þar sem þeir sættu ómannúðlegri meðferð. Ég spyr hann hvort efni frumvarpsins tengist því að einhverju marki eða hvort það gefi íslenskum stjórnvöldum einhvers konar sterkara viðnám til að koma í veg fyrir það. Eins og hæstv. ráðherra veit, gott ef hann tók ekki sem þingmaður þátt í umræðum um það á sínum tíma, tel ég og fleiri að gistivinátta Íslendinga hafi verið misnotuð.



**Steinunn Þóra Árnadóttir**
**Í umræðum um alþjóðleg öryggismál.**

Mér finnst í fyrsta lagi svolítið sérkennilegt, þó að það kunni að vera bara tæknilegt, að nota orð eins og ríkisflugfar sem ég get ekki séð annað en að sé hálfloðmullulegt orðalag um það sem í daglegu tali kallast herflugvélar, sérstaklega ef litið er til þess að í skýringartexta er skýrt að lögunum er bara ætlað að ná til ríkisflugfara í hernaðarlegum tilgangi sem samkvæmt mínum skilningi eru ekki annað en herflugvélar.

# Að koma sér í úlfakreppu

**Stærstu mál ríkisstjórnarinnar eftir áramót eru lögð fram í kapphlaupi við tímann. Ljóst er að fram undan eru átakavikur á Alþingi. Strax farið að ræða um sumarþing. Ríkisstjórnin náði ekki að afgreiða frumvörp um húsnæðismál.**

Gjörbylting á húsnæðiskerfinu með sérstökum styrkjum til bygginga, heildarendurskoðun á bótum og þeim ásetningi að styrkja húsnæðissamvinnufélög í sessi. Nýr tekjustofn ríkissjóðs sem er veiðigjald á fisktegund sem ekki hefur verið við lýði áður. Fyrirkomulag veiðigjalda almennt til lengri tíma þar sem sérstaklega er tekið á setningu aflahlutdeildar.

Þetta eru mál sem gætu haldið þingi í hvaða ríki sem er í heiminum uppteknu um langa hríð. Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ætlar Alþingi Íslendinga 20 daga til að ræða þessi mál, mál sem eru þau stærstu sem hún leggur fram á yfirstandandi þingi.

Í gær rann út framlagningarfrestur á þingi, sem þýðir að leita þarf afbrigða til að leggja fram ný mál héðan í frá. Tveir þriðju þingmanna þurfa að samþykkja afbrigði, en ríkisstjórnin hefur stuðning 38 þingmanna af 63.

Ólíklegt er annað en að stjórnin komi að málum ef hún leitar eftir því, en fyrst og fremst er það umhugsunarvert hvers vegna mál koma jafn seint inn og raun ber vitni.

Heimildarmenn Fréttablaðsins innan stjórnarflokkanna benda margir á að skýringanna á því hve seint mál koma fram sé að leita í ágreiningi á milli flokkanna. Ekki þarf að leita langt til að sjá slíku stað. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lagði fram frumvarp um náttúrupassa sem naut ekki stuðnings innan stjórnarflokkanna. Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hætti við að leggja fram kvótafrumvarp og nefndi andstöðu sem helstu ástæðuna. Þar tiltók hann stjórnarflokkana sérstaklega.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ástæðu þess hve seint húsnæðisfrumvörp Eyglóar Harðardóttur eru fram komin sé fyrst og síðast að finna í andstöðu innan stjórnarflokkanna sjálfa.

Eins og sjá má hér til hliðar hefur Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, lagt mikið upp úr því að starfsáætlun þingsins sé haldi. Til þess þurfi ráðherrar að huga tímanlega að þeim þingmálum sem berast þinginu.

Eygló lýsti því yfir við Fréttablaðið í síðustu viku að ef með þyrfti yrði haldið sumarþing. Það er þvert á starfsáætlun þingsins. Nú tekur við átakatími á þingi, þar sem stjórnin er allt í einu komin í þá stöðu að þurfa að treysta á stjórnarandstöðuna um hvernig málum háttar fyrir þingfrestun, þrátt fyrir ríflegan meirihluta sinn.

Þótt slík staða sé alþekkt í störfum þingsins, verður ekki annað séð en að ríkisstjórnin hafi komið sér í úlfakreppu af sjálfsdáðum.

kolbeinn@frettabladid.is



**FORSETINN OG ÞINGMAÐURINN** Starf þingmannsins einkennist af törnum. Á löngum tímabilum er lítið að gera og fáir í þingsal, en síðan hrúgast málin inn og langir þingfundir taka við. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hefur ítrekað hvatt ráðherra til að koma tímanlega fram með frumvörp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FORSETABRÝNING UM BÆTT STÖRF

Síðast en ekki síst er starfsáætlunin liður í því að þingmenn geti, rétt eins og aðrir, skipulagt samveru með fjölskyldu sinni. Sú krafa er eðlileg í nútímasamfélagi og að auki mikilvæg forsenda þess að til að mynda yngra fólk taki þátt í stjórnmálum á vettvangi Alþingis. Það er því brýnt að allir sem að þinghaldinu koma geti skipulagt störf sín og verkefni í samræmi við samþykkta starfsáætlun og treyst því að ekki sé vikið frá henni nema í undantekningartilvikum. Til að það megi ganga eftir þurfa allir að leggjast á eitt, jafnt ráðherrar sem þingmenn. Þingmenn þurfa að gæta að því að dagskrá þingfunda fari ekki úr böndum og ráðherrar verða að huga tímanlega að þeim þingmálum sem þeir hyggjast leggja fyrir Alþingi, eins og ég hef þráfaldlega bent á.

*Á síðasta fundi fyrir jólahlé í desember*



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Fram undan er annasamur tími. Alþingi mun takast á við stór mál og þýðingarmikil viðfangsefni á vetrar- og vorþingi. Ég minni einnig á það sjónarmið sem ég setti fram á síðasta fundi fyrir jólahlé að brýnt er að allir sem að þinghaldinu komi geti skipulagt störf sín og verkefni í samræmi við samþykkta starfsáætlun og treyst því að ekki sé vikið frá henni nema í undantekningartilvikum. Vænti ég áfram góðs samstarfs við ríkisstjórn og þingmenn um það efni.

*Á fyrsta fundi eftir jólahlé*

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins með frumvarp sem kemur í veg fyrir að vitnað sé í upptökur símtala:

# Vilja samninga til að vitna megi í upptökur

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þau Birgir Ármannsson og Sigríður Á. Andersen, hafa lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti sem kemur í veg fyrir að hægt sé að vitna beint í upptökur símtala sem tekin eru upp á þeim forsendum að báðum aðilum ætti að vera ljóst að um upptöku sé að ræða án þess að tilkynnt sé um það sérstaklega.

Þannig eru gerðar ríkari kröfur til þess að viðmælanda sé ljóst að verið sé að hljóðrita símtal. Þá verður með breytingunni sérstaklega kveðið á um að óheimilt sé að birta slíka hljóðritun opinberlega að hluta eða í heild.





„Ekki er eðlilegt að heimilt sé að hljóðrita samtöl við fólk, án þess að gengið sé skýrlega úr skugga um að það sé kunnugt um hljóðritunina, en birta í framhaldinu einstakar setningar viðmælandans opinberlega, eða jafnvel samtalið í heild sinni,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Frumvarpinu er beint að fréttamönnum sem taka alla jafna upp öll símtöl tengd starfinu. Í greinargerð frumvarpsins segir að sá skilningur sem nú sé í gangi, að viðmælendum fréttamanna eigi að vera ljóst að símtalið sé tekið upp, sé rangur.

„Er sjálfsögð krafa að sá, sem er í raun í viðtali, fái að vita um það áður en viðtalið hefst,“ segja þau. Leggja þau til að skrifað hafi verið undir samkomulag um hljóðupptöku, svo sem við upphaf tiltekinna viðskipta sömu aðila, að því er segir í greinargerðinni.

- fbj

# HÁSKERPU 4K OFURUPPLAUSN

## Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrikerfinu




PHILIPS



- Glæsileg rammalaus hönnun
- Ultra HD – 4K ofur háskerpuupplausn 3840x2160
- Pixel Precise Ultra HD myndvinnsla með quad core örgjörva
- Alvöru myndgæði með 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro
- Ambilight baklýsing, eykur upplifun til muna
- Android stýrikerfi , nýr heimur leikja, kvikmynda og afþreyingar, til dæmis sjónvarp Símans, og Google Play Movies beint í tækið
- Twin tuner – hægt að horfa á eina stöð og taka upp aðra á sama tíma
- Snjöll fjarstýring – Vönduð fjarstýring með músabendli, lyklaborði og hægt að tala við tækið!
- Endalausir möguleikar með Cloud TV, Simplyshare, Multiroom server, Dropbox og Miracast
- Hægt er að horfa á 3D myndir – 4 gleraugu fylgja!

ambi light 2
með Android
ULTRA RESOLUTION
PixelPrecise ULTRA HD
Twin Tuner
2xDVB-T2 2xDVB-C 2xDVB-S2
QuadCore
600Hz PMR ULTRA

**49"** Philips 49PUS7909
**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995

**55"** Philips 55PUS7909
**TILBOÐ**
**249.995**
VERÐ ÁÐUR 349.995

**PHILIPS**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Skýr löggjöf um hefndarklám er nauðsynleg:

# Ég á mig sjálf

Fyrir helgi féll dómur í svokölluðu hefndarklámsmáli. Málsatvik voru í einfaldaðri mynd á þá leið að kona sendi fyrrverandi kærasta sínum nektarmyndir af sér sem hann síðan birti á Facebook-síðu sinni ásamt fullu nafni konunnar. Dómurinn er ekki sá fyrsti sinnar tegundar en maðurinn var sakfelldur fyrir brot gegn blygðunarsemi og ákvæðum barnaverndarlaga en sýknaður af ákæru um ærumeiðingar.



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Dómurinn féll daginn eftir að „Free the nipple"-átakið tröllreið íslensku samfélagi. Free the nipple er þekkt erlendis sem jafnréttisátak til að berjast gegn kúgun kvenna og ritskoðun. Upphaf átaksins á Íslandi má rekja til nemanda í Verzlunarskólanum sem birti mynd af sér berri að ofan á samskiptamiðli. Hún hlaut bágt fyrir en netheimar risu upp henni til stuðnings og margar íslenskar konur birtu myndir af sér berbrjósta á samfélagsmiðlum.

Vinsældir íslenska átaksins eiga sér þó í raun enga eina og einfalda skýringu. Upphafið var vissulega myndbirting ungu konunnar en þær, og þeir, sem stukku á vagninn, hvort sem var með því að birta sínar eigin geirvörtur eða leggja málstaðnum lið með öðrum hætti, gerðu það af ýmsum mismunandi ástæðum. Sumir töldu það óréttlæti að samfélagið viðurkenndi aðeins annað kynið án klæða ofan mittis. Aðrir lögðu á það áherslu að brjóstagjöf á almannafæri ætti að vera sjálfsagt mál og enn aðrir vildu taka völdin af þeim sem birta nektarmyndir af öðrum á samfélagsmiðlum.

Þó mögulega taki einhver andköf yfir djörfung ungu kvennanna er það líklegast óumdeilt að átakið var kröftugt og stakk á kýlum. Eitt það aðdáunarverðasta var samstaðan með brotaþolum í hefndarklámsmálum. Íslenska lögreglan tekur við allt að 200 kvörtunum á mánuði vegna efnis sem birtist á samfélagsmiðlum og hótana á netinu eða í rafrænum samskiptum. Brot, líkt og dæmt var fyrir í fyrrgreindu dómsmáli, verða þannig æ algengari og ljóst að veruleiki íslenskra ungmenna í stafrænum heimi er allt annar en sá sem kynslóðirnar sem á undan fóru stóðu frammi fyrir.

Eins og dómurinn sýnir er ekki augljóst með hvaða hætti heimfæra á hefndarklám undir ákvæði hegningarlaga. Tilraunir ákæruvaldsins til að heimfæra athöfnina undir ærumeiðingarákvæði laganna sýna að ákvæðin eru ekki skýr hvað þetta varðar og hafa ekki náð að fylgja hröðum tækniframförum sem við búum við. Nágrannaþjóðirnar hafa margar slík ákvæði í refsilöggjöf enda þörf á að allur vafi sé tekinn af um alvarleika og afleiðingar slíkra brota.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp þingkonunnar Bjartar Ólafsdóttur um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem hefndarklám er gert refsivert. Björt færir í frumvarpinu þau rök fyrir máli sínu að einstaklingar, einkum konur, verði á netinu oft fyrir kerfisbundnu ofbeldi. „Brýnt er að skilaboð séu skýr til notenda netsins um að þegar þeir fá mynd í hendurnar þá eigi þeir hana ekki og hafa ekki heimild til að dreifa henni áfram. Á þetta ekki hvað síst við þegar um er að ræða mynd eða myndskeið sem augljóst er af efninu að ekki er ætlað til dreifingar, svo sem þar sem nekt kemur við sögu eða kynferðislegir tilburðir eða ástand sem augljóst er að einstaklinginn í myndinni mundi ekki vilja að alþjóð eða heimurinn sjái. Mikilvægt er að fólk taki ábyrgð og taki ekki þátt í að dreifa myndefni sem þessu." Taka má undir með Björt um mikilvægið og hvetja þingheim til að bregðast við þessum nýju ógnum. Þannig má skilja eftir áþreifanleg spor eftir átak ungu kvennanna og senda skýr skilaboð um að þær eigi sig sjálfar. Með geirvörtum og öllu.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### How do you like Iceland?

Frosti Sigurjónsson hefur skilað af sér skýrslu um þjóðpeningakerfi. Hann hefur haft rúmt ár til að vinna skýrsluna sem fjallar um endurbætur í peningakerfi Íslands. Eðlilegt er að skýrsla um jafn umfangsmikið efni veki deilur, en þó verður að segjast að ekki sáu margir fyrir úr hvaða átt helsta gagnrýnin kom, nefnilega frá íslenskufræðingum við Háskóla Íslands. Skýrsla Frosta er nefnilega ekki á íslensku, heldur ensku. Það hefur vakið nokkra furðu og spyrja má hvort skýrsla um þjóðpeningakerfi eigi ekki að vera á þjóðtungu, sérstaklega þegar hún er skrifuð fyrir Alþingi Íslendinga. Eða var hún það kannski ekki?

### Vantraust á formanninn?

Össur Skarphéðinsson segir frá því á Facebook að hann telji að enginn maður eigi jafn mikla möguleika á því að verða næsti forsætisráðherra og Jón Gnarr. Jóni hefur ábyggilega hlýnað um hjartarætur við að lesa þessa stuðningsyfirlýsingu, en ekki er víst að Árna Páli Árnasyni, formanni Samfylkingarinnar, hafi farið eins. Líklega hefur honum runnið kalt vatn á milli skinns og hörunds við það að þingmaður Samfylkingarinnar telji ekki líklegast að formaður þess flokks verði næsti forsætisráðherra. Hugtak eins og vantraust hafa nú heyrst af töluvert minna tilefni í gegnum tíðina.



### Skriffinnskuflokkurinn

Birgir Ármannsson og Sigríður Andersen hafa nú lagt fram frumvarp um að fjölmiðlafólki beri að uppvísa viðmælendur um að verið sé að hljóðrita samtöl við þá, áður en viðtalið hefst. Það er gott og blessað, ef viðmælendur halda að fjölmiðlafólk sé að hringja til að spjalla um daginn og veginn og þurfa áréttingu á því að þeir séu í viðtali hlýtur að mega koma því við. Sigríður og Birgir telja það hins vegar ekki nóg, nauðsynlegt sé að skrifa undir samkomulag um hljóðritunina. Kannski vill Sjálfstæðisflokkurinn bara auka skriffinnskuna með stöflum af hljóðritunarsamkomulögum uppi um alla veggi.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

NÝTT NÁMSKEIÐ!



**Velkomin í núið**
– *frá streitu til sáttar*

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

**Námskeiðin eru í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica frá kl. 17.30 til 19.00**

Innifalið er geisladiskur með núvitundaræfingum og handbók.

Skráning og frekari upplýsingar á:
nuvitund.com

**Verð: 49.000 kr.**

**8. apríl** miðvikudagar
**14. apríl** þriðjudagar

**Leiðbeinendur verða sálfræðingarnir**
Anna Dóra Frostadóttir, Guðbjörg Daníelsdóttir, Herdís Finnbogadóttir og Margrét Bárðardóttir

# Getum við verndað vatnið okkar?

UMHVERFISMÁL



**Hólmfríður Sigurðardóttir**
umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Vatnsveitum er falið að afla heilnæms neysluvatns fyrir fólk og atvinnulíf til langrar framtíðar. Verkefni okkar hjá Orkuveitu Reykjavíkur hvað þetta varðar er umfangsmikið. Vatnsból OR eru fimmtán og þjóna fólki og fyrirtækjum á Vesturlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Viðfangsefni vegna vatnsveitunnar eru mörg og mismunandi. Í Heiðmörk þrengir til dæmis að vatnsbólum vegna annars konar nýtingar, á Akranesi er vatnið geislað þar sem verið er að nýta yfirborðsvatn og varmamengun er við Þingvallavatn.

Við hjá Orkuveitunni leggjum áherslu á að tryggja gæði neysluvatns til íbúa og ástæðan er einföld; það er ekki hægt að innkalla mengað neysluvatn. Því vinnum við markvisst að fyrirbyggjandi eftirliti, vöktun og forvörnum.

Verndun neysluvatns er okkar hjartans mál. Öryggisreglur eru í gildi vegna framkvæmda og umferðar um vatnstökusvæði. Vatnsvinnsla í Heiðmörk byggist alfarið á hreinu og ómeðhöndluðu grunnvatni. En getum við verndað vatnið, er baráttan töpuð og munum við sætta okkur við meðhöndlað vatn til framtíðar?

Á árinu 2014 var hafist handa við gerð heildaryfirlits um neysluvatnsmál höfuðborgarsvæðisins með hliðsjón af jarðfræði, umhverfismálum, vatnsnotkun, rekstri, áhættu, orðspori og framtíðarsýn.

Tillaga að endurskoðun vatnsverndar á svæðinu var auglýst haustið 2014 og tillaga að nýju svæðisskipulagi var auglýst undir lok árs 2014. Vatnsvernd er eitt af meginmarkmiðum nýja svæðisskipulagsins. Afmörkun vatnsverndarsvæða í tillögunni tekur mið af mun nákvæmari rannsóknum en áður, sem er traustvekjandi. Samhliða breyttri afmörkun verndarsvæðanna þarf að ákveða hvaða reglur skuli gilda um umsvif á þeim. Margir eiga hagsmuna að gæta. Við starfsfólk Orkuveitunnar bindum vonir við að nýtt skipulag vatnsverndar verði öflugt tæki til að standa vörð um þau náttúrugæði sem heilnæmt og ómeðhöndlað vatn er.

Verndun þess og ábyrg stýring er forsenda þess að Orkuveitan og aðrar vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu geti rækt skyldur sínar og fullnægt vatnsþörf á svæðinu til langrar framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Trúarrit og grundvallarrit um gildismat og siðfræði

TRÚMÁL



**Sigrún Gunnarsdóttir**
dósent við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst og Þekkingarsetur um þjónandi forystu

Biblían er ekki einungis trúarrit, Biblían er líka grundvallarrit um gildismat og siðfræði. Textar Biblíunnar, ekki síst frásögur Nýja testamentisins, hafa mótað gildismat okkar í þúsund ár. Dæmisögur Jesú eru í senn einföld frásögn og djúp viska um kærleika og virðingu. Sagan af miskunnsama Samverjanum grípur hvern sem er og sannfærir okkur um hvað felst í því að eiga náunga og það sé gott að hjálpa náunganum jafnvel þó við þekkjum hann ekki og hann tilheyri ekki sama hópi og við. Umburðarlyndi og náungakærleikur eru grunnstef Nýja testamentisins sem eru hluti af gildismati og siðgæðisvitund okkar. Allar bækur Biblíunnar eru stórmerkilegar og ég á mér þann draum að þekkja þær allar. Uppáhaldsritin eru nú Nýja testamentið, Sálmarnir og Orðskviðirnir sem eru uppspretta visku og trúarsannfæringar og fjalla líka um tilgang lífsins og tilgang samskipta.

**➜ Allar bækur Biblíunnar eru stórmerkilegar og ég á mér þann draum að þekkja þær allar.**

### Snýst um kærleika til Guðs

Sögurnar og orð Jesú taka sér bólfestu í huga og hjarta og verða ekki frá okkur tekin hvað sem á dynur. Í hvert sinn sem við heyrum þessi orð verður skilningurinn dýpri og við sjáum orðin í nýju samhengi. Dæmi um djúpa merkingu orða Jesú er Gullna reglan: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ (Matt 7.12) og Kærleiksboðorðið: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (Matt. 22.37-39).

Kærleiksboðorðið hefur haft veruleg áhrif á mig allt frá því að ég var barn en fyrir um 20 árum opnaðist alveg ný vídd í merkingu seinni hluta boðorðsins: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Þetta gerðist þegar ég var við nám í Danmörku í námskeiði um heimspekinginn og guðfræðinginn Sören Kierkegaard. Einu sinni í lest á leið í skólann las ég texta Kierkegaard um þetta boðorð og hann spyr lesandann hver sé forsenda boðorðsins (forudsætningen). Allt í einu var eins og ljós kviknaði. Ég hafði aldrei hugsað út í þetta. Hafði þótt þetta fremur einfalt og snúast um það að vera annt um aðra. En forsendan felst sem sagt í orðunum „eins og sjálfan þig“ og Kierkegaard útskýrir að okkur getur ekki verið annt um aðra eins og sjálf okkur nema að við byrjum einmitt á sjálfum okkur. Byrjunin er forsendan og er umhyggja fyrir okkur sjálfum. Þessi túlkun fannst mér allt í einu svo sjálfsögð og einföld en hafði aldrei heyrt þetta sjónarhorn áður eða hugsað út í þessa hlið boðorðsins.

Kærleiksboðorðið snýst um kærleika til Guðs, til sjálfs okkar og til náungans. Túlkun Kierkegaard rímar við áherslur samtímans um jafnvægi sjálfsræktar og sömu ábyrgðar gagnvart náunganum og samfélaginu. Túlkun Kierkegaard er innsýn í djúpa visku Biblíunnar sem er sígild og er fótfesta trúar okkar en ekki síður dýrmæt fótfesta fyrir gildismat og siðfræði.

# Jafnréttið byrjar heima

JAFNRÉTTI



**Dóra Magnúsdóttir**
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í borgarstjórn.

„Ég er anti-femínisti, má ég vera það?“ hrópar ung stúlka í myndbandi á ótilgreindri fréttasíðu sem ég sá nýlega. Mér fannst skelfilegt að heyra þetta, svona rétt eins og hún hefði sagt: „Ég er algert fífl, má ég vera það?“ Hugsaði líka með mér að kannski gæti einhver skynsamur sest niður með þessari stúlku og sýnt henni ljósið. Spurt hana hvort henni fyndist sanngjarnt að hún fengi lægri laun fyrir sömu vinnu og strákurinn við hliðina? Eða hvað henni fyndist um þá staðreynd að fleiri konur deyja eða örkumlast árlega vegna kynbundins ofbeldis en vegna algengra sjúkdóma og slysa – samanlagt! Og að konur vinni töluvert lengri vinnudag vegna þess að vinna innan heimilis leggst af meiri þunga á þær, og svona mætti áfram telja. Kannski væri hægt að benda þessum unga anti-femínista á þessar staðreyndir (og fleiri) og telja honum trú um að barátta femínista er fyrst og fremst mannréttindabarátta.

Á Íslandi hafa konur náð mun lengra í sinni jafnréttisbaráttu en víða annars staðar í veröldinni. Hins vegar er óréttlæti alltaf vont og það á alltaf að berjast gegn því, þótt það sé mun verra víða annars staðar.

VR hefur reiknað út að konur í félaginu vinni einn mánuð frítt þegar laun þeirra eru borin saman við karla, og að það muni taka konur í VR tuttugu ár að ná sömu launum fyrir sömu vinnu. En þetta er sá munur sem er á launum kynjanna þegar búið er að taka tillit til starfs, vinnutíma, menntunar, starfsaldurs og allra annarra þátta sem hafa áhrif á launin. Tuttugu ár takk fyrir.

Glerþakið er erfitt að skilgreina en flestir þekkja hugtakið. Konur verða sjaldnar yfirmenn og færri konur sitja í stjórnum fyrirtækja. Hlutfall kvenna í stjórnum hefur þó farið vaxandi og er núna orðið um 25% en þessari aukningu má þakka lögum um kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækja.

### Kynbundin verkaskipting

Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði, kynnti nýlega niðurstöður rannsóknar sinnar um samspil heimilis og vinnu meðal íslenskra hjóna. Samkvæmt rannsóknum hennar er heildarvinnuálag íslenskra foreldra í fullu starfi mest af Norðurlandaþjóðunum en sé horft til greiddrar vinnu, heimilisstarfa og umönnunar heimilismeðlima s.s. barna en íslenskar mæður vinna um 86 tíma á viku meðan íslenskir feður vinna um 77 tíma á viku. Hér virðist kynbundin verkaskipting setja töluvert meira álag á konurnar en karlana. Það kom mér á óvart að sjá að þættir eins og eldamennska og þvottastúss leggst af mun meiri þunga á konur, þrátt fyrir að báðir foreldrar vinni fullan vinnudag. Karlar sinna oftar ýmiss konar viðhaldi sem er alla jafna minni vinna og síður tímafrek en þvottur, eldamennska og frágangur. Einu þættirnir sem virðast deilast nokkuð jafnt á kynin í barnafjölskyldum er aðstoð við heimanám barna og tómstundaskutl. Það er margt í umhverfinu sem þarf að laga til að ná jafnrétti kynjanna og það eru til allskyns hjálpleg verkfæri á þeirri vegferð, svo sem jafnlaunavottun, lagasetningar, fræðsla og fleira. En fólk verður einnig að átta sig á og viðurkenna þegar ójafnrétti er til staðar og berjast gegn því í smáu og stóru. Það er ágætt að byrja inn á heimilunum og skoða hvort hjóna eyðir meiri tíma í heimilisstörfin. Þannig verðum við góðar fyrirmyndir fyrir börnin okkar. Auk þess erum við í betri stöðu til að sinna jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu og víðar ef við sinnum því af natni innan veggja heimilisins.

**➜ En fólk verður einnig að átta sig á og viðurkenna þegar ójafnrétti er til staðar og berjast gegn því í smáu og stóru.**

*Grein þessi er skrifuð í tilefni af kvennafundi í borgarstjórn Reykjavíkur 31. mars 2015 til að fagna 100 ára kosningarafmæli kvenna.*

Gerum við allar Apple vörur



iSíminn
Skipholti 21


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opið í dag 10:00 til 20:00 Opið í dag 10:00 til 20:00 Opið í dag 10
1598
kr. 630g
Nóa konfekt 630g
Quality Street
3198
kr. 2 kg.
Konfekt
2798
kr. 1 kg.
Nóa konfekt 630g
Ísblóm
498
kr. 6 stk.
Emmess ísblóm 6 stk.
1kg
Gleðilega páska
Bónus risa páskaegg 1 kg.
1998 kr.
Coca-Cola
759
kr. 4 x 1.5 ltr.
pepsi
98
kr. 1 ltr.
Mjúkís
698
kr. 2 ltr.
Mjúkís 2 ltr.
MEÐ FLUGI
359
kr. 250g
FERSK JARÐARBER MEÐ FLUGI 250g
GLEÐILEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS
698
kr. 150g
Nóa páskaegg nr. 3 150g
MEÐ FLUGI
1498
kr. 500g
FERSK BLÁBER MEÐ FLUGI 500g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 4. apríl
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

:00 til 20:00 Opið í dag 10:00 til 20:00 Opið í dag 10:00



**1198** kr. kg.

KF Kofareyktur hangiframpartur m.beini



**598** kr. kg.

Ali Grísabógur *ferskur*



**1298** kr. kg

Bónus **Hamborgarhryggur** m/beini



**1198** kr. kg

Ali **Bayonneskinka** 1.fl úr læri

## AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS YFIR PÁSKA 2015

| | | |
|---|---|---|
| MIÐVIKUDAGUR | 1.apríl | 10:00-20:00 |
| SKÍRDAGUR | 2.apríl | 10:00-19:00 |
| Föstudagurinn langi | 3.apríl | LOKAÐ |
| LAUGARDAGUR | 4.apríl | 10:00-19:00 |
| Páskadagur | 5.apríl | LOKAÐ |
| MÁNUDAGUR | 6.apríl | 12:00-18:00 |

Ferskur veislufugl með fyllingu



**998** kr. kg.



Sérskorið lambalæri: þá er efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

**1498** kr. kg.

Íslandslamb **Lambalæri sérskorið / ferskt**

Frystivara



**1998** kr. kg

KS **Lambahryggur hálfur** (lundarparturinn )

Kaupfélag Skagfirðinga

**FROSIÐ LAMBAKJÖT**

*GOTT VERÐ Í BÓNUS*



**1298** kr. kg

KS **Lambalæri** Frystivara



**3898** kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**

ÍSLANDS LAMB

Stolt kjötmeistarans



**2998** kr. kg.

Íslandslamb **Lambaprime ferskt ókryddað**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 4. apríl**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Hjálmar, þú svaraðir ekki ábendingunni

Þakka þér skjót „svör", Hjálmar. Ábendingin var að 1+1 akrein ber ekki þá umferð, sem nú er á Bústaðaveginum. Svar þitt var rökstuðningur fyrir mjókkun Grensásvegar, sem ég kallaði skemmdarverk og skort á heilbrigðri skynsemi. Þrenginguna rökstyður þú með: 1) slysahættu á vegfarendum, 2) of lítil umferð á Grensásvegi fyrir 2+2 akreinar og 3) vilja íbúanna.

1 Ég minnist ekki slysa á þeim hluta, sem nú skal skemmdur. Þau gætu frekar orðið á gatnamótum við Miklubraut. Ekki minnkar sú hætta við breytingu úr 2+2 í 1+1. Einfalt er að verja fótgangandi vegfarendur með girðingu eftir endilangri umferðareyju frá Miklubraut að Hæðargarði og merkja í leiðinni gangbrautir yfir Grensásveg. Þannig er öryggi fótgangandi best tryggt. Sé þörf á að minnka hraðann má gera það með hossum.

2 Umferð á Grensásvegi mun aukast við leiðréttingu Bústaðavegar.

3 Hvernig var boðað til íbúafundarins og hvernig var málið kynnt? Það að vísa nú til íbúalýðræðis hljómar, sem hræsni hjá þeim, sem hundsuðu 70 þúsund undirskriftir um flugvöllinn.

Þú skrifar að í dag detti engum í hug að kalla þrengingu Skeiðarvogs skemmdarverk. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þrenging hans sé skólabókardæmi um hvernig ekki skuli standa að borgarskipulagi. Skeiðarvogur átti að vera tenging frá Reykjanesbraut yfir Langholtsveg og Suðurlandsbraut á Miklabraut og Bústaðaveg, sem hefði dreift umferðinni. Tengingin virkar ekki með þrengingu úr 2+2 í 1+1 frá Langholtsvegi að Gnoðarvogi. Umferðin finnur og velur lengri hjáleið, sem er fljótkeyrðari þar til hún annar ekki umferðinni.

SAMGÖNGUR



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Þá leitar umferðin aftur á Skeiðarvoginn, sem fljótt verður of þröngur.

Háaleitisbraut var skemmd á sama hátt með þeim árangri að hluti umferðar fór af henni á íbúðagötuna Safamýri.

Langahlíð tengir frá Borgartúni yfir Suðurlandsbraut (Laugaveg) og Miklubraut á veg til Hafnarfjarðar. Ég velti fyrir mér, hvort næsta verkefni hjá borginni verði að breyta Lönguhlíð í 1+1 frá Háteigsvegi að Miklubraut?

### Mikil ábyrgð

Það er eins með umferðaræðar og æðarnar í mannslíkamanum. Stíflist ein þá verður meira álag á aðrar. Þannig orsaka þrengingar Bústaðavegar, Skeiðarvogs og nú Grensásvegar meira álag á Miklubrautina. Stíflist Miklabraut leitast umferðin við að lækna sig sjálf með hjáleiðum. Þeir sem eru seinir og mest stressaðir fara þær og freistast til að aka á meiri hraða en 30 km/klst. í íbúðargötum. Þeir eru stórhættulegir í umferðinni. Í mestri hættu eru hjólandi vegfarendur og börn í leik.

Svo ég svari sjálfur spurningu í lok greinar minnar, þá virðist stefna ykkar vera sú að skilgreina allar tengibrautir sem íbúðargötur og endurhanna þær með hámarkshraða 30 km/klst. Markmiðið er að sem flestir fari allra sinna ferða hjólandi, fótgangandi eða noti strætisvagna. Gallinn er að ekki er alltaf hægt að hjóla og fyrir marga, sem ekki geta hjólað, er of langt til og frá stoppistöð strætó.

Mikil ábyrgð felst í að tefja umferðina meðvitað með skemmdum á gatnakerfinu. Fólk er alltaf út um allt að fá hjartaáföll og verður að komast fljótt undir læknishendur. Í sambandi við kransæðastíflur geta mínúturnar skipt lífi eða dauða þurfi að komast strax í hjáveituaðgerð.

# Hver er læknirinn þinn?

Ef þú getur svarað þessari spurningu ertu í hópi þeirra heppnu Íslendinga sem hafa skráðan heimilislækni eða ert í nægilega góðu sambandi við sérfræðilækninn þinn til að geta kallað hann til ábyrgðar þegar á bjátar. Það er nefnilega tvöfalt heilbrigðiskerfi hér á landi, þeirra sem hafa sinn lækni og þeirra sem hafa engan. Seinni hópurinn er stór og fer stækkandi. Hvers vegna? Vegna þess að heilsugæslan á Íslandi er vanrækt.

Nýliðun í stétt heimilislækna er langt undir því sem telst eðlilegt. Á sama tíma sýna kannanir sem gerðar hafa verið meðal læknanema að áhugi þeirra á heimilislækningum er lítill. Það er vandamál. Það er líka vandamál að heilu byggðarlögin á landsbyggðinni séu mönnuð af farandlæknum. Læknum sem búa ekki í byggðarlaginu og þekkja ekki íbúana. Þau eru fleiri, vandamálin í heilbrigðiskerfinu. Mörg þeirra eru orðin vel þekkt eftir erfiða kjarabaráttu lækna sem stóð í marga mánuði í vetur til að reyna að rétta af kúrsinn. Hvort það mun takast á eftir að koma í ljós. Þó samningar hafi tekist er svo margt fleira sem þarf að laga í vinnufyrirkomulagi lækna til að tryggja endurnýjun mannaflans og fullnægjandi þjónustu fyrir sjúklinga.

Heilbrigðisráðherra hefur sett á laggirnar verkefnastjórn til þess að vinna að breytingum á íslenska heilbrigðiskerfinu í samráði við lækna. Viljayfirlýsing hefur verið undirrituð um sameiginleg markmið og er það vel. Þegar þessi vinna er að hefjast er sérstaklega mikilvægt að allir tali sama tungumálið. Að læknar, almenningur og stjórnmálamenn skilji hvert annað og rugli ekki saman hugtökum um ólík rekstrarform í heilbrigðisþjónustunni.

HEILBRIGÐISMÁL



Arna Guðmundsdóttir
lyflæknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur

Einn liður í sameiginlegri yfirlýsingu stjórnvalda og lækna hljómar svo: „Opna þarf möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum sem byggja á virkri þjónustu- og verkefnastýringu, skýrum gæðakröfum samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi." Þarna er opnað á þann möguleika að heimilislæknar geti rekið læknastofur sínar sjálfir líkt og sérfræðingar í öðrum sérgreinum læknisfræðinnar, t.d. lyflæknar, geðlæknar og skurðlæknar. Dæmi um slíkar einkareknar heimilislæknastöðvar eru t.d Salastöðin í Kópavogi og Heilsugæslan í Lágmúla. Þróun sem þessi hefur orðið í öllum löndunum í kringum okkur, Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

### Einkarekstur

Einkarekstur samhliða opinberum rekstri hefur tíðkast áratugum saman hér á landi á afar farsælan hátt. Nefna má mýmörg dæmi, ég læt hér duga að benda á Röntgen Domus, Orkuhúsið, Læknasetrið og Augnlækna Reykjavíkur. Einfaldari aðgerðir eru gerðar á einkareknum starfsstofum lækna með minni yfirbyggingu en á LSH. Sjúklingum er ekki mismunað eftir efnum. Þeir greiða sjúklingahlutann, sjúkratryggingar greiða afganginn. Þessar starfsstofur lækna hafa ekki grafið undan þjónustu LSH heldur veitt spítalanum heilbrigða samkeppni. Á síðasta ári sinntu sjálfstætt starfandi læknar um 460.000 komum. Það er umtalsverður hluti heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Læknar sem starfa sjálfstætt reka sjálfir starfsstofur sínar. Þeir eru ekki starfsmenn þriðja aðila sem fjárfest hefur í heilbrigðisrekstri. Það hefur ekki orðið nein stefnubreyting hjá Læknafélagi Reykjavíkur hvað þetta varðar. Þar er ekki áhugi fyrir einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar þar sem fjárfestar kaupa læknastofur og krefjast af þeim arðsemi. Það er ekki heldur áhugi fyrir því að sjúklingar þurfi að kaupa sér viðbótartryggingar af einkareknum tryggingafélögum sem skráð eru á markað til að geta greitt fyrir heilbrigðisþjónustu. Læknafélag Íslands telur að heilbrigðisþjónusta eigi að greiðast af skattgreiðslum annars vegar og Sjúkratryggingum Íslands hins vegar.

**➜ Nýliðun í stétt heimilislækna er langt undir því sem telst eðlilegt. Á sama tíma sýna kannanir sem gerðar hafa verið meðal læknanema að áhugi þeirra á heimilislækningum er lítill.**

Vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu er æskilegt að hún sé veitt sem mest án innlagnar á sjúkrahús og að hún sé samfelld og persónuleg. Frá árinu 1936 hafa Læknafélag Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins (nú Sjúkratryggingar Íslands) samið um þjónustu sérfræðilækna við sjúkratryggða. Þessi samningur hefur tryggt landsmönnum greiðan aðgang að bestu sérfræðiþjónustu sem völ er á hér á landi og tryggt jöfnuð án tillits til efnahags. Um þetta fyrirkomulag hefur verið pólitísk sátt.

Í allri umræðu um framtíðarrekstur heilbrigðiskerfisins er hér með lagt til að þeir sem tjá sig um einkareknar læknastofur á Íslandi skilji á milli einkareksturs þar sem ríkið greiðir að hluta fyrir þjónustu skv. fyrirfram ákveðnum samningi með greiðsluhámarki í þágu sjúklings og hins vegar einkavæðingar þar sem gjaldskrá læknis er frjáls og sjúklingur þarf að leita annarra leiða til að greiða fyrir komu s.s. með einkatryggingu sem ekki hefur skapast hefð fyrir hérlendis.

# Apríl – alþjóðlegur mánuður gegn ofbeldi á börnum

Apríl er alþjóðlegur mánuður gegn ofbeldi á börnum. Þennan mánuð og alla aðra mánuði ársins hvetur Blátt áfram einstaklinga og félagasamtök til að taka þátt í að gera Ísland að betri stað fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Það er hægt að gera með því að tryggja að foreldrar hafi þá þekkingu, hæfileika og bjargir sem þeir þurfa til að vernda börn sín. Í sameiningu getum við stuðlað að góðri félagslegri og tilfinningalegri líðan barna og komið í veg fyrir vanrækslu innan fjölskyldna og samfélagsins.

Blátt áfram er forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og vill með auglýsingum því tengdum vekja athygli á málaflokknum. Auglýsingar verða áberandi í fjölmiðlum, á netmiðlum og í strætisvögnum Strætó bs. í boði þeirra allan aprílmánuð.

Samtökin bjóða einnig upp á kynningar á fræðsluefni félagsins fyrir foreldra og aðra uppalendur. Það efni sem samtökin hafa upp á að bjóða er t.d. nýútkomin foreldrahandbók og einnig annað efni sem auðveldar þeim að ræða við börn sín.Rannsóknir sýna að þegar foreldrar hafa sex varnarþætti til staðar, minnkar hættan á vanrækslu og misnotkun og stuðningur við börn, unglinga og fjölskyldu eykst. Þessir sex þættir eru:

- Uppeldi og tengsl
- Þekking foreldra á uppeldi og þroska barna
- Seigla foreldra
- Félagslegt tengslanet
- Stuðningur fyrir foreldra
- Félags- og tilfinningalegt þroskaferli barna

OFBELDI



Sigríður Björnsdóttir
framkvæmdastjóri Blátt áfram



Guðrún Helga Bjarnadóttir
starfsmaður Blátt áfram

Með auglýsingum félagsins í vögnum Strætó bs., í boði þeirra og á vef félagsins í apríl viljum við minna á hversu erfitt það getur verið fyrir einstakling að stíga fram og segja frá ofbeldi.

Þegar einstaklingur segir frá er hann oft búinn að vera að velta því fyrir sér í langan tíma. Því miður þurfa börn, unglingar og fullorðnir einstaklingar ósjaldan að segja frá í fleiri en eitt skipti áður en þeim er trúað. Samfélagið sem við búum í vill og er að taka harðar á kynferðisbrotamálum, en á sama tíma eigum við erfitt með að trúa einstaklingi sem stígur fram og segir frá. Með það í huga þurfum við að endurskoða viðhorf okkar til einstaklinga sem leita sér hjálpar og er ekki trúað.

Hvað ætlar þú að gera þegar barn, unglingur eða fullorðinn einstaklingur segir þér frá?

# Hugleiðing – Eiga börnin þetta skilið ?

Vissir þú, að árlega missa mörg börn tengslin við annað foreldrið sitt vegna þess að lög landsins ná ekki að verja réttindi þeirra til þess að njóta tengsla við báða foreldra sína eftir skilnað? Vissir þú að fjöldi barna á Íslandi býr við fátækt, og þeir eru þannig ófærir um að bjóða börnum sínum upp á góð heimili vegna kerfislægs galla í lögum þar sem kerfið mismunar foreldrum eftir skilnað, eftir því hjá hvoru foreldri barnið hefur lögheimili?

Þann 12. maí 2014 var þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi um að stofnuð skyldi nefnd til að skoða hvernig jafna mætti stöðu foreldra, sem hafa sameiginlega forsjá. Því miður dróst það í rúma átta mánuði að skipa þessa mikilvægu nefnd og er það ámælisvert. Var það ekki fyrr en nýr ráðherra var skipaður að skriður komst á málið og nefndin var skipuð. En hér vil ég spyrja þig, kæri lesandi, hvort þú teljir eftirfarandi annmarka vera ásættanlega, út frá hagsmunum barnanna okkar.

Er það ásættanlegt að upphafleg nefnd var eingöngu skipuð lögmönnum?

Er það ásættanlegt að við nýskipan ráðherra, þá hafi aðeins einum sálfræðingi verið bætt við, en ekki reynt að skipa þverfaglega nefnd með aðkomu félagsráðgjafa og fleiri fagaðila sem hafa helgað sig þessu málefni sérstaklega? Hvað með að leita til mannréttindahópa eins og Félags um foreldrajafnrétti?

SAMFÉLAG



Birgir Grímsson
formaður Félags um foreldrajafnrétti

Er það ásættanlegt að nefndin hafi aðeins einn mánuð til starfsins? Eigum við ekki sem íbúar þessa lands að óska eftir því að þessi málaflokkur verði tekinn til víðtækrar endurskoðunar, með aðkomu allra fagaðila og mannréttindahópa og í hann séu settir þeir fjármunir sem þarf til að ná að bæta réttindi barna og koma í veg fyrir ónauðsynlegar deilur foreldra.

Er það ásættanlegt að nefndin eigi einungis að skoða stöðu foreldra sem hafa sameiginlega forsjá? Hvað með stöðu forsjárlausra foreldra sem einnig sinna umgengni en þurfa að fá nokkurn fjárhagslegan stuðning?

### Eykur lífsgæði barna

Á meðan staðan er eins slæm í dag og hún birtist okkur í Félagi um foreldrajafnrétti er nauðsynlegt að bregðast skjótt við. Fjöldi barna á á hættu að þurfa að glíma við andlega erfiðleika seinna á lífsleiðinni vegna skorts á samveru og öruggum tengslum við báða foreldra. Því miður falla enn þann dag í dag dómar um aðskilnað og minni umgengni jafnvel þótt báðir foreldrar séu jafn hæfir til að sinna barni sínu.

**➜ Á meðan staðan er eins slæm í dag og hún birtist okkur í Félagi um foreldrajafnrétti er nauðsynlegt að bregðast skjótt við. Fjöldi barna á á hættu að þurfa að glíma við andlega erfiðleika seinna á lífsleiðinni vegna skorts á samveru og öruggum tengslum við báða foreldra.**

Það er margbúið að sýna fram á hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum, að mikil samvera með báðum foreldrum eykur lífsgæði barna, andlega heilsu og árangur í skóla. Það er margbúið að sýna fram á að jöfn samvera er til þess fallin að auka möguleika kvenna til að ná starfsframa og hærri launum. Það er margbúið að sýna fram á að jöfn ábyrgð beggja foreldra og skilaboð frá yfirvöldum þess efnis, muni fækka deilum og þar með minnka líkur á erfiðleikum barna í kjölfar skilnaðar.

Það er mikil þörf á að aðlaga lögin breyttum tíðaranda til þess að skapa betra og farsælla samfélag. Ert þú tilbúinn að leggja þitt af mörkum? Félag um foreldrajafnrétti er félag sem berst fyrir rétti barna til beggja foreldra sinna.

# PÁSKAR!

## Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI




2 stk **799** kr
PÁSKALILJUR Í POTTI

1 stk **499** kr
PÁSKALILJUR Í POTTI



**1.490** kr
TÚLÍPANAR 10 STK



**20% afsláttur**
AF ÖLLU PÁSKASKRAUTI
(gildir ekki af ferskvöru)



**1.990** kr
ORKIDEA

**999** kr
VOR ERIKA




**59.900** kr
FULLT VERÐ: 65.900

ROYAL 320
**Hágæða grill frá Norður Ameríku**
3 ryðfríir brennarar: Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð vermigrind
Grillflötur: 38 x 67 cm
3000604




**19.900** kr
FRÁBÆRT VERÐ

**Gasgrill Outback** OUTBACK
Omega 100, 2 brennarar
3000226

**25% afsláttur**
ÖLL HARPA SJÖFN MÁLNING!

**7.421** kr
FULLT VERÐ: 9.895




Harpa Sjöfn veggmálning 10 ltr.
Sterk silkimött innimálning
7119968-7120006

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Gildir miðvikudag og fimmtudag meðan birgðir endast

# Húsnæðismál almennings

HÚSNÆÐISMÁL



**Benedikt Sigurðarson**
framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi hsf.

**→ Í flestum nágrannalöndum er leigu- og búseturéttarmarkaður – án hagnaðarkröfu – algengt eða algengasta form íbúðarekstrar fyrir almenning.**

Í stuttu máli er veruleiki almennings þannig að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu er alltof hátt. Byggingarkostnaður er allof hár og þvinguð kaup leiða yfir menn vaxtaokur með verðtryggingu sem er langt út úr korti. Leigumarkaður er hálfgerður ræningjamarkaður – og braskarar „harka tímabundið á markaðinum“. Húsnæðissamvinnufélög og leigufélög almennings sem rekin eru án hagnaðarkröfu eru afar lítil og sum veikburða. Skipulag hverfa og byggingar eru „verktakadrifnar“ og allt mögulegt hagræði af byggingastarfsemi og framlegð er leyst út úr greininni. Hagnaðurinn ef til verður fer að mestu til fjárfesta og verktaka en kemur ekki kaupendum eða húsnæðisfélögum til góða að neinu marki. Byggingar og húsnæðismarkaðurinn er þannig fyrst og fremst braskdrifinn og spinnur upp kostnað fremur en að leita hagkvæmni og hagræðingar og lækkandi verðs í þágu þess almennings sem þráir húsnæðisöryggi. Breyttar lánareglur frá 1. nóv. 2013 hafa fjölgað verulega í hópi þeirra sem ekki geta keypt á eigin kennitölu og reynsla eftirhrunsins gerir mörgum erfiðara eða ómögulegt að njóta aðstoðar fjölskyldu eða eldri kynslóða til að eignast húsnæði.

Í flestum nágrannalöndum er leigu- og búseturéttarmarkaður – án hagnaðarkröfu – algengt eða algengasta form íbúðarekstrar fyrir almenning. Hagkvæmar íbúðir þar sem lögð er áhersla á sveigjanlegar lausnir og samfélagslega ábyrgð – um leið og ýtt er undir fjölbreytni og umhverfisgæði.

Á árinu 2013 startaði Eygló Harðardóttir húsnæðisráðherra víðtæku samráði um mótun húsnæðisstefnu. Fjöldamargt var dregið upp á borðið til skoðunar í þessu ferli – en því miður skyggði fráleit staða Íbúðalánasjóðs og stjórnunarkreppa talsvert á þá lausnaleit sem fram hefði þurft að fara. Ekki er heldur ástæða til að vanmeta það yfirburðaafl sem lobbýistar á vegum banka og lífeyrissjóða hafa þegar kemur að samráðsferli. Þrátt fyrir málefnalegar tilraunir þeirra aðila sem tala fyrir v-evrópskum lausnum í húsnæðismálum gekk undarlega illa að fá verkefnisstjórnina til þess að hleypa efnislegum greiningum á því með hvaða hætti áherslur og starfsrammi leigu- og búseturéttarfélaga á EES-svæðinu væri almenningi hagkvæmari en hér hefði þekkst.

Verkefnisstjórn ráðherra skilaði tillögum og greinargerðum í maí 2014. Þar er vissulega sleginn verulega breyttur tónn varðandi áherslur – með því að gert er ráð fyrir að leigu- og búseturéttaríbúðir fái verulega aukið vægi í húsnæðisstefnunni til framtíðar.

**Lævíst áróðurstríð**

Frá þeim tíma sem tillögur verkefnisstjórnarinnar voru kynntar hefur staðið yfir lævíst áróðursstríð fjármálakerfisins gegn þeim áherslubreytingum sem gefið er undir fótinn með. Landsbankinn hefur farið þar fyrir öðrum fjármálafyrirtækjum með áróðri í þá veru að „allt sé í stakasta lagi á fasteignamarkaði“ – og bankinn spáir nú allt að 30% verðhækkun fasteigna á höfuðborgarsvæðinu á skömmum tíma. Lobbýistar lífeyrissjóða og bankanna fylla bæði eyrun á ráðamönnum og fjölmiðlafólki og þessum „málaliðum braskaranna“ tekst enn að fá almennu umræðuna til að hverfast mest um skammtímahagsmuni „fjárfesta“ og bankanna. Á sama tíma fjölgar þeim sem berjast á eignamarkaði með alltof þunga greiðslubyrði í of dýrum íbúðum í höfuðborginni eða berjast við markaðsbrest í jaðarbyggðum – og sá fjöldi sem alls ekki sér fram á að geta keypt á eigin kennitölu vex. Leigumarkaðurinn á þenslusvæðunum verður bara ruddalegri og alltof ótraustur og dýr. Sveitarfélögin komast upp með að innheimta óraunsætt yfirverð fyrir lóðir og smyrja á gatnagerðargjöld þannig að á höfuðborgarsvæðinu nemur fyrirframgreiðsla til sveitarfélaganna 16-23% af byggingarkostnaði almennra íbúða skv. mati Samtaka atvinnulífsins. Svo fyrir hvern er óbreyttu kerfi þá viðhaldið?

Hvernig stendur á því að fjölmiðlarnir virðast hafa mjög takmarkaðan áhuga á að fjalla um húsnæðismálin út frá þeim veruleika sem ríkir t.d. í Svíþjóð og Þýskalandi – þar sem sveitarfélög leika afar virkt hlutverk í því að örva framleiðslu hagkvæmra íbúða fyrir almenning í gegnum húsnæðissamvinnufélög og almenn sjálfseignarfélög/leigufélög almennings?




# Fjárráð gamla fólksins

SAMFÉLAG



**Sigrún Huld Þorgrímsdóttir**
hjúkrunarfræðingur

**→ Um leið og maður reynir að tala um öldrunarmál í öðrum dúr en „aumingja gamla fólkið“ dúrnum er maður búinn að stimpla sig illmenni.**

Guðrún Einarsdóttir, rúmlega áttræð kona sem bíður þess að flytja á hjúkrunarheimili, lét til sín heyra á dögunum um fjárráð sín og vandaði stjórnvöldum ekki kveðjurnar. Það var þarft framtak sem þegar í stað vakti athygli og mörgum brá í brún. Er gömlu fólki ætlað að lifa á 50 þúsund krónum á mánuði? Svívirða!

Það er svolítið erfitt að halda umræðunni áfram. Um leið og maður reynir að tala um öldrunarmál í öðrum dúr en „aumingja gamla fólkið“ dúrnum er maður búinn að stimpla sig illmenni. En ég ætla að reyna.

Mér finnst flott hjá dugnaðarkonunni Guðrúnu Einarsdóttur að tala opinberlega um kjör sín og fleiri aldraðra. Ef fleiri gerðu það væri málum aldraðra betur komið, en þeir eru ekki sterkur þrýstihópur. En mér fannst vanta á að RÚV sem birti viðtal við Guðrúnu fylgdi því eftir með frekari upplýsingum.

**Smá tilraun til slíkrar umræðu:**

„Vasapeninga“-fyrirkomulagið er eitt, rauntekjur annað. Árið 1990 breyttu Danir þessu fyrirkomulagi hjá sér: lífeyris- og bótaþegar sem bjuggu á ýmiss konar stofnunum héldu sínum tekjum en borguðu fyrir sig. Það þýddi ekki endilega að þeir hefðu meira fé handa á milli, en það þýddi að þeir höfðu sín fjárráð sjálfir. Af einhverjum ástæðum varð aðalumræðuefnið í fjölmiðlum frænda okkar á þessum tíma hvort eðlilegt væri að íbúar hjúkrunarheimila keyptu vændisþjónustu og ef svo væri hvort starfsfólk ætti að milligangast þau viðskipti. En það er önnur saga, segir þó kannski eitthvað um áhugasvið fjölmiðla fyrr og nú.

**Breytinga þörf**

Það að bætur fólks gangi upp í fæði og húsnæði að verulegu leyti er auðvitað raunveruleiki flestra sem lifa á bótum eða lífeyri. Ef hjúkrunarheimili væru skilgreind sem búseta, leiguhúsnæði líkt og þjónustuíbúðir, væri vissulega ekkert óréttlátt við það þótt íbúar greiddu upp að einhverju vissu marki fyrir það. Upphæðirnar munu ætíð verða umdeildar svo sem upphæða er siður. En íslensk hjúkrunarheimili eru skilgreind sem sjúkrastofnanir. Það gildir um allar slíkar – líka sjúkrahúsin, að fólk sem þarf að dvelja þar sex mánuði eða lengur missir bætur, sé það bótaþegar. Allir sjúklingar sem ætla að snúa aftur heim lenda í úlfakreppu vegna þessa, og er breytinga vissulega þörf.

Ég skil vel að Guðrúnu gangi illa að láta 50 þúsundin endast ef hún rekur jafnframt heimili. Jafnvel sem afgangur eftir að allar grunnþarfir eru greiddar eru þau fremur snautleg upphæð. En hvort sem maður er sammála eða ósammála þessu fyrirkomulagi – ég er til dæmis djúpt og innilega ósammála því – verður að hafa í huga að hugmyndin er að þetta sé afgangur þegar búið er að sjá fyrir helstu grunnþörfum: mat, húsnæði, þvottum, þjónustu, snyrtingu. Svona flókin rannsóknarblaðamennska er greinilega ofraun fyrir helsta fjölmiðil þjóðarinnar, því þetta kom hvergi fram.

Afnám „vasapeninga“-fyrirkomulagsins hefur verið á döfinni í velferðarráðuneytinu í mörg ár, án þess þó að það hafi skilað sér í neinu handföstu. Einnig hefur verið til umræðu, bæði þar og víðar, að fara að skilgreina hjúkrunarheimili sem búsetu fólks fremur en sjúkrastofnanir eins og nú er gert. Um það er þó deilt og m.a. með þeim rökum að fólk á hjúkrunarheimilunum hér sé svo miklu veikara en annars staðar. Vissulega erum við stórust í mörgu, en ekki þessu. Munurinn er frekar í hina áttina: íbúar íslenskra hjúkrunarheimila eru minna veikir en víða gerist.

Hjúkrunarheimilin þróuðust á sínum tíma út frá langlegudeildum sjúkrahúsa. Það leiddi til stofnanaumhverfis, með áherslu á líkamlega umönnun fremur en mannleg samskipti, á öryggi á kostnað frelsis, skipulag fremur en heimilislegt umhverfi. Allt er þetta á undanhaldi sem betur fer.

Enginn á heima á sjúkrastofnun. Sjúkrastofnun verður aldrei heimili.

# Er Fjallkonunni nú ætlað að selja blíðu sína?

FERÐAÞJÓNUSTA



**Einar Guðmundsson**
læknir

**→ Stoltið lá í að gesturinn færi sem ánægðastur og bæri gestgjöfum gott orð.**

Fjallkonan er fagurt tákn óspilltrar íslenskrar náttúru. Tákn um þá ómældu gestrisni og blíðu, sem þjóðin hefur notið af landi sínu gegnum aldirnar. Náttúrupassi er hugmynd sem gengur út á að Fjallkonan selji blíðu sína. Gestrisni er okkur Íslendingum í blóð borin. Menn tjölduðu gjarnan því sem til var svo að gestinum liði sem best meðan á heimsókn stóð. Fátækir Íslendingar gáfu hér áður fyrr af því litla sem til var af fæðu og viku jafnvel úr rúmi fyrir gestum. Stoltið lá í að gesturinn færi sem ánægðastur og bæri gestgjöfum gott orð.

Nú er svo komið í sögu þjóðarinnar að ákveðinn hópur manna fær dollaramerki í augun þegar von er á gestum og lítur á gesti þjóðarinnar sem „auðlind“, sem skila skuli hámarks arði. Mjólka skal hvern gest eins og hægt er og fátækir og auralitlir námsmenn, gjarnan kallaður bakpokalýður, því ekki sérlega velkomnir. Þessi dollarasækni hópur verður æ háværari og jafnframt átakanlegri. Margir fella tár þegar þeir heyra hvað á að gera dýra og volduga göngustíga við náttúruperlur landsins. Klósett og sjoppur við hvern foss? Krafan er gjald fyrir umgengni á landareign í eigu ríkis og einkaaðila. Svo óheppilega vill til fyrir þjóðina að ekki má mismuna fólki, þannig að Íslendingar þurfa sjálfir að greiða aðgangseyri að eigin náttúru. Þetta er hins vegar engan veginn óheppilegt fyrir þá dollarasæknu, því þeir fá meira í budduna. Margt hefur verið ritað um vandkvæði þess að hinir dollarasæknu stjórni aðgengi að náttúru Íslands um alla framtíð. Ekki er hér meiningin að endurtaka það, heldur hnykkja á nokkrum atriðum:

1 Er það svo að þjóðin sættir sig við að eigandi t.d. eldfjalls eins og Eyjafjallajökuls, eða eldstöðvar eins og Kersins, geti hirt allan gróða, en þjóðnýtt síðan tapið ef viðkomandi „eign“ fer að gjósa? Á eigandi fljóts að hirða allan gróða, en velta því yfir á almenning ef „eignin“ (fljótið) flæðir yfir bakka sína og veldur skaða? Er ekki víðtæk skaðabótaskylda hér sjálfsögð? Hvað ef eignin veldur truflun á flugsamgöngum. Skyldu flugfélög hafa áhuga á að leita réttar síns hjá landeigendum, eða þá farþegarnir?

2 Hvort eru það meiri náttúruspjöll a) að gras, mosi, grjót og mold séu niðurtroðin af mannavöldum og jafnvel með tilheyrandi for í rigningu, eða b) byggður sé innheimtuskúr, inngangshlið, menn í einkennisbúningum með bauka á ferðinni ónáðandi fólk og önnur slík tákn andstæð óspilltri náttúru?

3 Nú er það svo að umhyggja fyrir umhverfinu fer vaxandi hjá ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum. Hversu mikið hafa landeigendur lagt í það að leiðbeina fólki um hvernig umgengni þeir vildu sjá? Hafa landeigendur prufað að biðja um frjáls framlög til styrktar átroðnum svæðum, eða sjálfboðaliða til viðhaldsaðgerða?

4 Hefur verið hugað að því hvort væntanlegur aðgangseyrir fari yfirleitt í aðgerðir á þeim svæðum sem rukkað er fyrir? Eða verður rukkað og svo sukkað, svona 2007-dæmi? Er nokkuð sem hindrar að um innheimtuna verði stofnuð félög, sem auðvitað greiði arð, hvort sem framkvæmdir eru miklar eða litlar? Mun innheimtan leggjast af þegar svæðin eru orðin vel í stakk búin til að taka við fjölda ferðamanna, eða er komið á kerfi sem mun vara um aldur og ævi og börn og barnabörn okkar aldrei kynnast frjálsri íslenskri náttúru? Og þarf svo ekki að hækka verðið reglulega? Það verður auðvitað að fylgja verðlagi, þótt framkvæmdirnar geri það ekki endilega, eða mun einhver fylgjast með því að svo sé?

5 Hefur þjóðin hugsað það til enda ef landeigendur um allt land fara að rukka hver annan og almenning fyrir eðlilega umgengni um íslenska náttúru? Er ekki alltaf hægt að tala um slit, álag og þörf á uppbyggingu? Munu landlausir borgar- og bæjarbúar krefjast borgarpassa fyrir landeigendur, því auðvitað er álag og slit í bæjum eins og annars staðar?

6 Eðlilegast er að sveitarfélögin hafi yfirumsjón með náttúruperlum á sínu svæði. Þar býr fólkið, sem þekkir best til. Náttúruperlurnar eru hluti af gæðum þess að búa í viðkomandi sveitarfélagi. Margir fleiri í sveitarfélögunum hafa tekjur af sókn í náttúruperlur en bara landeigendurnir sjálfir. Því er eðlilegast að sveitarfélögin kosti viðhald og framkvæmdir á sínu svæði í nánu samráði við landeigendur. Sveitarfélögin geta skipulagt sjálfboðaliðastarf til viðgerða á svæðum, sem þurfa viðhald. Sveitarfélögin eigi síðan kost á að sækja í sjóði, sem ríkið hefur sett til þess arna. Hvernig ríkið safnar í þann sjóð er svo annað mál. Þannig yrði tryggt að auðmenn muni ekki ráða umferð um landið um aldur og ævi.

Fjallkonan er stolt tákn um fegurð og frelsi íslenskrar náttúru. Nú er heiður hennar í veði.



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN
Miðvikudagur 1. apríl 2015 | 13. tölublað | 11. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



# BYGGÐI UPP AF BJARTSÝNI EFTIR BANKAHRUNIÐ

→ Hugmyndin að Startup Iceland hófst með bókaklúbbi

→ Áhugi á íslenskri nýsköpun eykst með hverju árinu

→ Íslendingar glíma við eigin fordóma gagnvart útlendingum

SÍÐA 6

## Sýna Íslandi áhuga

Bandaríska kleinuhringja- og kaffihúsafyrirtækið Dunkin' Donuts á í viðræðum við aðila hérlendis um að hefja starfsemi hér. Þetta staðfestir Justin Drake, starfsmaður almannatengslaskrifstofu Dunkin' Donuts, í tölvupósti til Markaðarins. Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur til að opna kaffihús hér á landi á þessu ári. Ef af verður þá yrði það fyrsta alþjóðlega kaffihúsið á Íslandi. → SÍÐA 2

## Lánshæfismatið myndi hækka



„Ein af stóru niðurstöðum allra lánshæfisfyrirtækja um Ísland er sú að það er óvissan um það hvernig höftunum verður lyft sem gerir það að verkum að íslenska ríkið er í neðsta fjárfestingarflokki. Það er ekki það að við séum með höft, heldur það að við vitum ekki hvernig við ætlum að lyfta þeim," segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion. Lánshæfismatsfyrirtækin myndu hækka matið ef vel tækist til við losun hafta. → SÍÐA 4

## Nýtir reynsluna úr Kauphöll

„Mín markaðsreynsla kemur frá Kauphöll, þar var ég vörumerkjastjóri í rúm fimm ár og stýrði þar samræmingu markaðsaðgerða á tíu mörkuðum. Þaðan kemur sú reynsla sem ég ætla að nýta mér í fiskinum," segir Helga Thors, sem var nýlega ráðin markaðsstjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Helga segir það hafa verið stórkostlegt að vinna í Hörpu. → SÍÐA 8



STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Kannanir benda til þess að Íslendingar kaupi allt að 45 prósent af sínum fatnaði erlendis. → SÍÐA 12


Gámurinn er þarfaþing!
Gistigámar • Geymslugámar • Salernishús
Margir möguleikar í stærðum og útfærslum • Hagkvæm og ódýr lausn • Stuttur afhendingartími
Hafðu samband 568 0100
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is
ATHYGLI 03-2015

# Er Ísland betur statt en Írland?

Skjóðan

**ÞVÍ HEFUR VERIÐ** haldið fram að Írland hafi farið verr út úr bankahruninu en Ísland vegna þátttöku Íra í evrusamstarfinu sem hafi neytt írska ríkið til að bjarga írskum bönkum á meðan íslensku bankarnir fengu að falla. Enn eru þeir til sem halda því fram að hin fljótandi króna hafi bjargað miklu og leitt til fljótari og öflugri endurreisnar hér á landi en á Írlandi þar sem hin skelfilega evra hafi keyrt allt á bólakaf.



**EN ER ÞETTA SVO?** Er Ísland betur statt en Írland nú, þegar næstum eru liðin sjö ár frá hruni? Vöxtur landsframleiðslu á Írlandi var um 5 prósent á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofunnar var hagvöxtur hér á landi 1,9% á síðasta ári og nokkuð ljóst að án óvænts vaxtar í ferðaþjónustu og makrílveiðum hefði enginn hagvöxtur mælst hér á síðasta ári.

**BÆÐI ÍRLAND** og Ísland neyddust til að taka stór lán hjá AGS eftir hrunið. Við það að bjarga bankakerfinu ruku skuldir írska ríkisins úr 25% af landsframleiðslu í 123% á síðasta ári áður en þær tóku að lækka skarpt og mælast nú um 114%. Á sama tíma fóru skuldir ríkissjóðs Íslands úr 28,5% árið 2008 í 101% árið 2012 áður en þær tóku að lækka og eru nú ríflega 90%.

**ÍRAR** eiga enn sitt bankakerfi en íslensku bankarnir féllu og nú skulda þrotabú gömlu bankanna margfalda landsframleiðslu til erlendra kröfuhafa. Íslenska þjóðarbúið skuldar því mun meira en hið írska og hefur það að auki takmarkað aðgengi að alþjóðlegri mynt. Þetta er ein ástæða þess að Írar greiða nú mun hraðar niður lánin frá AGS en við Íslendingar.

**ATVINNULEYSIÐ** fór yfir 14% á Írlandi eftir hrun. Það er nú komið niður í 10% og stefnir í 7% innan tveggja ára. Á Íslandi fór atvinnuleysi hæst í 11,9% í maí 2010 en mælist nú nálægt 5%. Fjölmargir hafa hins vegar horfið af íslenskum vinnumarkaði ýmist með brottflutningi, námi eða vegna örorku þannig að dulið atvinnuleysi er mikið hér á landi.

**SKULDIR** írskra heimila náðu hámarki árið 2007 og hafa síðan lækkað. Skuldir íslenskra heimila hækkuðu hins vegar gríðarlega í hruninu á sama tíma og verðlag hækkaði hér á landi og kaupmáttur dróst saman. Þar kom evran írskum heimilum til hjálpar.

**ENDURREISNIN** er í fullum gangi á Írlandi en ekki sjáanleg hér á landi þegar sleppir ferðamönnum og flökkufiskstofnum. Írland er betur statt en Ísland. ESB-aðild og evra eru höfuðástæður þess.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3** Á UPPLEIÐ – Félög sem hækkuðu í verði

**10** Á NIÐURLEIÐ – Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ – Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
NÝHERJI 44,8% frá áramótum
REGINN 2,0% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
TRYGGINGAMIÐST. -14,1% frá áramótum
SJÓVÁ -19,9% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 115,50 | 11,1% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 225,00 | -5,1% | -1,3% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 37,60 | 7,4% | -2,0% |
| Hagar | 42,25 | 4,4% | -1,7% |
| HB Grandi | 37,95 | 12,3% | 0,4% |
| Icelandair Group | 21,10 | -1,4% | -1,9% |
| Marel | 152,50 | 10,5% | -1,0% |
| N1 | 26,83 | 15,6% | -2,4% |
| Nýherji | 7,50 | 44,8% | -2,2% |
| Reginn | 15,50 | 14,4% | 2,0% |
| Sjóvá | 10,69 | -10,5% | -19,9% |
| Tryggingamiðstöðin | 22,60 | -14,1% | -1,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,94 | -12,3% | 1,8% |
| Össur | 418,00 | 15,8% | -1,6% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.342,22 | 2,4% | -1,2% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 26,00 | 15,0% | 2,8% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan – dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 1. APRÍL**
**Fljótsdalshérað – Áætlun um birtingu ársreiknings**

**ÞRIÐJUDAGUR 7. APRÍL**
**Ísland.is – Íslyklar og innskráningarþjónusta**
**VÍB og Opni háskólinn – Atferlisfjármál**

**MIÐVIKUDAGUR 8. APRÍL**
**Lánamál ríkisins – Gjalddagi RIKB 15**
**Arion - Kauphallardagar**
**Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum**

**FIMMTUDAGUR 9. APRÍL**
**Hagstofan – Vöruskipti við útlönd**
**Arion - Kauphallardagar**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Dunkin' Donuts stefnir á að koma til Íslands

***Talsmaður Dunkin' Donuts staðfestir að rætt sé um að kaffihúsakeðjan hefji starfsemi hér á landi. Keðjan er nú starfandi í 34 löndum en fyrsta kaffihúsið á Norðurlöndum var opnað í fyrra.***

Bandaríska kleinuhringja- og kaffihúsafyrirtækið á í viðræðum við samstarfsaðila hérlendis um að hefja starfsemi hér. Þetta staðfestir Justin Drake, starfsmaður almannatengslaskrifstofu Dunkin'Donuts, í tölvupósti til Markaðarins. Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur til að opna kaffihús hér á landi á þessu ári. Ef af verður þá yrði það fyrsta alþjóðlega kaffihúsið á Íslandi.

„Eftir að hafa kannað málið hjá alþjóðaskrifstofu okkar þá getum við staðfest að Dunkin' Donuts hefur verið í viðræðum við fyrirtæki á Íslandi um að selja hágæða kaffi, samlokur og bakkelsi á Íslandi undir merkjum Dunkin' Donuts. Við höfum ekki skrifað undir samninga enn þá og getum því ekki veitt frekari upplýsingar á þessum tímapunkti," segir í svari frá Drake.




**ALÞJÓÐLEGT KAFFIHÚS** Almannatengslafulltrúi Dunkin' Donuts staðfestir að viðræður séu um opnun veitingahúss á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Dunkin' Donuts er eitt stærsta kaffihús í heimi og selur meira en einn milljarð kaffibolla árlega. Fyrirtækið, sem er með höfuðstöðvar í Canton í Massachusetts, var stofnað árið 1950 af William Rosenberg. Keðjan stækkaði ört og árið 1963 voru komnir 100 veitingastaðir í Bandaríkjunum. Árið 1965 var svo fyrsti veitingastaðurinn utan Norður-Ameríku opnaður en það var í Japan árið 1970. Fyrsta kaffihúsið á Norðurlöndunum var opnað í Taby-verslunarmiðstöðinni í Stokkhólmi, höfuðborg Svíþjóðar, þann 5. desember 2014.

Nú eru ellefu þúsund kaffihús víðsvegar í 34 löndum og kaupa rösklega þrjár milljónir manna kaffi þar á hverjum degi. Dunkin' Donuts selur alls kyns heita og kalda kaffidrykki, svo og kleinuhringina frægu, og kökur og rúnnstykki. jonhakon@frettabladid.is

**11.000** kaffihús er starfrækt í 34 löndum og kaupa rösklega þrjár milljónir þar kaffi..

Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA í BESTA ÞREP!
365
365.is Sími 1817
0–60 mín. og SMS 0 kr. 60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
60–365 mín. og SMS 2.990 kr. 365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Endalaust 4.990 kr. Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.
Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn.

Kynnir Seðlabankanum og fræðimönnum tillögur sínar á næstunni og vill umræðu í þinginu um þær:

# Vill taka upp þjóðpeningakerfi

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, ætlar að kynna Seðlabankanum og hagfræðingum hugmyndir sínar um endurbætur á peningakerfinu á næstu dögum. Hann vonast til þess að sérstakar umræður um þær geti farið fram í þinginu á næstunni.

Frosti kynnti hugmyndirnar fyrir forsætisráðherra og á blaðamannafundi í dag. Niðurstaða skýrslunnar er sú að svokallað þjóðpeningakerfi geti verið grundvöllur að endurbótum að peningakerfinu. Í slíku kerfi myndi Seðlabankanum einum vera heimilt að búa til peninga fyrir hagkerfið. Jafnframt yrði peningavaldinu skipt upp. Seðlabankanum yrði falið að skapa þá peninga sem hagkerfið þarf en Alþingi yrði falið að ráðstafa nýjum peningum með fjárlögum.

Frosti segir að hingað til hafi innlánsstofnanir aukið peningamagn margfalt hraðar en hagkerfið þoldi. Afleiðingar hafi orðið verðbólga, gengisfellingar, eignabóla og bankakreppa og valdið þjóðinni gríðarlegu tjóni.




**SKÝRSLA Á ENSKU** Íslensk málnefnd gerir athugasemdir við það að skýrslan var skrifuð á ensku með íslenskri samantekt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frosti telur að með þjóðpeningakerfi væri dregið úr óstöðugleika peningakerfisins, skuldsetning myndi minnka og tekjur af peningamyndun myndu renna til ríkisins í stað þess að renna til viðskiptabankanna.

„Hugmyndin er í sjálfu sér raunhæf en ég held að á þessu stigi yrði ekki raunhæft að fara fram með þingmál. Ég held að umræðan þurfi að dýpka í samfélaginu," segir Frosti þegar hann er spurður hvort tillögurnar séu raunhæf leið til að halda sjálfstæðum gjaldmiðli. -jhh




Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Júlía Steinþórsdóttir hefur veitt sveitarfélögum og opinberum aðilum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár.

**Rósa Júlía er viðskiptastjóri sveitarfélaga hjá Íslandsbanka.**

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2113



Taktu á móti
Debetkortum
á netinu

Valitor býður upp á lausnir við **móttöku greiðslukorta á netinu,** hvort sem er fyrir stærri vefverslanir eða minni. Nú hefur opnast sá möguleiki að söluaðilar geta boðið viðskiptavinum sínum að nota **Visa Electron** og **Maestro** debetkort í vefviðskiptum.

Geta söluaðilar því boðið upp á greiðslur með bæði **debet- og kreditkortum** í gegnum Greiðslusíðu og Greiðslugátt Valitor.

**Kynntu þér þessa nýjung** í síma 525 2080

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is



**FULLT ÚT ÚR DYRUM** Það var mjög fjölbreyttur hópur fólks sem kom saman í húsakynnum KPMG í Borgartúni til þess að kynna sér sviðsmyndagreininguna sem unnin var. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Telja afnám hafta verða trúverðugra með evru

***Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion segir að ef vel takist til við losun hafta muni lánshæfismat batna. Ný sviðsgreining sýnir að áhrif losunar hafta yrðu vægari með evruna í farvatninu.***

Það skiptir íslensku bankana verulegu máli hvernig til tekst við losun haftanna, sagði Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka, á fundi endurskoðunarfyrirtækisins KPMG í gær. Fundurinn bar yfirskriftina „Úr höftum með evru“.

„Ein af stóru niðurstöðum allra lánshæfisfyrirtækja um Ísland er sú að það er óvissan um það hvernig höftunum verður lyft sem gerir það að verkum að íslenska ríkið er í neðsta fjárfestingarflokki. Það er ekki það að við séum með höft, heldur það að við vitum ekki hvernig við ætlum að lyfta þeim,“ sagði Stefán. Hann benti á að allir þeir ráðgjafar sem við hefði verið rætt teldu að ef höftum yrði lyft með farsælum hætti þá kæmist Ísland í a-flokk í lánshæfi. Þetta myndi þýða miklu betri lánskjör fyrir ríkissjóð og þar af leiðandi miklu betri lánskjör fyrir banka og fyrirtæki í kjölfarið.

Á fundinum var kynnt ný skýrsla með sviðsmyndagreiningu á losun fjármagnshafta með upptöku evru. Nýja skýrslan er framhald af skýrslu sem gefin var út vorið 2014 um líkleg áhrif af losun fjármagnshafta.



STEFÁN PÉTURSSON

Í sviðsmyndagreiningunni er unnið út frá þeirri forsendu að ákvörðun hafi verið tekin um inngöngu í Evrópusambandið með upptöku evru. Gert er ráð fyrir að heildstæð áætlun um losun hafta og upptöku evru yrði mótuð og henni framfylgt.

KPMG stillir upp fjórum ólíkum sviðsmyndum. Ein þeirra ber yfirskriftina Íslenski draumurinn, þar sem gert er ráð fyrir hraðri losun hafta og hagvexti í helstu viðskiptalöndum. Önnur er Vonarneisti þar sem gert er ráð fyrir hraðari losun hafta en samdrætti í helstu viðskiptalöndum. Þriðja heitir Lága drifið þar sem er gert ráð fyrir hægri losun hafta og samdrætti í helstu viðskiptalöndum. Sú fjórða heitir Línudans þar sem gert er ráð fyrir hægri losun hafta og hagvexti í helstu viðskiptalöndum.

**4** sviðsmyndum er stillt upp í greiningu KPMG

> **Það er ekki það að við séum með höft, heldur það að við vitum ekki hvernig við ætlum að lyfta þeim.**

Það er niðurstaða þessarar sviðsmyndagreiningar að hraðara losunarferli hafi í för með sér auknar sveiflur í efnahagslífinu, sem orsakast að stórum hluta af þróun krónunnar. „Áhrifin af afnáminu verða miklu vægari og síður ögfafull ef evran er í farvatninu, umhverfið verður stöðugra, minni sveiflur í krónunni, stöðugra og lægra vaxtastig og meiri kaupmáttur,“ sagði Svanbjörn Thoroddsen, endurskoðandi og meðeigandi hjá KPMG, þegar hann kynnti skýrsluna.

jonhakon@frettabladid.is

Hagnaður Bautans nærri tvöfaldaðist milli ára. Aukningin meðal annars vegna leiðréttingar á gengisláni:

# Hagnaður Bautans 38 milljónir

Rekstrarfélag veitingastaðarins Bautans á Akureyri hagnaðist um 38 milljónir á síðasta ári. Hagnaðurinn jókst verulega á milli ára en hann nam 16,5 milljónum króna árið 2013

„Það er alltaf gott þegar gengur vel,“ segir Guðmundur Karl Tryggvason, eigandi Bautans.

Guðmundur segir að gengislán fyrirtækisins hafi verið leiðrétt á síðasta ári sem skýri aukinn hagnað að hluta. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 9,2 milljónum á síðasta ári.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 45 milljónum á síðasta ári en nam 22 milljónum árið 2013.

Eigið fé félagsins nemur 93 milljónum en skuldir 71 milljón og er eiginfjárhlutfall þess því 57 prósent. Handbært fé frá rekstri jókst um 7,3 milljónir króna á milli ára og nam í árslok 57,7 milljónum króna.

-ih




**BAUTINN** Hagnaður af veitingastaðnum jókst milli ára. MYND/ÆGIR DAGSSON


„HVORT SEM ÞÉR KAUPIÐ FÉ EÐA FIÐUR, VÉR PÖKKUM ÞVÍ INN FYRIR YÐUR"
VILTU POKA?
EHH, JÁ TAKK
KR 554,-
#FREE THE NIPPLE!
VAKÚM-POKAR
MATAR-FILMA (PRAKTÍSKT)
FRAUÐ-BAKKAR
STREKKI-FILMUR
BURÐAR-POKAR AF ÝMSUM TOGA
FÍLSTERKIR RUSLA-POKAR
KRUMPUHERPIFILMA
ÖSKJUR
LITLIR KASSAR, STÓRIR KASSAR
ALLSKONAR PRENTEFNI
HANDHÆGT!
VIÐ HJÁ ODDA FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR OG PRENTVERK SEM HENTA FYRIRTÆKJUM ÚT UM ALLAR TRISSUR. VIÐSKIPTAVINIR OKKAR ERU TIL DÆMIS VERSLANIR, VEITINGAHÚS, MATVÆLAIÐNAÐUR, SJÁVARÚTVEGUR OG ALLS KONAR ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI.
→ODDI.IS/515-5000
ODDI
VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM FÍNERÍ.

# Bókaklúbbur varð að Startup Iceland

***Þegar Bala Kamallakharan missti starfið hjá Glitni hófst hann handa við uppbyggingu. Úr varð Startup Iceland sem bráðum fer fram í fjórða sinn. Bala dreymir um að ráðstefnan verði að Iceland Airwaves frumkvöðlanna.***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Startup Iceland fer fram í fjórða sinn dagana 23.-28. maí. Upphafsmaður ráðstefnunnar, hinn indverski Bala Kamallakharan, hefur unnið hörðum höndum að því að fá þátttakendur víða að úr heiminum til þess að koma hingað og kynna sér íslenska nýsköpun og um leið að leggja henni lið.

Bala er giftur íslenskri konu og kom hingað til lands árið 2006. Hann vann á skrifstofu forstjóra Glitnis, Bjarna Ármannssonar, en fékk svo það verkefni að hafa yfirumsjón með stofnun banka á Indlandi. Þau plön runnu út í sandinn í bankahruninu og Bala missti starfið hjá Glitni. Þá voru góð ráð dýr.

Bala gekk illa að finna vinnu og það var erfitt fyrir hann að kyngja því. „Ég áttaði mig auðvitað á því hvaða aðstæður voru uppi á Íslandi. En ég velti samt fyrir mér af hverju ég gæti ekki orðið að liði á Íslandi. Af hverju ég væri ekki metinn að verðleikum í íslensku atvinnulífi. Ég var mjög miður mín og fór að leita skýringa. Ég staðnæmdist við þá staðreynd að ég er ekki Íslendingur. Það væri eina ástæðan,“ sagði hann.

Hann taldi á þessum tíma að þrír möguleikar væru í stöðunni, að fara aftur til Bandaríkjanna og í gamla starfið sitt þar, að hlaupa í fjölmiðla og kvarta yfir óréttlætinu sem hann mætti. Hann taldi að báðir þessir leikir væru rangir. Þriðji möguleikinn var að byggja upp. Og það var þá sem honum datt í hug að byrja að starfa með frumkvöðlafyrirtækjum eða því sem líka hefur verið kallað startup-fyrirtæki.

### Hitti Clara-teymið

Hann sá strax að tækifærin gætu leynst hjá hugbúnaðarfyrirtækjum. „Ég fór og hitti eitt hugbúnaðarteymið, sem var Clara-teymið, og þau voru að reyna að afla fjár til að byggja upp sitt fyrirtæki,“ segir Bala. Hann segist ekki hafa átt neinn pening og því ekki getað látið þau hafa neitt. En hann gat nýtt tengsl sín til þess að hjálpa þeim að afla fjár og fékk pening frá fjölskyldu og vinum á Indlandi og samstarfsmönnum í Bandaríkjunum. Svo var ákveðið að fjárfesta í Clöru.

Bala segir að þegar hann byrjaði að vinna með Clara-teyminu hafi honum orðið ljóst að samfélagið hér á Íslandi væri ekki að huga nægilega mikið að nýsköpun. „Samfélagið var ekki að huga að því að byggja ný fyrirtæki. Samfélagið var bara að einblína á bankahrunið,“ segir Bala. Þetta hafi verið svolítið mótsagnakennt. Margt ungt fólk hafi verið hér sem horfði björtum augum fram á veginn, en eldra fólk var almennt mjög neikvætt. „Ég hugsaði því hvort ég gæti lagt mitt af mörkum og fór að vinna með þessu teymi. Ég varð eins og þjálfari þeirra. Þau voru mjög fær á sínum sviðum en þau höfðu enga reynslu af því að byggja upp fyrirtæki, byggja upp tekjustreymi. Þau vissu ekki einu sinni hvað tekjustreymi var. Það var mjög margt sem ég hjálpaði þeim við að gera,“ segir Bala. Hann tekur fram að teymið sem var þarna að baki hafi verið mjög duglegt og verið ótrúlega öflugt við að byggja sig upp. Clara var síðar selt fyrir 9 milljónir dala. Það samsvarar 1,2 milljörðum króna.



**BYRJAÐI 2012** Bala segir að þegar hann byrjaði að vinna með Clara-teyminu hafi honum orðið ljóst að samfélagið væri ekki að hugsa nóg um nýsköpun. Það væru allir of uppteknir af bankahruninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ÍSLANDSSJÓÐIR HÆTTU VIÐ ÞÁTTTÖKU Í FJÁRFESTINGASJÓÐNUM

Íslandssjóðir, dótturfélag Íslandsbanka, og Bala tilkynntu fyrir tæpu ári fyrirhugað samstarf við að koma á fót fjárfestingasjóði fyrir sprotafyrirtæki þar sem horft yrði til þess að koma snemma inn í uppbyggingarferli nýrra fyrirtækja og fjárfesta til um þriggja ára. Stefnt var að því að sjóðurinn yrði um fjórir milljarðar. Bala segist enn stefna að því að ljúka fjármögnun sjóðsins, en Íslandsbanki hafi ákveðið að hætta við þátttöku í verkefninu.

„Þeir eru því ekki hluti af þeim sjóði. En ég ætla að halda áfram með þennan sjóð. Það tekur tíma að afla fjár. Við fengum mikla athygli hjá öllum lífeyrissjóðunum hér. En ég tel að þar sem allir hinir sjóðirnir lokuðu á undan okkur þá hugsi fjárfestar sem svo að það sé komið nóg. Það séu nógu margir sjóðir sem séu búnir að fjárfesta þarna. Ég held að það sé ekki rétt,“ segir Bala.

Hann segist telja að hluti af ástæðunni fyrir því að ekki hafi tekist að fjármagna sjóðinn sé hugsanlega að hann sé ekki Íslendingur. „Ég er kannski að segja eitthvað sem er menningarlega viðkvæmt, en þetta er sannleikurinn. Og ég verð að segja sannleikann. Ísland glímir við fordóma, jafnvel gagnvart fólki eins og mér,“ segir Bala. Þessu þurfi að breyta og það þarfnist umræðu.

### Byrjuðu á bókaklúbbi

Bala segir að eftir þetta hafi hann komist að því að það þyrfti að byggja upp frumkvöðlasamfélag. Að tengja frumkvöðlana á Íslandi saman. „Við byrjuðum á bókaklúbbi. Við hittumst á Cafe Sólon og lásum startupbækur. Ég leiddi saman nokkra frumkvöðla og við byrjuðum að lesa kafla og tala um það hvernig ætti að byggja upp fyrirtæki,“ segir Bala. Hann hafi strax farið að velta fyrir sér af hverju það væri ekki hægt að gera þetta á breiðari grundvelli. Að búa til einhvern viðburð þar sem frumkvöðlar gætu hist. Hann hafði samband við Brad Feld, sem hefur fjárfest í nýsköpun í áratugi og tekið þátt í að byggja upp fyrirtæki. Feld hafði strax áhuga á að koma og hjálpa honum.

### Fyrsta skiptið að Ásbrú

Þegar Startup Iceland var fyrst haldið, árið 2012, fór það fram að Ásbrú. „Það er saga þar að baki. Ég náði ekki að safna mjög miklu fé því enginn vissi hvað þetta var,“ segir Bala og bætir því við að það hafi þá bara verið einn aðili sem var reiðubúinn til að hýsa þennan atburð ókeypis. Og það var að Ásbrú, þar sem húsnæðið stóð autt. „Það var auðveldara að halda þennan viðburð í annað skipti og enn auðveldara í þriðja skipti. Nú er komið að því að Startup Iceland er haldið í fjórða skipti,“ segir Bala. Hann segir að nú þegar sé búið að ákveða ræðumenn fyrir vorið og fjöldi miða hafi þegar verið seldur. Það hafi gengið mjög vel að undirbúa þetta, þótt fjármagnið sé ekki mikið. Einungis 50-60 þúsund dalir, eða sem samsvarar um 7-8 milljónum króna.

Bala segist eiga von á mörgum áhrifamönnum á sviði nýsköpunar hingað á ráðstefnuna. Það þyki einfaldlega spennandi að koma hingað. „Það er bara svo skemmtilegt að svo mikill árangur hafi náðst á smárri eyju eins og hér á Íslandi,“ segir Bala. Eftir að Clara var selt hafi þrjú fyrirtæki verið seld, hvert á fætur öðru. Betware, DataMarket og Modio. Á sama tíma hafi gengið vel að fjármagna QuizUp og Meniga. Fulltrúar þessara fyrirtækja muni verða á meðal ræðumanna. Þá sé hann einnig búinn að biðja Róbert Wessman að halda erindi um Alvogen.

### Tengslamyndun er markmiðið

Bala segir að tengslamyndun sé aðalmarkmiðið með Startup Iceland. Bæði að frumkvöðlar geti byggt upp tengsl hver við annan, en líka að íslenskir frumkvöðlar geti myndað tengsl við erlenda áhrifamenn. „Ekki til að fá fjármagn, heldur bara þannig að íslenskir frumkvöðlar geti myndað tengsl við menn sem hafa náð árangri á sínu sviði og geta miðlað reynslu sinni,“ segir hann.

Bala segir að Hakkaþonið í Háskólanum í Reykjavík sé líka hluti af Startup Iceland. Hér áður fyrr hafi verið keppt í hakki, sem þýðir að brjótast inn í tölvur. Hakkaþonið snúist ekki um það, heldur um að byggja eitthvað sem skiptir máli og geti mögulega skapað verðmæti. „Ég vildi byggja upp slíka menningu og við gerðum það,“ segir Bala. Að þessu sinni verði Hakkaþonið haldið í samstarfi Startup Iceland og RU /sys/tur sem er félag innan Háskólans í Reykjavík.

**„Ég staðnæmdist við þá staðreynd að ég er ekki Íslendingur. Það væri eina ástæðan.**

„Ég vil byggja upp Startup Iceland þannig að það verði eins og Iceland Airwaves frumkvöðlanna. Þetta verði staðurinn þangað sem fólk alls staðar að úr heiminum vill koma og sýna fólki hvað það er að gera.“ segir Bala. Og hann segir að það verði auðveldara með hverju árinu að fá menn á ráðstefnuna. Fyrir því séu þrjár ástæður. Í fyrsta lagi sé Startup Iceland að verða betur kynntur atburður. Í öðru lagi viti fólk núna að það sé ekkert mál að komast til Íslands. Og í þriðja lagi þá viti fólk að nýsköpunarfyrirtækjum gangi vel á Íslandi. Það sé ekki síst þriðja atriðið sem hrífi fólk. Því að fólk skynjar Ísland sem land þar sem hlutirnir verða til. Þar sem fólk getur gert ýmislegt. „Með sögur á borð við Quizup, Modio og Clara, þá eykst áhuginn á Íslandi,“ segir Bala.

### Verkefni til framtíðar

Startup Iceland verður því til frambúðar en Bala er að auki með tvö verkefni í startholunum til að skjóta frekari stoðum undir ráðstefnuna.

Hið fyrra er námskeið í HR sem ber yfirskriftina „Hvernig á að setja á fót nýsköpunarfyrirtæki?“ Námskeiðið verður ætlað öllum frumkvöðlum, hvort sem þeir eru í doktorsnámi eða BA-námi. Bala bendir á að grundvallaratriðin í því að byggja upp fyrirtæki séu mörg þau sömu. „Fjörutíu prósent af því eru sömu grundvallaratriðin. Mig langar því til að kenna þessi fjörutíu prósent. Síðan geta aðrir byggt ofan á það,“ segir Bala.

Hið seinna sem hann ætlar að gera er að byggja upp frumkvöðlasetur á Íslandi. Frumkvöðlasetur verður kvöldprógramm fyrir fólk sem er í vinnu. Þar munu frumkvöðlar sem hafa byggt upp fyrirtæki koma saman og leiðbeina öðrum við að stofna þeirra eigin fyrirtæki. Ætlast er til að stór hluti nemenda í Frumkvöðlasetrinu muni útskrifast og stofna um leið eigin fyrirtæki.

Bala fagnar því að það sé líka verið að efla frumkvöðlastarf annars staðar, eins og með Startup Reykjavík, Startup Energy Reykjavík og fleiri verkefnum. „Og það er frábært að það sé verið að stofna alla þessa sjóði um þessar mundir,“ segir hann. Það verði að halda áfram því verkefni að byggja upp vöðvaþreði til þess að styrkja samfélagið. Hann vilji byggja upp frumkvöðlasamfélag sem styrkist með tímanum. „Það þarf að vinna stöðugt í frumkvöðlastarfinu þannig að við séum sífellt að styrkja okkur og sífellt viðbúin því óvænta,“ segir Bala.

**PÁSKABINGÓ**
**Páskabingó verður haldið í bókasafninu Sólheimum í dag klukkan 15. Páskaegg og fleiri glaðningar verða í boði. Góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna.**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Áttu í erfiðleikum með að koma hörfræolíunni niður?
Nú fáanleg í hylkjum!
• Ein besta uppspretta omega 3 fitusýra sem völ er á
• Fyrir hormóna-, tauga, hjarta- og æðakerfin, og heilbrigði frumuveggja.
natures aid Flaxseed Oil 1000mg
Nýjung
www.gengurvel.is
Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana

Til hvers að flækja hlutina? 365
LIFÐU Í NÚLLINU!
365.is | Sími 1817



**TIGNARLEGUR**
Goðafoss er einn af vatnsmestu fossum landsins og um leið einn sá fallegasti. MYND/ÚR EINKASAFNI

# EINSTÖK NÁTTÚRA

**LJÓSMYNDIR** *Hjónin Sigrún og Pálmi eyða stærstum hluta frítíma síns úti í náttúrunni við ljósmyndun þar sem fallegt og fjölbreytt myndefni er í boði.*

Hjónin Sigrún Kristjánsdóttir og Pálmi Bjarnason kynntust árið 2003 gegnum sameiginlegt áhugamál, ljósmyndun. Síðan þá hafa þau ferðast mikið innanlands og unnið að mörgum spennandi ljósmyndaverkefnum saman. Sigrún segir markmiðið alltaf vera það sama þegar kemur að ferðalögum innanlands; að skoða landið og taka ljósmyndir. „Ferðamátinn hefur breyst, frá því að ferðast á jeppa með tjaldvagn í eftirdragi, yfir í húsbíl þar sem við búum í sumarfríinu og flestar helgar á sumrin og reyndar þó nokkrar yfir veturinn."

Hjónin hafa bæði haft áhuga á ljósmyndun frá unga aldri en sá áhugi komst aftur á flug um það leyti sem þau kynntust. „Við héldum fyrstu ljósmyndasýninguna árið 2006 ásamt félögum okkar. Í framhaldinu gaf

▶



**SAMHELDIN** Ljósmyndun er helsta áhugamál hjónanna. MYND/ANDRI MARINÓ

2 hylki fyrir stóra máltíð og maginn verður glaður
natures aid Digestive Enzyme Complex
Njóttu þess að borða um Páskana
Digestive meltingarensímin geta hjálpað okkur að brjóta niður fæðuna og losað okkur við meltingarónot og uppþembu.
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana og stórmarkaða.
www.gengurvel.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












**DROTTNINGIN** Herðubreiðarlindir innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Drottning íslenskra fjalla, Herðubreið, er í baksýn. MYND/ÚR EINKASAFNI

hópurinn út ljósmyndabókina „Okkar sýn á Ísland“ sem kom út vorið 2008. Næst gaf hópurinn út „Incredible Iceland“ en fyrsta bók okkar hjóna kom út 2012 og ber nafnið „Iceland in Your Pocket“. Önnur bók okkar er svo væntanleg núna í vor auk þess sem við erum með tvö verkefni í vinnslu þar sem við höldum áfram að blanda saman mannlífi og náttúru landsins.“

Meginviðfangsefni Sigrúnar og Pálma er íslensk náttúra í öllum sínum myndum ásamt daglegu lífi fólksins sem nýtir hana af skynsemi og lifir í sátt við umhverfi sitt. „Náttúra Íslands er einstök. Það eru ekki margir staðir í heiminum þar sem hægt er að sjá svarta sanda, mosagróin hraun, tignarlega jökla, stórar jökulár og fossa, jarðhita og líparítfjöll og sól og slagveður á sama klukkutímanum. Og það á jafn litlu landi og Íslandi. Heitasta ósk okkar er að stjórnmálamenn geri sér ljóst í hverju framtíðarverðmæti landsins er fólgið. Það kemur að því að ekki verður hægt að virkja meira og hvað á þá að gera til að efla hagvöxt? Raunverulegt verðmæti landsins er fólgið í því sjálfu, ekki því sem mennirnir búa til. Við þurfum að huga að íslenskri náttúru og vernda hana ef við erum ekki ákveðin í að leggja landið í auðn.“ Myndir hjónanna má skoða á www.icelandimage.com.



**GULLMOLI** Jökulgil í Landmannalaugum í allri sinni litadýrð.

# NOKKUR ORÐ UM EIFFEL-TURNINN

Eiffel-turninn í París varð 126 ára í gær. Turninn er frægasta kennileiti Frakklands og jafnvel allrar Evrópu. Hér eru nokkrar skemmtilegar staðreyndir um þennan fræga turn.

- Byggingu turnsins var lokið 31. mars 1889. Hann var stærsta mannvirki í heimi í 41 ár þar til Chrysler-byggingin í New York reis 1930.
- Hann er 324 metra hár og vegur 10,1 tonn.
- Þeir sem ganga upp í topp þurfa að fara 1.665 stigaþrep. Flestir taka lyftuna.
- Lyfturnar ferðast um 103 þúsund kílómetra á ári.
- Í köldu veðri lækkar turninn um 15 cm.
- Nærri 250 milljónir manna hafa heimsótt turninn frá upphafi.
- Um sjö milljónir skoða turninn árlega.
- Árið 1944, þegar bandamenn nálguðust París, skipaði Hitler Dietrich von Choltitz, hernaðarlegum stjórnanda Parísar, að eyðileggja turninn ásamt öðrum hlutum Parísar. Hann neitaði.
- Turninn er málaður á sjö ára fresti. Til þess þarf 60 tonn af málningu.
- Höfundur turnsins, Gustave Eiffel, átti litla íbúð á þriðju hæð og hélt þar boð fyrir vini sína. Í dag má skoða íbúðina.
- Eiffel-turninn og Margaret Thatcher deila gælunafni. Þau eru kölluð La Dame de Fer, eða Járnfrúin.
- Utan á turninum eru 20 þúsund ljósaperur sem lýsa hann upp á hverju kvöldi.



# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum



**Aðahaldsbuxur**

*Villtu minnka um tvö númer ?*

*Verð aðeins kr 6.990*



**Tunika**

*Litir:*

*svart - offwhite - coral*

*stærðir 38 - 48*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 5.990 kr.-**



**Tunika**

*Litir:*

*svart - offwhite - coral*

*stærðir 38 - 44*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 5.990 kr.-**

**COSMO**

**Kringlunni**

# ELDHUGAR ÞURFA AÐ VERJA ÍSLENSKA TUNGU

**NÁMSMAÐUR** *Tónlistarmaðurinn og hljómplötuútgefandinn Óttar Felix Hauksson ákvað að setjast aftur á skólabekk fyrir fimm árum. Hann nýtur námsins og stefnir á doktorsnám í haust.*



**STOLTUR** Ánægður íslenskufræðingur fyrir utan Háskóla Íslands.

Óttar segist lengi hafa gengið með þann draum í maganum að fara í íslenskunám þegar tími gæfist til þess. Haustið 2010 hóf hann BA-nám í íslensku við Háskóla Íslands. Hann segir að eins og mörgum Íslendingum þótti honum vænt um móðurmálið, málfræði og bókmenntir. „Ég var ekki hár í loftinu þegar ég kynntist fornritunum og hef síðan skynjað að þar væri að finna innviði íslenskrar tungu. Það heillaði mig að fá að skyggnast betur um í þessum heimi, ná tökum á fornmálinu, málsögunni og endurnýjakynnin af miðaldabókmenntunum,“ svarar Óttar Felix þegar hann er spurður um ástæðu þess að hann valdi íslensku.

**ÍSLENSKAN ER FORRÉTTINDI**

Óttar er nýlega orðinn 65 ára. Meðstúdentar hans eru nokkuð yngri en Óttar er ekki óvanur því að umgangast ungt fólk. „Mér hefur nú oftast liðið vel innan um fólk, jafnt unga sem aldna. Ég held að það sem tengi okkur í íslensku- og menningardeildinni, nemendur jafnt sem kennara, á öllum aldri, sé væntumþykjan í garð tungunnar okkar. Við finnum að við Íslendingar búum við einstök forréttindi fram yfir aðrar Evrópuþjóðir. Þjóðinni hefur tekist að varðveita samhengið í þróun málsins allar götur síðan ritun á íslenskri tungu hófst fyrir næstum níu hundruð árum. Það er mikilsvert fyrir okkur að vera læs á íslenskar bókmenntir allra alda en þó er enn mikilvægara að okkur auðnist að skila þessu órofna samhengi íslenskrar tungu til komandi kynslóða,“ segir hann.

**KOM EKKI Á ÓVART**

„Við þurfum að standa vörðinn, íslenskan stendur nefnilega mjög höllum fæti gagnvart enskunni á ýmsum sviðum. Í öllum umdæmum þarf að verja móðurmálið; í fjölmiðlum, fyrirtækjum, stofnunum, heimilum og skólum. Ég vona að ungir eldhugar komi inn, í auknum mæli, í íslensku- og menningardeildina og nemendur og kennarar annarra deilda taki upp hanskann fyrir íslenskuna í sínum störfum, ekki veitir af,“ segir hann enn fremur og bætir við að það hafi ekki komið neinum á óvart í fjölskyldunni að hann settist aftur á skólabekk. „Nei, ég var búinn að hafa orð á að það kæmi að því. Það var aðeins spurning hvenær tækifæri myndi gefast.“

**DOKTORSNÁM Í HAUST**

Óttar Felix skilaði BA-ritgerðinni árið 2013. Hún fjallaði um riddarasögur í samhengi menningarsögu og miðaldabókmennta. Hann vinnur nú að meistararitgerð sem fjallar um fornaldarsögur Norðurlanda, konunga og konungshugmyndir. „Ég ætla að skila henni í sumar ef allt gengur að óskum,“ segir hann en áhugi hans á framhaldsnámi jókst eftir því sem leið á námið. „Ég hef þegar sótt um doktorsnám við HÍ, í íslenskum bókmenntum, á hausti komanda,“ segir hann stoltur.

Óttar segir að það hafi verið skemmtilegt að setjast aftur á skólabekk? „Já, það má með sanni segja, það var það skemmtilegt að ég hef ekki sleppt úr einum einasta tíma, þessa fimm vetur, í þeim námskeiðum sem ég hef verið skráður í.“

En hefur eitthvað komið honum á óvart? „Það er þá helst hversu íslensku- og menningardeildin í Árnagarði hefur á að skipa sterkum kennarahópi. Þar er einvalalið bókmennta- og málfræðiprófessora sem ég hef notið kennslu hjá ásamt því að þiggja góð ráð starfsfólks Stofnunar Árna Magnússonar á annarri hæðinni. Mér hefur liðið vel innan veggja Árnagarðs. Þar er gott fólk og góður andi,“ svarar hann.

Þegar Óttar er spurður hvernig hann hyggist nýta námið, svarar hann: „Það eru mörg óunnin verk á akri íslenskra fræða. Ég vona að Guð gefi að ég geti orðið að einhverju gagni sem verkamaður á akrinum.“

**ROKKAÐ Á KRINGLUKRÁNNI**

Óttar hefur rekið hljómplötuútgáfuna Zonet meðfram náminu. Hann segir það hafa gengið áfallalaust. „Haustmisserin hafa þó verið þyngri á bárunni, því þegar jólin nálgast þá fer aðalútgáfutíminn í hönd. Með góðu skipulagi hefur þetta allt saman blessast,“ segir hann.

Þrátt fyrir krefjandi nám hefur Óttar sömuleiðis stigið á svið með félögum sínum í Gullkistunni og tekið lagið. „Það er heiður að fá að standa á sviði með snillingum á borð við Gunnar Þórðarson, Ásgeir Óskarsson og Jón Ólafsson. Við munum stíga á svið 1. maí á Kringlukránni, þá ætlum við að hittast og borða saman, öll sem vorum í Laugalækjarskóla 1965, fyrir fimmtíu árum, fólk sem fæddist á árunum 1950-1958 en ballið verður að sjálfsögðu öllum opið. Þá verð ég vonandi búinn að skila Guðrúnu Norðdal síðustu námskeiðsritgerðinni, um dróttkvæði og Íslendingasögur – og get rokkað skammlaust.“



**MEÐ POPPURUM** Hér er Óttar Felix í hópi góðra poppara.





Leggðu rækt við þig
og lifðu góðu lífi - Páskatilboð í gangi!

Við höfum um áraraðir boðið konum á öllum aldri fjölbreytta, heilsueflandi líkamsrækt og leggjum metnað í að veita vandaða og örugga þjálfun sem byggir upp og viðheldur líkamshreysti.

Æfingakerfi okkar miðast við að skapa vellíðan og leggja þannig grunn að auknum lífsgæðum.

**1-2-3. NÝTT ÞJÁLFUNARKERFI JSB:**
Mikið úrval af opnum tímum frá morgni til kvölds. Blönduð æfingatækni þar sem rík áhersla er lögð á rétta líkamsbeitingu.

**Bjóðum sérsniðin kort fyrir þínar þarfir**
- Hvað má bjóða þér marga mánuði?
- Staðgreiðslu eða áskrift?
- Kynntu þér málið á jsb.is.

**Innritun stendur yfir í síma 581 3730 og á jsb.is**

Velkomin í okkar hóp!

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

# SAMSTARF SEM ER TIL HAGSBÓTA FYRIR NEMENDUR OG FYRIRTÆKI

**HÁSKÓLI ÍSLANDS KYNNIR** *Áralangt samstarf viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og Íslandsstofu hefur verið einkar ánægjulegt. Í verkefninu fá meistaranemar í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum tækifæri til að starfa með raunverulegum fyrirtækjum að greiningu á markaðstækifærum. Fyrirtækin fá þannig nýja og ferska sýn nemendanna sem getur nýst þeim vel í markaðssetningu á alþjóðamarkaði.*

Íslandsstofa hefur í 25 ár staðið fyrir verkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH), en það gengur út á að aðstoða fyrirtæki sem stefna á alþjóðamarkað við að gera markaðs- og aðgerðaáætlun,“ segir Björn H. Reynisson verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu.

ÚH-verkefnið stendur yfir í sjö mánuði. „Við hittum fyrirtækin einu sinni í mánuði, tvo daga í senn. Þau fá fyrirlesara og ráðgjafa á hverju sviði sem fer yfir málefni markaðs- og aðgerðaáætlunar sem þau vinna að og fá þess á milli tíma með ráðgjafa sem aðstoðar þau við vinnuna.“

**NEMENDUR VINNA AÐ MARKAÐSGREININGU**

Fyrir 15 árum hóf Íslandsstofa samstarf við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands sem hefur gefist afar vel. „Nemendur í námskeiðinu alþjóðamarkaðssetning, sem er hluti af meistaranámi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum, starfa með fyrirtækjum okkar í ÚH-verkefninu. Nemendum er skipt í 4-6 manna hópa sem hver og einn vinnur með einu fyrirtæki þar sem verkefnið snýst aðallega um að vinna markaðsgreiningu á erlendum markaði fyrir vöru fyrirtækisins,“ lýsir Björn.

Nemendurnir vinna með fyrirtækjunum í einn og hálfan mánuð og sjá fyrirtækin um að útvega þeim þær upplýsingar sem þarf til að greina tækifærin fyrir þá vöru sem ætlunin er að bjóða á erlendum markaði.

„Nemendurnir nýta m.a. gagnabankann Marketline við vinnu sína en þar má finna upplýsingar um lönd og markaði fyrir ákveðna vöru og þjónustu og einstök fyrirtæki. Hann nýtist nemendum mjög vel þar sem þeir geta bæði skoðað almennar upplýsingar um löndin en einnig fengið upplýsingar um það sem getur haft áhrif í viðskiptaumhverfinu,“ lýsir Björn.

**GÓÐ ÚTKOMA**

Björn segir samstarfið við Háskóla Íslands afar vel heppnað. „Auðvitað er mismikið hversu mikið fyrirtækin geta nýtt sér greiningarvinnu nemendanna en samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á verkefninu frá upphafi eru fyrirtækin í heild sinni mjög ánægð með samstarfið við nemendurna,“ segir Björn. „Í dag hafa 216 fyrirtæki tekið þátt í ÚH-verkefninu frá upphafi og verða þau samtals 225 í apríl þegar þau níu fyrirtæki sem nú eru í verkefninu útskrifast.“

Fyrirtækin eru af öllum stærðum og gerðum. „Þar má nefna fyrirtæki á borð við Össur og Marel sem tóku þátt í upphafi verkefnisins. Einnig Mentor, True North, Jarðböðin, TrackWell, Sæmark, Batteríið Arkitektar, Mannvit, Nóa Síríus og mörg fleiri. Sum fyrirtækin eru ung og að stíga fyrstu skrefin á erlendan markað, önnur eru rótgróin og hafa verið í útflutningi um hríð en vilja gera vinnu sína markvissari og skilvirkari.“

**ÁVINNINGUR FYRIR BÁÐA AÐILA**

Björn segir verkefnið til hagsbóta bæði fyrir nemendur og fyrirtæki. „Nemendur fá þarna reynslu af að vinna að raunverulegum verkefnum innan fyrirtækja. Fyrirtækin á hinn bóginn fá einstaklinga sem koma með nýja nálgun inn í verkefnið,“ segir Björn og telur mikilvægt að fleiri fyrirtæki nýti sér starfskrafta nemenda. „Háskólar hafa kallað eftir auknu samstarfi við fyrirtæki,“ segir Björn

„Við hjá Íslandsstofu höfum í nokkur ár verið með starfsnema í sex til átta mánuði í senn sem vinna með námi og hefur það nýst okkur mjög vel. Björn segist hafa heyrt um nemendur sem hafi unnið áfram með fyrirtækjum í ÚH eftir að námskeiði þeirra lýkur. „Sumir hafa gert lokaverkefni í tengslum við þau fyrirtæki sem þau unnu að,“ segir hann og líkast til eru það bestu meðmælin sem svona samstarf getur fengið.



**GEFUR GÓÐA RAUN** Björn H. Reynisson, verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu, hvetur fleiri fyrirtæki til að taka upp samstarf við deildir háskóla á Íslandi. MYND/PJETUR

**GOTT TÆKIFÆRI**

„Nemendur fá þarna reynslu af að vinna að raunverulegum verkefnum innan fyrirtækja. Fyrirtækin á hinn bóginn fá einstaklinga sem koma með nýja nálgun inn í verkefnið.“




## Átta spennandi framtíðarmöguleikar

**Komdu í framhaldsnám hjá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands**

- **MS** í fjármálum fyrirtækja
- **MS** í mannauðsstjórnun
- **MS** í markaðsfræði- og alþjóðaviðskiptum
- **MAcc** í reikningsskilum og endurskoðun
- **MA** í skattarétti og reikningsskilum
- **MS** í stjórnun og stefnumótun
- **MS** í viðskiptafræði
- **MS** í nýsköpun og viðskiptaþróun

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl - vidskipti.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

www.hi.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**EKINN AÐEINS 54 ÞÚS KM**
MERCEDES BENZ C 200 KOMPRESSOR. Árgerð 2008,ekinn AÐEINS 54.þ km,bensín,sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.352257. S:562-1717.



LEXUS GS300.Árg.2007,ekinn aðeins 89.þ km,bensín, sjálfskiptur,er á staðnum.Verð 2.990.000. Rnr.126345. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bílaplan.is



**ÚTSALA ÚTSALA !!!**
DODGE GRAND CARAVAN árg. 2006 ek. 110 Þkm, Sjálfskiptur, 7 manna, 1 eigandi, krókur ofl. tilboðsverð 990 Þús, möguleiki á 100% láni, Rnr # 107499 gsm 893-9500



**BÍLL DAGSINS !!!**
CHEVROLET CAPTIVA DISEL árg. 2007 ek. 107 Þkm, Sjálfskiptur, Ný tímareim, auka felgur, krókur ofl. verð áður 2690 þús verð nú 2290 Þús,Rnr # 148126 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



**BÍLL DAGSINS !**
PORSCHE Cayenne. Árgerð 2004, ekinn 117 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett 2.390.000 Tilboð 1.990.000. Rnr.210450.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

STÓRA BÍLASALAN

Óskum eftir bílum á staðinn.

Mikil sala.



Nissan Leaf SL Árgerð 2013. Ekinn 16þ.km. Leður o.m.fl.. 2 ár í ábyrgð. Eigum bíla á staðnum. Verð 3.780.000kr. Raðnr 156888. Sjá nánar á www.stora.is



Opel Zafira 7 manna Árgerð 2003. Ekinn 137þ.km. Beinsk. Loftkæling. o.m.fl.. Góður bíll. Er á staðnum. Verð 790.000kr. Raðnr 156823. Sjá nánar á www.stora.is



Porsche Cayenne S Árgerð 2004. Ekinn 142þ.km. Sjálfsk. Leður, lúga o.m.fl.. 22" álfelgur. Flottur bíll. Er á staðnum. Verð 1.990.000kr. Raðnr 156051. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240558.



MERCEDES-BENZ E 200 kompressor. Árgerð 2010, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991015.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 47 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.210505. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

100 bílar.is bílasala



Kia Ceed EX New 1,6 12/2012 ek 53 þkm sjsk, dísel, ásett verð er 3390 þús , er á staðnum, raðnr 119359.



DODGE RAM 2500 QUAD CUMMINGS 4X4 Ek. 95 þkm Sjsk Mjög flottur bíll - Ný toyo 35" dekk. Ryðvarinn - Ný yfirfarinn, spindilkúlur, stýrirsendar - Topp bíll í toppstandi. Ásett verð er 5900 þús

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**


Barnaheill Save the Children á Íslandi
Virðing og ... börn eiga rétt á vernd og umönnun


## Bílar til sölu



**EINN SÁ FLOTTASTI Á RUGL VERÐI!!!**
BMW ///M3 E46 IMOLA RED 2001 6 gíra 344 hö, 19" felgur, carbon húdd, carbon splitterar, lækkaður,breytt pústkerfi ofl. nýleg dekk og ný skoðaður 16, ásett verð 3490 þús TILBOÐ 2,5 m möguleiki á 950 þús vísaláni,.uppls í síma 691 9374

## 250-499 þús.



VW POLO 1,4 COMFORTLINE ,00 ek.109 þús, 5 dyra,bsk, ný tímareim og ný smurður, það hefur og lýtur vel út, eyðsla um 5ltr/100 ásett verð 450 þús TILBOÐ 350 þús möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**1.500 - 2.500 ÞÚSUND STAÐGREITT**
Leita að Toyota, Honda, Suzuki eða Kia jeppa eða jeppling á þessu verðbili. Verður að vera vel með farinn, lítið keyrður og skoðaður 2016.
**Vinsamlega sendið upplýsingar um jeppa með mynd á hallgrimur.ingolfsson@internet.is eða SMS í 893-8303**

## Jeppar



Toyota Land Cruiser 120. Árg. ,05. 33" ek. 160þús breyttur. Húddhlíf, dráttarkrókur og rúðuhlífar. Ásett verð 3.600. Uppl. í S. 8933475

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur



Piaggio Vespa 125 cc.2008 ekinn 3þ.km. skoðuð 16" Verð nú 360þ. 787-8768

## Fjórhjól




## Fellihýsi




## Bátar




**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alggluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir




VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767



## tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti listdansstjóra laust til umsóknar

Embætti listdansstjóra Íslenska dansflokksins er laust til umsóknar.

Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingum á menntunar- og hæfnikröfum hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með miðvikudagsins 22. apríl 2015.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Opinn kynningarfundur um Tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis Eyrarbakka

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar boðar til opins fundar um tillögu að deiliskipulagi miðsvæðisins á Eyrarbakka.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 8. apríl n.k. kl. 19:30 í samkomuhúsinu Stað Búðarstíg 7 Eyrarbakka.

Höfundar deiliskipulagstillögunar frá Landform munu kynna tillöguna og svara fyrirspurnum fundarmanna.

**Fundurinn er öllum opinn.**

**Sveitarfélagið Árborg**

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing

### Um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030. Fjörustígur, göngu- og hjólastígur milli Stokkseyrar og Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 samkvæmt 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Breytingartillagan felst í breyttri legu göngu- og hjólastígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Breytt lega stígsins nær frá Merkisteinsvöllum á Eyrarbakka að göngubrú yfir Hraunsá, norðvestan Stokkseyrar. Stígurinn mun liggja á milli Gaulverjabæjarvegar nr. 33 og fjörukambsins. Samkvæmt gildandi skipulagi er staðsetning stígsins meðfram strandlengjunni.
Hann mun því færast fjær sjónum við breytinguna.

Skipulagstillagan ásamt greinagerð munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 1.apríl 2015 til og með 13.maí 2015. Öllum er gefin kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út **13. maí 2015**, og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er skipulags tillagan ásamt greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

Bárður Guðmundsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

## atvinna

NPA MIÐSTÖÐIN

### Viltu bætast við í hóp hressra starfsmanna?

Ég er 45 ára kona og óska eftir aðstoðarfólki aðra hvora helgi. Um er að ræða 50% stöðu.

Er gift og móðir 3 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfa hundinn okkar. Lifi lífinu lifandi.

Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð, sjá nánar á www.npa.is.

**Hæfniskröfur:**

- Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð og bílpróf eru skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 29. janúar.**

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar J Ástud Ástráðsdóttir: asdisjenna@npa.is eða í síma s: 896 8911 og s: 561 1659

***Ásdís J Ástud Ástráðsdóttir***






## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### BRIMSLÓÐ – BLÖNDUÓSI

**Algjörlega endurbyggt 216,5 fm. einbýlishús á glæsilegri 2.230 fm. sjávarlóð á frábærum stað á Blönduósi.**

Húsið er elsta íbúðarhús bæjarins, byggt árið 1882 en var endurbyggt eftir bruna árið 1999.
Aftur var húsið endurnýjað árið 2004 og er í mjög góðu ástandi.
Allar innréttingar, hurðar og stigi eru í upprunalegum stíl.

**Þetta er eign, sem er afar vel staðsett á stórri sjávarlóð.
Á lóðinni eru tveir húsgrunnar frá gömlum verslunarhúsum og mögulegt væri að byggja upp á þeim grunnum í samráði við húsafriðunarnefnd.**




**Eignin verður til sýnis dagana 2., 3., 4. og 5. apríl
á milli kl. 14.00 og 16.00 eða skv. nánara samkomulagi.
Erlendur s. 788 – 6424 sýnir eignina.**

# Capacent Ráðningar

Með faglegum aðferðum við mat og val á milli umsækjenda, aukast líkurnar á að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir áralangri þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

**www.capacent.is**

capacent

# Flotaleiga
# Þægilegt í rekstri




## **Lágmarkaðu kostnað** við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Tryggingar | Eldsneyti | Viðhald og viðgerðir | Fjármögnun | Dekkja-þjónusta | Lánsbíll | Þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

**Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á lykill.is**

**Flotaleiga**

1 **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.

2 **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.

3 Þú leigir bílana og nýtur stærðar-hagkvæmni Lykils.

PIPAR\TBWA · SÍA

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill
fjármögnun

Íslendingar munu aldrei koma í veg fyrir allar fjármálakreppur þó brýnt sé að standa vel þegar áföll ríða yfir segir aðalhagfræðingur Seðlabankans:

# Ofhitnun hagkerfisins mesti skaðvaldurinn

Ofhitnun hagkerfisins er algengasti fyrirboði fjármálakreppa hér á landi. Þetta er meðal niðurstaðna greiningar Seðlabankans á fjármálakreppum frá 1875-2013.

„Það birtist helst í því að efnahagsleg umsvif eru of mikil. Of hraður hagvöxtur, of mikill viðskiptahalli og of mikil aukning eftirspurnar sem þá er orðin ósjálfbær og leiðréttist með snörpum hætti,“ segir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans og einn rannsakenda.

„Einn af lærdómunum er að leyfa þessu ekki að gerast eins og hefur því miður allt of oft gerst,“ bætir hann við.

Skýrt dæmi um ástandið þá var fram að bankahruninu 2008, sem Þórarinn sagði að væri „móðir allra fjármálakreppa“. Öll viðvörunarljós hafi verið byrjuð að blikka nokkrum árum fyrir hrunið.

Fimm af sex „fjölþættum“ fjármálakreppum sem urðu á tímabilinu á Íslandi gerðust samhliða kreppum í alþjóðlega fjármálakerfinu. Þórarinn segir að Íslendingar geti gert ýmislegt til að vera undirbúnir þegar slík áföll verði erlendis. „Það er ekkert náttúrulögmál þótt það verði fjármálakreppa í útlöndum að það verði hér. Því þurfum við að búa til kerfi sem getur staðið af sér áföll. Við þurfum að draga úr áhættutöku og styrkja eiginfjárgrunn fjármálakerfisins,“ segir Þórarinn. Þá þurfi einnig að koma í veg fyrir að bankakerfið sé fjármagnað í of miklum mæli erlendis.

Þórarinn býst ekki við að hægt verði að koma alfarið í veg fyrir fjármálakreppur. „Ég held að þetta sé eitthvað að við verðum að búa við,“ segir Þórarinn. Eina leiðin að hans mati til að koma í veg fyrir fjármálakreppur sé að vera ekki með fjármálakerfi. - ih



**HAGFRÆÐINGUR** Þórarinn G. Pétursson segir brýnt að hagkerfið sé vel undirbúið þegar áföll ríði yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**SÁ VINSÆLASTI** Í heild nemur söluaukningin í páskabjór 14 prósentum. Víking er mest seldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tuttugu þúsund lítrar af Víking páskabjór höfðu selst á sunnudaginn:

# Páskabjór vinsælli

Alls höfðu 78.508 lítrar af páskabjór selst frá öskudegi og þar til á sunnudag fyrir páska. Salan á sama tímabili í fyrra var 67.631 lítrar. Söluaukningin er því 14 prósent á milli ára. Þetta kemur fram í tölum sem Vínbúðirnar tóku saman fyrir Markaðinn.

Tegundum af páskabjór hefur fjölgað verulega á milli ára. Þær voru fjórtán í ár en átta í fyrra.

Mest hefur selst af Víking páskabjór í dós, eða rétt tæpir 20.700 lítrar. Tæplega 15.900 lítrar af Páskagulli í dós hafa selst og 12 þúsund lítrar af Páskakalda. Fjórði vinsælasti bjórinn er Tuborg Kylle Kylle, en tæplega átta þúsund lítrar hafa selst af honum. - jhh



**EIGENDUR OPUS** Oddgeir Einarsson, Erlendur Þór Gunnarsson og Grímur Sigurðarson stofnuðu Opus árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Opus lögmenn hafa skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2014:

# Hagnaður Opus átján milljónir króna

Opus lögmenn skiluðu 17,8 milljóna króna hagnaði á síðasta ári en hagnaðurinn nam 44,2 milljónum árið á undan. Rekstrarhagnaðurinn í fyrra nam 14,9 milljónum en var 50,8 milljónir árið á undan. Þetta kemur fram í ársreikningi sem lögmannsstofan skilaði til ársreikningaskrár fyrir fáeinum dögum.

Í ársreikningnum kemur fram að hluthafar munu fá greiddar 17,8 milljónir í arð á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014.

Opus lögmenn voru stofnaðir árið 2006. Stofnendur voru þeir Erlendur Þór Gunnarsson, Grímur Sigurðarson og Oddgeir Einarsson. Hver þeirra á í dag rúm 30 prósent. Flosi Hrafn Sigurðsson bættist í eigendahópinn í september síðastliðnum og á hann tæp átta prósent. Lögmannsstofan er í Austurstræti 17 í Reykjavík. - jhh



**HELGA THORS,** „Ég er útivistarmanneskja eins og kannski margir,“ segir Helga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Markaðsstjóri fer á fjallahjól í frítíma

***Helga Thors hefur verið ráðin markaðsstjóri hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Hún starfaði í fimm ár í Kaupþingi og svo í Hörpu. Í frítíma sínum fer Helga á fjallahjól, en kafar líka stundum.***

Helga Thors hefur verið ráðin markaðsstjóri hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Það er nýtt starf hjá samtökunum. Helga hefur starfað síðustu þrjú ár sem markaðsstjóri Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss. Helga er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

„Mín markaðsreynsla kemur frá Kaupþingi, þar var ég vörumerkjastjóri í rúm fimm ár og stýrði þar samræmingu markaðsaðgerða á tíu mörkuðum. Þaðan kemur sú reynsla sem ég ætla að nýta mér í fiskinum,“ segir Helga. Hún vann með Kolbeini Árnasyni, framkvæmdastjóra SFS, í bankanum, þó að hann hafi verið á allt öðru sviði.

Helga segir að það hafi verið stórkostlegt að vinna í Hörpu. „Hér er mikil gróska og stanslaus vöxtur og það er nóg um að vera hérna,“ segir hún. Þar hafi verið verkefnið að breyta ímynd Hörpu úr því að vera hús í byggingu yfir í að vera menningarhús.

Helga segist ekki tengjast sjávarútveginum neitt. Það sé hins vegar mikil áskorun að breyta markaðssetningu íslensks sjávarfangs, hætta að selja það undir norsku vörumerki og byrja að selja það undir íslensku vörumerki.

„Þarna finnst mér gríðarleg tækifæri felast í því að við eigum að vera að halda uppi ímynd íslenska sjávarfangsins og setja hana á par við þau lönd sem eru að selja sterkari ímynd en við. Við eigum ekkert að þurfa að selja íslenskan fisk undir norskum fána. Við eigum bara að geta gert það undir íslenskum fána á allavega sama verði ef ekki hærra verði,“ segir Helga. Að mörgu leyti horfi Norðmenn upp til Íslendinga. „Við erum að gera hlutina alveg ótrúlega vel og þetta fiskveiðistjórnunarkerfi okkar er algjör fyrirmynd og við eigum að berja okkur fastar á brjóst með það,“ segir Helga.

Frítíma sínum ver Helga helst í útivist. „Ég er útivistartýpa eins og kannski margir, en er þó sérstaklega áhugasöm um fjallahjól og fjallaskíði,“ segir hún. Hún bætir því við að hún eigi fjölmörg önnur áhugamál. „Ég er með köfunarpróf, sem ég nýti allt of lítið af því að það er svo ískalt að kafa á Íslandi. Maður þarf að vera svolítið spikaður til þess að kafa á Íslandi ef gallinn lekur. Síðan er ég með skotleyfi sem ég nota allt of lítið af því að ég er ekkert sérstaklega hittin,“ segir Helga. Síðast þegar hún fór á rjúpu stóð hún í mjög góðu færi við tíu fugla, miðaði mjög vandlega og hitti ekki einn. „Þannig að ég er að velta því fyrir mér hvort ég eigi kannski að finna mér annað sport, eða hvort ég eigi að fara kannski hérna út í dal og skjóta leirdúfur. En þess á milli er ég í jóga, til þess að ná niður hjartslætti sem annars á það til að rjúka upp í öllu þessu harða sporti,“ segir Helga.

Helga og Björn Ólafsson, maður hennar, eiga tvær dætur, sem eru sjö og tólf ára. „Miklar fimleikastúlkur báðar tvær,“ segir Helga.

jonhakon@frettabladid.is

## MIKILL TÖFFARI



Helga er ævintýragjörn og skemmtileg vinkona. Hún er mikill töffari og orðið vandamál er ekki til í orðabókinni hennar. Hún sér hlutina ekki sem hindranir heldur sér tækifæri hvert sem hún lítur. Hún er snillingur í að draga mann í alls konar ævintýri í náttúru Íslands þar sem hún þekkir hvern krók og kima. Helga er hörkudugleg og með mikinn sjálfsaga en líka uppfinningasöm og aldrei lognmolla í kringum hana í góðra vina hópi. Helga kann að lifa í núinu og lætur ekki trufla sig með því að dvelja í fortíðinni eða einblína bara á framtíðina sem er mjög dýrmætur eiginleiki í hraða nútímans að mínu mati.

**Kristín Ólafs,** kvikmyndagerðarkona og stofnandi Klikk Productions



Helga er umfram allt jákvæð bjartsýnismanneskja. Hún hefur bæði undraverða skipulagsgáfu og óstöðvandi ævintýraþrá, sem ásamt persónutöfrum gera hana að frábærum ferðafélaga, enda ferðast hún mikið með vinum og fjölskyldu og sækir lífskraft sinn í náttúru og útivist.

Hún sér spennandi og ögrandi áskoranir þar sem aðrir sjá hindranir, hún er opin og skapandi í nálgun sinni við hversdagslega hluti og með eindæmum ráðagóð og hlý stóra systir. Helga hefur einstakt lag á að sameina ólíka hópa, enda er alltaf allt á fullu í kringum hana, heimilið fullt af börnum, vinum og ættingjum. Hún er og vinamörg og vinsæl. Fyrir mér er hún samt bara frábæra stóra systir mín.

**Björn Thors,** leikari.

# FARTÖLVUR Á FERMINGARTILBOÐI




**TOSHIBA**

## INTEL i5 HASWELL

Toshiba kraftur og gæði. Traustar 15,6" fartölvur með kraftmiklum Intel i5 Haswell örgjörva sem tryggir ofurhraða vinnslu. Intel HD 4400 skjákort og þráðlaust AC netkort sem tryggir allt að þrefalt hraðara þráðlaust net.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 99.990

## ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR 13,3" FARTÖLVU



Hagkvæmasta 13,3" fartölvan okkar með Intel örgjörva. Hentar vel í netnotkun og létta almenna vinnslu.

**49.990**

VERÐ ÁÐUR 54.990

acer

ACE-NXMRTED009

## FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA Í EINNI TÖLVU




Létt og meðfærileg fjögurra kjarna Intel fartölva með snertiskjá sem hægt er að breyta í stóra 13,3" spjaldtölvu með einum smelli.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 119.990

TOSHIBA

TOS-L30WB10D

## HRAÐVIRK MEÐ INTEL PENTIUM OG SSD



Ótrúlegt fermingartilboðsverð fyrir fartölvu með Intel Pentium örgjörva, 8GB vinnsluminni og 120GB SSD diski.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 109.990

acer

ACE-NXMPHED011

## ÁTT ÞÚ ENN PÁSKAEGGJAMIÐA ?

Komdu í næstu Tölvulistaverslun og athugaðu hvort þú átt hjá okkur Toshiba fartölvu eða páskaegg nr. 7 frá Nóa-Síríus.







Síðasti dagur leiksins er næsta laugardag.

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

Fákeppni á fjármálamarkaði er alvarlegt áhyggjuefni

# Markaðsbrestur á okkar kostnað

Þrír bankar, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, eru samanlagt með 90 prósent markaðshlutdeild á íslenskum fjármálamarkaði. Fákeppnismarkaður eins og hinn íslenski er í eðli sínu markaðsbrestur (e. „market failure“) af því tagi sem Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, og fleiri hafa skrifað um.

Íslenskir neytendur bera í raun tjónið af þessari fákeppni í formi rentusóknar (e. „rent seeking“) sem þessir bankar hirða til sín af almenningi. Þannig verður bein tilfærsla auðs frá almenningi til bankanna, oft í formi gjalda langt yfir raunverulegu kostnaðarverði, án þess að það eigi sér stað einhver verðmætasköpun í millitíðinni. Í krafti fákeppni og yfirburða á sér stað óeðlileg tilfærsla fjár frá almenningi til fjármálafyrirtækja. Í þessu felst markaðsbresturinn.

Af samanlögðum hagnaði stóru bankanna þriggja í fyrra námu þjónustugjöld af einhverju tagi alls 30 milljörðum króna eða um 40 prósentum af 80 milljarða króna samanlögðum hagnaði bankanna. Það getur varla verið tilviljun að hlutfall þjónustugjalda í hagnaði var minnst hjá ríkisbankanum.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Hvað kallar á það að fámennur hópur fái að kaupa stóran hlut í Landsbankanum?**

Joseph Stiglitz segir í bók sinni The Price of Inequality að rentusókn af þessu tagi eigi sér margar birtingarmyndir. Ein þeirra sé slök framfylgni samkeppnislöggjafar og ákvæði sem heimila fyrirtækjum að hagnast óeðlilega á kostnað annarra eða færa kostnað af starfsemi sinni yfir á almenning.

Ef það væri eðlileg samkeppni á íslenskum bankamarkaði þá gætu bankarnir ekki rukkað viðskiptavini sína með þessum hætti, það væri eðlileg kostnaðarmyndun fyrir „vörur“ bankanna. Þeir myndu ekki græða svona mikið á vaxtamun á kostnað almennings og þeir myndu skila hóflegum hagnaði. Það fæli eðlilega í sér bættan hag heimilanna.

Staðan á íslenskum fjármálamarkaði er alvarlegt áhyggjuefni vegna fákeppninnar. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir að eðlilegt sé að hætta við áform um einkavæðingu hluta Landsbankans af þessum sökum og hafa bankann einfaldlega áfram í ríkiseigu.

„Ríkið ætti að eiga einn banka og fela honum það verkefni að skila hóflegri arðsemi og hvetja til aukinnar samkeppni á bankamarkaði. Ég held að það væri langskynsamlegast og best fyrir þjóðina,“ sagði Frosti í fréttum Stöðvar 2 um málið. Frosti vill raunar að ríkið eigi 100% í bankanum og kaupi það rúmlega eitt prósent sem er í eigu starfsmanna.

En gæti ekki einhver með sömu rökum haldið því fram að ríkið ætti líka að reka flugfélag eða fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum? Það er ákveðin einföldun að ræða hlutina í þessu samhengi. Straumur fjármagns liggur frá bönkum og þessi straumur er oft á tíðum lífæð fyrirtækjanna í landinu. Það er ekki hægt að bera þetta saman. Í því virka fákeppnisumhverfi sem nú ríkir á bankamarkaði er æskilegt að ríkisbanki stígi á bremsuna til að hafa taumhald á hinum bönkunum og stuðla að virkri samkeppni.

Á Íslandi búa 340.000 manns. Hvað kallar á það að fámennur hópur fjárfesta fái að kaupa stóran hlut í Landsbankanum og hvaða tilgangi þjónar það? Á að einkavæða þennan banka „af því bara“ svo fjárfestar geti grætt nógu mikið á honum? Landsbankinn hefur þegar greitt eiganda sínum, íslenska ríkinu, 54,5 milljarða króna í arð vegna síðustu þriggja rekstrarára. Ef Landsbankinn er vel rekinn banki, með það fyrir augum að fyrirbyggja ríkisvætt tap, og rekinn af hæfu fólki eftir sömu lögmálum og slíkur banki í eigu einkaaðila, hvað kallar á einkavæðingu hans?

## Austurland að Glettingi




**Á REYÐARFIRÐI** Þau Svavar Pétur Eysteinsson, betur þekktur sem Prins Póló, og Berglind Häsler fluttu örfyrirlestur á ferðasýningunni „Austurland að Glettingi“ sem fram fór á Reyðarfirði um helgina. Á sýningunni gafst gestum kostur á að hlusta á átta örfyrirlestra frá fyrirtækjum á svæðinu og kynntu þau Svavar og Berglind starfsemi sína að Karlsstöðum í Berufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HÁKON

# Giskað á fiska

**Skoðun**

Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN



Undanfarin misseri hefur margt verið skrifað og ekki síður skrafað um skapandi greinar á Íslandi, enda ört vaxandi starfsgreinar sem velta miklu, skapa störf og afleidd störf og hafa raunveruleg hagræn áhrif.

Hönnun, tónlist, myndlist, tölvuleikir, bókmenntir, sviðslistir og kvikmyndir mynda kjarnann í þessum greinum og saman mynda þau samtök skapandi greina.

Í fersku minni er Hönnunarmars sem var nýlega haldinn með 140 sýningum úti um allar koppagrundir, yfir 300 hönnuðir sýndu eigin hönnun, allt frá minnstu skartgripum til borgarskipulags.

Bókmenntirnar dafna og sækja á nýja markaði og myndlistin líka, kvikmyndagerð á Íslandi er með miklum blóma þótt fjármagn þurfi oft að sækja út fyrir landsteinana. Þúsundir iðkenda EVE-online flykkjast árlega til landsins á „fanfest“ með tilheyrandi umstangi.

Þegar umfang greinanna eykst verður æ nauðsynlegra að taka saman hagtölur fyrir þær til þess að geta betur séð hvað er að gerast í heildarmyndinni. Við sjáum þetta glöggt með ferðaþjónustuna sem hefur verið að berjast fyrir rannsóknarmiðstöð sem komin er í gang á Akureyri og hefur verið að skila veigamiklum hagtölum fyrir greinina.

Hvað tónlistina varðar höfum við séð gífurlegar breytingar á umhverfi okkar síðustu árin, með minnkandi fjárfestingum frá plötufyrirtækjunum vegna minnkandi plötusölu, höfum við séð lifandi tónlistarflutning margfaldast og okkar listamenn streyma inn á stærra markaðssvæði. Milli áranna 2012 og 2013 tvöfaldaðist tónleikahald íslenskra tónlistarmanna erlendis, frá 718 tónleikum á ári í rúmlega 1460. Þetta eru sláandi tölur, en hvað þýða þær hagfræðilega? Hver er heildarveltan á öllu þessu tónleikahaldi? Mikill uppgangur er á íslenskum tónlistarhátíðum líka, Iceland Airwaves veltir meira en einum og hálfum milljarði á viku í nóvember, hefur áhrif á gengi krónunnar, það sjáum við vegna þess að ÚTÓN gerir könnun á því – en heildarmyndin fyrir skapandi greinar, það er erfitt að sjá. Hagstofan tekur ekki saman þessar tölur. Við erum enn að giska, og það eru ekki góð vísindi. Nú síðast að skapandi greinar velti meiru en ál á ársgrundvelli. Hér þarf einhverjar alvöru tölur. Ekki ágiskanir.

Í nýlegri grein í Iceland Review kemur fram að sú jákvæða ímyndarbreyting Íslands í Bandaríkjunum, sem rakin er til vinsælda íslenskrar tónlistar, hefur haft mjög jákvæð áhrif á sölu fiskafurða Íslendinga á Bandaríkjamarkaði. Hljómar lygilega, ekki satt? Það þarf að vera hægt að skoða þetta nánar og fleira sem væri mun auðveldara að mæla.

Merkilegt nokk þá er Rannsóknarmiðstöð skapandi greina til, en hún er ekki virk. Vegna þess að hana skortir rekstrarfé.

> **Rannsóknum á skapandi greinum á Íslandi hafa verið takmörk sett.**

R.S.G. (áður Rannsóknaráherslusvið menningar og lista) var stofnað innan Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2004.

Rannsóknum á skapandi greinum á Íslandi hafa verið takmörk sett vegna aðgengis að hagtölum. Með tilkomu fyrirtækjasviðs Hagstofu hefur aðgengi að gögnum um skapandi greinar þó batnað til muna, en þó er ekki nema hálf sagan sögð því greining og vöktun á gögnum í þágu þeirra sem vinna í skapandi greinum og einnig í þágu stjórnvalda verður ekki unnin hjá Hagstofu.

Með rannsóknarmiðstöð sem sérhæfir sig í rannsóknum á skapandi greinum verða upplýsingar um skapandi greinar á einum stað, greindar og gerðar aðgengilegar.

Nú er mál að drífa þetta í gang með sameiginlegu átaki ríkis, borgar og greina, öllum til hagsbóta.

Hagstofan mælir vel allt sem lýtur að fiski og landbúnaði.

Við hjá skapandi greinum þurfum að hætta að giska á fiska. Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri ÚTÓN.

# Lykillinn að velgengninni er beint fyrir framan…

**Hin hliðin**

**Rúna Magnúsdóttir,**
Stjórnendamarkþjálfi og fyrirlesari á alþjóðamarkaði



Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi í nær áratug að fá að vinna með framsæknu fólki í atvinnulífinu á alþjóðamarkaði.

Þetta fólk það sameiginlegt að á einhverjum tímapunkti í lífi sínu hefur það áttað sig á því að það vildi þekkja betur þá guðsgjöf sem það fékk í vöggugjöf. Ég kalla það að þekkja sinn X-faktor. Sína eiginleika, hæfileika, kunnáttu, styrkleika. Ég fæ daglega að sjá hversu magnað það er að sjá fólk takast á við áskoranir dagsins með því að losa um ónotaða hæfileika og vinna meira með það sem það hefur nú þegar til staðar.

**Tækifærin sem bíða eftir þínum X-faktor**

Þú mátt alveg kalla mig „Bjartsýnu Bínu“ þegar ég segi: „Ef þú veist hver er þinn X-faktor og hvað aðgreinir þig frá öðrum og getur komið því á framfæri skýrt og skorinort“ þá bíður heilt alþjóðasamfélag eftir þér.

Hvað á ég við? Jú, í dag er áætlað að rúmlega tveir milljarðar manna séu tengdir internetinu eða hafi aðgang að því. Spekúlantar meta það svo að á næstu 2-3 árum bætist aðrir tveir milljarðar manna þar inn. Samfélagsmiðlar s.s. LinkedIn, Twitter, Instagram eða Facebook tengja þig nú þegar á ógnarhraða við fólk og fyrirtæki úti um allan heim. Síður á borð við Fiverr.com, Freelancer.com eða Craigslist.com sérhæfa sig í að tengja daglega þúsundir VERKEFNA við SÉRFRÆÐINGA. Sérfræðingurinn gæti verið ÞÚ. Vinnustaðurinn þinn gæti verið fartölvan þín.

Hér skiptir máli að þú þekkir vel þinn X-faktor, þína eigin sérþekkingu, kunnáttu og styrkleika og getir komið þinni sérstöðu skýrt og skorinort á framfæri.

**Hvað stoppar flesta?**

Ég meina, þetta hljómar frekar einfalt. Þú þarft BARA að vita hvað þú vilt. BARA að vita af hverju þú vilt hafa meira af í lífi og starfi. BARA að vita hvað gerir þig sérstaka(n). BARA kunna að segja öðrum hver þinn X-FAKTOR er án þess að roðna, fara í algjöran hnút eða stama af óöryggi.

Það sem virðist stoppa flest okkar er einhvers konar sjálfsblinda. Við sjáum einfaldlega ekki hvað er sérstakt við okkur – okkar X-faktor.

Vilt þú staðsetja þig enn betur á starfsmarkaði, starfa við það sem þú elskar og gera það af meira sjálfsöryggi? Leitaðu þá ekki langt yfir skammt. Byrjaðu á því að skoða og meta til fulls það sem þú hefur nú þegar.

Þetta er allt saman beint fyrir framan þig… já, beint fyrir framan túttnurnar á þér.




NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni!

Nýherji hefur vottun samkvæmt alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO/IEC 27001:2013.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **USD 137,08** | **DKK 19,71** | **NOK 17,01** | **CHF 141,12** |
| **GBP 203,55** | **EUR 147,25** | **SEK 15,89** | **JPY 1,14** |

**FTSE 100**
6773,04 -118,39 (-1,72%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 11 PRÓSENT

**Aflaverðmæti dregst saman**

Aflaverðmæti íslensks sjávarútvegs dróst saman um 10,9 prósent milli áranna 2013 og 2014 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Mestur samdráttur varð í aflaverðmæti loðnu sem dróst saman um tæplega 77 prósent. Verðmæti þorskaflans jókst um 11,9 prósent og nam 53 milljörðum á síðasta ári.



**30.03.2015** Ástandið var enn alvarlegra hvað varðar eigið fé sjóðsins en við höfðum áður vitað. Þá kemur í ljós að eigið fé sjóðsins skv. skilningi reglna er í rauninni uppurið. Eigið fé neikvætt um 1,1 prósent. Síðastliðinn fimmtudag og föstudag flæddi út í rauninni rúmlega helmingur af öllum lausafjáreignum sjóðsins.

***Jón Þór Sturluson***, aðstoðarframkvæmdastjóri Fjármálaeftirlitsins.

## 12,7 ÁRA

**Bílaflotinn aldrei eldri**

Meðalaldur íslenska bílaflotans er 12,7 ár og hefur hann aldrei verið hærri samkvæmt nýbirtri Árbók bílgreina árið 2015. Nýskráningum bifreiða fjölgaði um þriðjung milli áranna 2013 og 2014 en ekki nægjanlega til að koma í veg fyrir hækkandi meðalaldur bílaflotans. 16 prósent bíla eru yngri en 5 ára en 55 prósent á aldrinum 11 til 15 ára.

## 482 MILLJÓNIR

**Garðabær skilar afgangi**

Afgangur af rekstri Garðabæjar nam 482 milljónum árið 2014. Það er nokkuð umfram áætlun sem gerði ráð fyrir 159 milljóna króna rekstrarafgangi. Rekstrartekjur námu 10.724 milljónum. Eignir bæjarfélagsins nema samtals 21.551 milljón króna og hækkuðu um 989 milljónir á síðasta ári. Íbúum bæjarfélagsins fjölgaði um 2,2 prósent á árinu.

## *STJÓRNARMAÐURINN*

### Fjölbreytileiki á undanhaldi

Fregnir bárust af því í liðinni viku að tískumerkið Ella hefði verið lýst gjaldþrota.

**ELLA** var metnaðarfull tískuverslun með stóra alþjóðlega drauma, og setti skemmtilegan svip á miðbæinn. Tilfinningin var sú að þarna færi flott íslenskt merki sem ætti sér nokkuð dyggan aðdáendahóp, og hefði þar af leiðandi ágætis tekjustreymi. Engu að síður fór sem fór.

**MARGAR** ástæður geta orðið til þess að verslunarrekstur líður undir lok. Sú augljósasta er að ekkert hreinlega seljist.

**SUMIR** eiga það svo til að reisa sér hurðarás um öxl, t.d. með því að festa sér óhóflega dýrt húsnæði.

**Í TILVIKI** tískuverslana þarf svo að ganga réttu línuna í birgðastjórnun. Það má ekki panta of lítið, og ekki of mikið.

**HVAÐ** varðar eigin hönnun er ekki síður til margs að líta. Misheppnuð lína eitt haustið getur orðið til þess að bæði birgðastaða og tekjuflæði skekkjast svo ekki verður auðveldlega úr bætt.

**TÍSKUVERSLUNARREKSTUR** er viðkvæmur bransi, en við getum flest verið sammála um að íslensk verslun er ríkari vegna tilvistar verslana á borð við Ellu, JÖR, KronKron og svo mætti áfram telja. Kaupmenn sem þessir stunda metnaðarfulla verslun á litlum markaði og eygja oft litla gróðavon, nema hægt sé að sækja út fyrir landsteinana. Þess vegna er mikilvægt að hið opinbera leggi ekki óþarfa hindranir í veginn.

**STAÐREYNDIN** er sú að ýmislegt vantar upp á í þeim efnum. Það eru gjaldheimtumenn ríkissjóðs sem oftar en ekki ganga harðast fram við innheimtu. Hér hafa einnig fallið nýlegir dómar sem eru ekki til þess fallnir að vænka hag hérlendrar verslunar.

**KAUPMENN** sem flytja inn fatnað búa jafnframt við tvöfalda tollheimtu á fatnað sem fluttur er inn frá ríkjum utan ESB. Slíkar vörur bera 15% toll þegar þær hafa viðkomu innan ESB, og annað eins við komuna hingað til lands.

**NÝVERIÐ** hefur skotið upp kollinum umræða um að afnema þessa rökleysu. Af því þarf að verða hið fyrsta.

**KANNANIR** benda til þess að Íslendingar kaupi allt að 45% af fatnaði sínum erlendis. Jafnframt er sagt að sænski tískurisinn H&M sé með um 20 til 25% markaðshlutdeild hér á landi, án þess að starfrækja hér verslun. Það sjá allir að þetta er ekki heillavænleg þróun fyrir mannlíf í litlu landi. Vonandi verður breyting á. Til þess að svo megi verða þarf hið opinbera að hætta að leggja steina í götu íslenskra kaupmanna.

**@stjornarmadur**




# PÁSKASTEIKIN

*Í Iceland færðu allt sem þú þarfnast til að setja saman frábæra máltíð og njóta páskanna með fjölskyldu og vinum.*



**1199** kr. kg
VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.
**1. FLOKKS SS LAMBALÆRI FROSIÐ. 2,1–2,6 KG**

PIPAR\TBWA • SÍA • 151440

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

| Verð | Áður | Vara |
|---|---|---|
| 699 kr. | Áður: 798 kr. | Súkkulaðihjúpaður ís m/mintu 18 stk. |
| 799 kr. | Áður: 1298 kr. | Ískaka m/karamellu- og súkkulaðisósu, fyrir 10 |
| 599 kr. | Áður: 1298 kr. | Ostakaka fyrir 10 |
| 699 kr. | Áður: 1498 kr. | Lagkaka fyrir 10 |
| 699 kr. | Áður: 1498 kr. | Lagkaka fyrir 8 |
| 1299 kr. | Áður: 1798 kr. | Súkkulaðihúðaðir ávextir 60 stk. |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

## MERKISATBURÐIR

**1807** Trampe stiftamtmaður setti reglugerð um brunavarnir í Reykjavík. Bannað var að reykja pípu innanhúss og nálægt eldfimum efnum.

**1855** Einkaréttur Dana til verslunar á Íslandi var aflagður og máttu Íslendingar eftir það versla við allar þjóðir.

**1873** Hilmar Finsen varð fyrsti landshöfðingi Íslands. Hann var áður stiftamtmaður en síðar borgarstjóri í Kaupmannahöfn.

**1896** Álafoss hóf ullarvinnslu.

**1924** Adolf Hitler var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir þátttöku sína í valdaránstilraun í München árið 1923. Hann sat þó aðeins inni í níu mánuði.

**1936** Alþýðutryggingalög gengu í gildi á Íslandi.

**1961** Skoska söngkonan Susan Boyle fædd.

**1976** Tölvufyrirtækið Apple var stofnað af Steve Jobs, Steve Wozniak og Ronald Wayne

**1984** Marvin Gaye söngvari var skotinn til bana af föður sínum.

**1990** Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur voru sameinaðir undir merkjum Seyðisfjarðarkaupstaðar.

**ÞETTA GERÐIST** ÞANN 1. APRÍL 1896

## Ullarvinnsla hófst í Álafosskvosinni

Björn Þorláksson, bóndi á Varmá, stóð fyrir byggingu verksmiðju í kvosinni við Álafoss því hann sá hversu hentugt væri að nota vatnsafl fossins til að knýja vélar. Eins þótti Varmá hentug til þvotta á ull vegna hás hitastigs svo ullarvinnsla hófst í kvosinni 1. apríl árið 1896. Verksmiðjan átti stóran þátt í stofnun og vexti byggðar í Mosfellsbæ. Umsvif hennar voru aukin 1917 en kjörorð Sigurjóns Péturssonar, sem þá var tekinn við verksmiðjunni, voru Álafossföt bezt.

Starfsfólk bjó flest á staðnum og var félagslíf blómlegt. Haldnar voru leiksýningar og dansleikir og stundaðar íþróttir meðal starfsmanna og Íþróttaskóli fyrir ungmenni starfræktur að Álafossi frá 1928 til 1940. Reksturinn gekk vel og 1983 störfuðu 420 manns við verksmiðjuna, sem framleiddi peysur, værðarvoðir og handprjónaband og flutti út til Bandaríkjanna, Kanada, Norður-Evrópu, Rússlands og Japans. Ullariðnaðurinn hrundi þó 1991 og varð fyrirtækið gjaldþrota. Síðar sama ár var ullarvinnslufyrirtækið Ístex stofnað upp úr rústum Álafoss.





**KVENFÉLAGSKONUR** Frá vinstri Sigríður Hafstað, fyrrverandi formaður, Elínborg Gunnarsdóttir og Ástdís Óskarsdóttir. Þær sátu lengi í stjórn kvenfélagsins.

# Tilraun á tímamótum

**Kvenfélagið Tilraun í Svarfaðardal fagnar 100 ára afmæli í dag, þann 1. apríl. Í tilefni afmælisins ætla þær að færa dvalarheimilinu Dalbæ stóra peningagjöf.**

Í dag, 1. apríl 2015 eru liðin hundrað ár síðan Kvenfélagið Tilraun var stofnað. Halla Soffía Karlsdóttir, formaður kvenfélagsins, segir félagskonur nú vera um fimmtíu talsins. Með Höllu í stjórn eru þær Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir ritari og Hildur Birna Jónsdóttir gjaldkeri. „Við héldum nú á tímabili að þetta væri eitthvað að deyja út, en á síðasta fundi bættust fjórar nýjar í hópinn.“ Aðspurð um hlutverk kvenfélagsins segir hún það gefa mikið til líknarmála. „Við erum nú mikið í því að baka,“ segir Halla, hlær og bætir við: „En við söfnum og gefum mikið til líknarmála hér í nágrenninu, bæði til dvalarheimilisins Dalbæjar á Dalvík og til kirknanna hér í sveitinni,“ segir hún.

Í tilefni þessara merku tímamóta í sögu félagsins verður gefið út afmælisrit sem dreift verður á öll heimili í Dalvíkurbyggð. Sagnfræðingurinn Margrét Guðmundsdóttir hefur tekið saman efni í heftið og skráð það. Í dag nær starfssvæði félagsins til Svarfaðardals og Dalvíkur, líkt og var í upphafi starfsáranna, en á tímabili voru tvö kvenfélög starfrækt; Tilraun í Svarfaðardal og Vaka á Dalvík, sem nú hefur lagst af. Í ritinu verður fjallað um félagsstörf kvenna, stofnun félagsins og helstu frumkvöðla og forystukonur. Helstu baráttumál félagsins verða í brennidepli og þá aðallega þau verkefni sem félagskonur beittu sér fyrir. Sýna þau verk best þróun heilbrigðis- og velferðarmála á þeirri öld sem liðin er síðan kvenfélagið var stofnað.

Í tilefni afmælisins fóru kvenfélagskonur í ferð til Dublin í fyrra. „Það voru rúmlega tuttugu konur sem fóru í ferðina, en við tókum þá ákvörðun að fara í fyrra vegna þess að það var svo margt sem við ætluðum að gera annað á afmælisárinu,“ segir Halla.

Á sjálfan afmælisdaginn ætla kvenfélagskonur að afhenda Dalbæ peningagjöf ásamt því að borða saman kvöldverð í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Þann 11. apríl býður félagið öllum í sveitinni til afmælisfagnaðar með dagskrá og veitingum að Rimum í Svarfaðardal.

adda@frettabladid.is

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og vináttu vegna fráfalls okkar ástkæru

**STEINGERÐAR ÞÓRISDÓTTUR**
**Sléttuvegi 17, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir áralanga umönnun og hlýju.

**Jón Hallgrímsson**
**Ingibjörg Þ. Hallgrímsson**
**Steinunn G. H. Jónsdóttir**
**Margrét I. Hallgrímsson**
**Þórir Hallgrímsson**
**Tómas Hallgrímsson**

---

✝



Okkar kæri bróðir,

**EINAR LÁRUS PÉTURSSON**

er látinn. Útför hans fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 7. apríl klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður Magnús Jónsson**
**Kristófer Pétursson**
**Linda María Friðriksdóttir**

---

✝



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR INGA JÓNASDÓTTIR**
**Skriðustekk 21,**
**Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 25. mars á Landspítalanum. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 7. apríl kl. 13.00.

**Jónas Þ. Árnason**
**Guðjón M. Árnason** **Lolita Orange**
**Halldóra G. Árnadóttir** **Jónas Á. Ágústsson**
**Ragnheiður Þ. Árnadóttir** **Sigurður Á. Sigurðsson**
**Kristján M. Árnason**
**María Árnadóttir** **Karl A. Karlsson**
**og ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, virðingu og hlýhug við andlát og útför

**INGUNNAR HANSDÓTTUR HOFFMANN**
**Sóltúni 2, Reykjavík,**
**áður til heimilis á Flókagötu 43.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun Ingunnar.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns og föður,

**DAVÍÐS HEIMISSONAR**

sem lést 10. mars sl. Sérstakar þakkir viljum við senda vinum, starfsfólki gjörgæslu Landspítalans Fossvogi, Hjálparsveit skáta Hveragerði, starfsfólki Heilsustofnunar NLFÍ, starfsfólki Sunnulækjarskóla og starfsfólki Hótels Arkar.

**Sandra Sigurðardóttir**
**Birta Marín Davíðsdóttir**
**Bjarni Marel Davíðsson**
**Manúella Berglind Davíðsdóttir**
**Og fjölskylda.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHILD JOHANNE RÖED**
**Stífluseli 9, Reykjavík,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 27. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 8. apríl nk. kl. 13.00.

**Edvard K. Sverrisson Röed** **Halldóra Jónsdóttir**
**Hildur Sverrisdóttir Röed** **Júlíus Baldvin Helgason**
**Heiða Sverrisdóttir Röed** **Heiðar Rafn Sverrisson**
**Davíð G. Sverrisson Röed** **Jófríður Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Okkar ástkæra

**ANNA AÐALSTEINSDÓTTIR**
**Heiðarbraut 7, Sandgerði,**

lést 3. janúar á Sjúkrastofnun Suðurnesja. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Haukur S. Hauksson** **Hanna G. Pétursdóttir**
**Katla Lilja Hauksdóttir**
**Gísli Þ. Hauksson** **Karen Bjarnadóttir**
**Haukur G. Karlsson**

---

✝



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**SIGURÐUR RAFNAR HALLDÓRSSON**
**tæknifræðingur,**
**Heiðarbæ 16,**

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi 30. mars. Jarðarför auglýst síðar.

**Kristín Sigurbjarnardóttir**
**Sigurbjörn Búi**
**Guðmundur Tryggvi**
**Hlíf**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


FERMING
FRAMUNDAN?
ADELINE 135x49xH80 cm.
79.900,-
SPAHIRA
KÚLULJÓS
7.990,-
MUNKUR
1.990,-
UGLU-
BABÚSKUR
1.590,-
PAPASAN 114xH60 cm.
12.990,-
PAPASAN PULLA
9.990,-
ALMELO
NÁTTBORÐ
46x33xH70,5 cm.
16.990,-
NID HENGISTÓLL 94xH194 cm.
59.900,-
KLUKKUR 3.990,-
DREAM
BIG
DREAM BIG
SKILTI
1.990,-
SKARTGRIPABÆKUR 2.590,-
IWATE
STYTTUR
990,-
PÚÐAR
3 FYRIR 2
VERÐ FRÁ
1.990,-
RÚMTEPPI
160X220 CM.
9.990,-
PÁSKAOPNUN
Skírdagur: 12.00–18.00 / Glerártorg 13.00–17.00
Föstudagurinn langi: LOKAÐ
Laugardagur 10.00–18.00
Páskadagur: LOKAÐ
Annar í Páskum: 12.00–18.00 / Glerártorg 13.00–17.00
the
PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is
ANTON&BERGUR



2 | 20:05

**MARGRA BARNA MÆÐUR**

Vigdísi Jack eignaðist sex börn og gekk fjórum öðrum í móðurstað. Hún ól því upp 10 börn og bjó um tíma með hluta þeirra í húsi þar sem hvorki var rafmagn né rennandi vatn. Vigdís er á níræðisaldri í dag og börnin eru öll flogin úr hreiðrinu og hún segir Sigrúnu Ósk sögu sína.


FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


2 | 20:40

**GREY'S ANATOMY**

Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



2 | 21:25

**TOGETHERNESS**

Vandaðir gamanþættir sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.




2 | 22:45

**BONES**

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00

**A FEW GOOD MEN**

Ungur lögfræðingur leggur sig allan fram um að komast að sannleikanum um tvo unga sjóliða sem hafa verið ákærðir fyrir morð.



22:00

**GAME OF THRONES**

Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



Krakka Stöðin | 07:00-20:30

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 2 | 7 | 8 | | 5 | | |
| | | | 9 | | 5 | | | |
| 5 | | | | 6 | 2 | | | 7 |
| | | | | 2 | 7 | | 3 | |
| 4 | | | | | 3 | | | 5 |
| 7 | | 8 | | 4 | 6 | | | 9 |
| 6 | 5 | | | | | 8 | 4 | 3 |
| 8 | 7 | | | 1 | | | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 1 | 3 | | 9 | 5 | |
| | | 9 | | | | | | |
| 5 | 7 | 8 | 4 | | | 1 | | 3 |
| | | | | | 6 | 8 | | |
| | 3 | 2 | 7 | | 8 | | | |
| | | | | 2 | 4 | | | 1 |
| 9 | | 4 | | | 3 | | | |
| 1 | | | 5 | 9 | | | | |
| | | | | | | 5 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 1 | | 8 | | 7 | 9 | |
| 9 | 7 | 2 | | | 4 | | | 8 |
| 8 | | | | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 6 | 8 | | |
| | 6 | | | | 5 | | | 3 |
| | | | 1 | | | 4 | | |
| | | 8 | | 6 | | 5 | | |
| 4 | | | 2 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 |
| 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 | 2 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 |
| 2 | 5 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 6 | 3 | 2 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 8 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 1 |
| 3 | 9 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 5 | 9 | 4 | 2 | 7 | 3 | 8 |
| 6 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 7 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Sá maður sem á sér ekkert innra líf verður þræll ytri aðstæðna.“**

*Henri-Frédéric Amiel.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sjúkdómur, **6.** þys, **8.** kostur, **9.** gerast, **11.** í röð, **12.** sjúga, **14.** steintegund, **16.** tveir eins, **17.** svipuð, **18.** drulla, **20.** í röð, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** unaður, **3.** átt, **4.** köldusótt, **5.** angan, **7.** flík, **10.** skammstöfun, **13.** skrá, **15.** tafl, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** asmi, **6.** ys, **8.** val, **9.** ske, **11.** lm, **12.** totta, **14.** kvars, **16.** kk, **17.** lík, **18.** aur, **20.** aá, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** sv, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** skokkur, **10.** etv, **13.** tal, **15.** skák, **16.** kaf, **19.** rá.







**FRAMUNDAN Á GOLFSTÖÐINNI**

**19.–22. mars**
Arnold Palmer Invitational

**26.–29. mars**
Valero Texas Open

**2.–5. apríl**
Shell Houston Open

**9.–12. apríl**
Augusta Masters

**16.–19. apríl**
RBC Heritage

# HORFÐU Á BESTA GOLFIÐ!

Á Golfstöðinni geturðu horft á alla helstu golfviðburði heims. Yfir 200 beinar útsendingar allt árið um kring, ***Masters, US Open, British Open, PGA*** og ***Ryder Cup*** ásamt öllum hinum stórmótunum og þáttunum sem golfáhugafólk má ekki missa af. ***Tryggðu þér áskrift á 365.is***

**3.490 kr.** ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann.

**5.490 kr.** ef þú ert með einhverja aðra áskrift hjá 365.

**6.490 kr.** ef þú ert ekki með neina áskrift fyrir.




**GSM áskrift, internet, heimasími** og aðild að **Vild** fylgir áskrift að Golfstöðinni

**0 kr.** 4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS**
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

**0 kr.** Internet
**20 GB**

**0 kr.** Heimasími
**100 mín.***
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

365

Nánar á **365.is** og í **síma 1817**

**ÚR KJÖTBORÐI**



**3.298 kr./kg**

**NAUTA ENTRECOTE**
verð áður 4.158 kr./kg

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

**ÚR KJÖTBORÐI**



**1.298 kr./kg**

**SVÍNAHNAKKI**
verð áður 1.660 kr./kg



**498 kr./kg**

**HAMBORGARAR 115G 2 Í PK.**
verð áður 562 kr./kg



**2.413 kr./kg**

**FL SKYNDIGRILL**
verð áður 2.784 kr./kg



**1.898 kr./kg**

**KF LONDON LAMB**
verð áður 2.098 kr./kg



**1.998 kr./kg**

**KF LAMBAHAMBORGARHRYGGUR**
verð áður 2.128 kr./kg



**2.538 kr./kg**

**FL LÆRISNEIÐAR KRYDDAÐAR**
verð áður 2.930 kr./kg



**2.329 kr./kg**

**FL SIRLOINSNEIÐAR**
verð áður 2.638 kr./kg



**266 kr.**

**ORA RAUÐKÁL 580G**
verð 266 kr.

**frá 168 kr.**

**ORA MEÐLÆTI**
verð frá 168 kr.



**698 kr./kg**

**MÓA FROSINN KJÚKLINGUR**
verð áður 798 kr./kg



**998 kr./kg**

**MATFUGL VEISLUFULG**
verð 998 kr./kg



**398 kr.**

**MYLLU SKÚFFUKAKA M/KÓKOS**
verð 398 kr.



**2.398 kr.**

**KJÖRÍS KONFEKTÍSTERTA 12 MANNA**
verð 2.398 kr.



**2.998 kr./kg**

**TÍGRISRÆKJA STÓR**
verð áður 3.498 kr./kg



**5.588 kr./kg**

**HÖRPUSKEL STÓR**
verð áður 6.529 kr./kg



**4.968 kr./kg**

**HUMAR STÓR**
verð áður 5.796 kr./kg



**698 kr./stk.**

**PEPSÍ EÐA PEPSÍ MAX 4 X 2L**
verð 698 kr./stk.



**488 kr./stk.**

**FK SÚKKULAÐI EÐA VANILLUÍS**
verð 488 kr.

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**




**748 kr.**

**GEVALÍA KAFFI 500G**
verð 748 kr.




**218 kr.** **128 kr.**

**HOMEBLEST 300G**
verð 218 kr.

**TOFFYPOPS**
verð 128 kr.

# MIKIÐ ÚRVAL AF PÁSKAEGGJUM






**frá 388 kr./stk.** **498 kr./stk.**

**BC KREM**
verð frá 388 kr./stk.

**BC KÖKUMIX**
verð frá 498 kr./stk.

FJARÐARKAUP

# ÞEGAR MIKIÐ STENDUR TIL

## 1. - 4. APRÍL




**598 kr.**

**COCOA PUFFS 467G**
verð 598 kr.




**285 kr.**

**HEILHVEITIKEX**
verð 285 kr.




**198 kr.**

**OREO KEX**
verð áður 238 kr.



**328 kr.**

**VÍNARBRAUÐ M/SÚKKULAÐI**
verð 328 kr.

**20% AFSLÁTTUR**



**270 kr.** **frá 236 kr.**

**KUBBAKERTI 13X6 CM**
verð áður 338 kr.

**SERVÉTTUR 33 CM**
verð áður frá 295 kr.

**20% AFSLÁTTUR**



**718 kr.** **338 kr.**

**KERTI 10X8,5 CM**
verð áður 898 kr.

**SERVÉTTUR 33 CM**
verð áður 422 kr.




**1.248 kr.**

**ANDREX 9 + 3**
verð 1.248 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. apríl. | Miðvikudagur | 9:00 - 19:00 | |
| 2. apríl. | Fimmtudagur | 10:00 - 16:00 | |
| 3. apríl. | Föstudagurinn langi | LOKAÐ | |
| 4. apríl. | Laugardagur | 10:00 - 17:00 | |
| 5. apríl. | Páskadagur | LOKAÐ | |
| 6. apríl. | Annar í páskum | LOKAÐ | |

FK
FJARÐARKAUP

# Leggðu land undir fót til Mývatns um bænadagana

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari stendur fyrir tónlistarhátíðinni Músík í Mývatnssveit í átjánda sinn og þar er kammertónlist í öndvegi

Um páskana er fyrirhuguð tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit á páskum 2015 en þessi skemmtilega hátíð er nú haldin í átjánda sinn. Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari hefur haft veg og vanda af hátíðinni frá upphafi og hún segir að hátíðin að þessu sinni samanstandi af tvennum tónleikum.

„Fyrri tónleikarnir verða í Skjólbrekku á skírdag kl. 20 og þar verða flutt íslensk sönglög, antík og óperuaríur, dúettar og píanótríó eftir Brahms í H-dúr. Seinni tónleikarnir verða í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa kl. 21.00.

Þar verður flutt píanótríó eftir Mozart ásamt fjölda sönglaga íslenskra og erlendra sem hæfa stundinni og staðnum,“ segir Laufey, sem er jafnframt afar ánægð með það tónlistarfólk sem tekur þátt í hátíðinni í ár sem endranær.

Auk Laufeyjar fiðluleikara eru flytjendur Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran og erlendir gestir þau Ellen Bridger, sellóleikari frá Bandaríkjunum, og ítalski píanóleikarinn Domenico Codispoti sem Íslendingum er að góðu kunnur.

Gestasöngvari er Ásgeir Böðvarsson bassi.

„Mér er því óhætt að hvetja unnendur góðrar kammertónlistar til þess að leggja land undir fót um bænadagana til þess að njóta góðrar tónlistar í fögru umhverfi.“ - mg



**KAMMERTÓNLIST** Laufey Sigurðardóttir stendur nú fyrir hátíðinni fyrir kammertónlistarunnendur átjánda árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Lesblind, feimin og hlédræg í æsku en drottning spennusagnanna í dag

Spennusagnahöfundurinn Sara Blædel ætlaði sér aldrei að verða rithöfundur en í dag elskar hún starfið sem hún ætlaði öðrum.




**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is


Sara Blædel er oft kölluð drottning spennusögunnar í Danmörku. Bækur hennar njóta gríðarlegra vinsælda bæði heima fyrir sem og víða um heim en Sara Blædel ætlaði sér aldrei að verða rithöfundur. En ást hennar á spennusögum allt frá unga aldri leiddi hana að lokum fram á ritvöllinn.

„Ég hef alltaf lesið mikið og þá sérstaklega spennusögur. Þegar ég var barn og unglingur þá voru ævintýrabækur og spennusögur mitt athvarf, minn heimur og dagdraumur. Ég las til að mynda allar Fimm fræknu bækurnar og hinar Enid Blyton-bækurnar eins og ég ætti lífið að leysa og tók fullan þátt í að hjálpa þessum krökkum að leysa alls kyns ráðgátur og leyndardóma.

Þaðan fikraði ég mig svo yfir í krimmana en á þeim tíma þótti ekki ýkja fínt að vera að lesa slíkar bókmenntir. Þetta var dálítið eins og að eiga dónablöð eða eitthvað viðlíka.“ Sara hlær að þessari tilhugsun en segir líka að þetta hafi verið raunverulega dálítið viðkvæmt. „Á mínu æskuheimili var þetta að minnsta kosti ekki sett í hillurnar. En málið er að ég var frekar lesblind sem krakki, átti ekkert sérstaklega auðvelt með texta, og því þurfti ég þessa kröftugu atburðarás sem er í krimmunum til þess að keyra mig áfram. Þar við bættist að ég var frekar feimin og einræn sem krakki og því leið mér alltaf best með vinunum sem ég eignaðist í bókunum.“

Fyrir tuttugu og þremur árum hóf Sara Blædel síðan feril sem sjálfstæður bókaútgefandi spennusagna. Markmiðið var að gera ástríðuna að sínu lífsviðurværi.

„Ég byrjaði rólega og fyrst um sinn var þetta bara ég á bíldruslunni minni að keyra á milli bóksala að reyna að selja. Keyrði stundum langar vegalengdir til þess að reyna að koma því sem ég var með á framfæri og þá áttu menn til að vorkenna mér dálítið og kaupa kannski tvö eintök sem þeir gerðu aldrei ráð fyrir að selja. Ég var í lausamennsku sem blaðamaður meðfram þessu en svo byrjaði útgáfan að vaxa og dafna hægt og rólega. Allt í einu stóð ég frammi fyrir þeirri ákvörðun að ég þyrfti að taka þetta alla leið, ráða fólk í vinnu og opna alvöru skrifstofu eða hætta. Ég valdi að hætta. Fannst ég vera að missa tengslin við bækurnar og þá hvarf gleðin úr þessu.“



**DROTTNINGIN** Sara Blædel er kölluð drottning spennusagnanna í Danmörku enda hafa þær verið henni ástríða allt frá unga aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Á þeim tíma þótti ekki ýkja fínt að vera að lesa slíkar bókmenntir. Þetta var dálítið eins og að eiga dónablöð eða eitthvað viðlíka.**

Eftir þetta fór Sara Blædel í fullt starf sem blaðamaður. Faðir hennar var þekktur ritstjóri í Danmörku og margir töldu að hún væri nú loks farin að sinna því sem henni væri í raun ætlað í lífinu.

„Nei, aldeilis ekki. Ég fékk miklu meira en nóg af skilafresti og öskrum og taugastrekkingi. Þetta var ekki fyrir mig þó svo ég hafi enst í þessu furðu lengi. Fyrir tíu árum fór ég skrifa mínar eigin glæpasögur meðfram blaðamennskunni og nú hef ég verið í þessu sem fullu starfi í tvö ár. Sögurnar komu til mín og það sem ég vissi var að ég gæti unnið rannsóknarvinnuna. Það er verkfæri sem ég kunni að nota sem blaðamaður og hef nýtt mér óspart.“

Þrátt fyrir bakgrunninn í blaðamennskunni lítur Sara alls ekki á bækur sínar sem samfélagslega ádeiluverk. „Ég hef einfaldlega ekki þessa uppreisnarþörf sem pabbi hefur. Þessa sterku þörf fyrir að svipta hulunni af því sem ætti betur að fara. Auðvitað skiptir samfélagið mig máli en ég er ekki skilaboðahöfundur, en mér finnst samt athyglisvert að sýna fólki hluti og málefni sem geta kallast samfélagsleg. Það sem gerist þegar ég fer að skoða einhver mál er að ég byrja að fabúlera og velta upp þessari „hvað ef“ spurningu.

Það var til að mynda grein um geðveikrahæli fyrir ungt fólk sem kveikti hugmyndina að Gleymdu stúlkunum. Eitt slíkt geðveikrahæli var til að mynda rétt hjá mínu æskuheimili og við sáum oft þessa krakka, veifuðum til þeirra og fannst þau vera hluti af samfélaginu. Í raun og veru voru þau einangruð og flestum gleymd. Það eru dapurleg örlög.“

Vinsældir Söru Blædel eru gríðarlegar og eitt sinn feimin, hlédræg stúlka er nú tíður gestur í fjölmiðlum bæði heima í Danmörku og víða um heim. Sara er ekki feimin lengur. „Nei, ég fíla þessa athygli alveg ljómandi vel og ég fíla samt mest af öllu að fólk skuli lesa bækurnar mínar. Það er stóra gjöfin að fólk vilji njóta bókanna minna og nái við þær tengingu. En ég held samt aðeins sönsum með því að geta stundum lokað mig af í nokkrar vikur í senn og skrifað. Bara skrifað og skrifað því það er það dásamlegasta og mikilvægasta sem ég geri.“




Nicorette® QuickMist munnholsúðinn

# virkar á 60 sek.

## - og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.
Frásog nikótíns er hraðara við notkun munnholsúðans samanborið við Nicorette nikótíntyggigúmmí eða Nicorette munnsogstöflur.




60
:SEK

## Nicorette® QuickMist



2 pakkningastærðir:
1 stk. og 2 stk.

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2013-12-Q-1

nicorette
nicotin
™

# Flytja síðrómantískt efni eftir Sibelius og Strauss

Sólrún Bragadóttir sópran og Gerrit Schuil píanóleikari koma fram í Norræna húsinu í kvöld. Kristín Mjöll Jakobsdóttir veit meira.

„Sólrún kemur hingað frá Ítalíu og hún og Gerrit munu flytja efni eftir tvo síðrómantíska meistara, ljóðaflokk eftir Jean Sibelius og nokkur vel valin lög eftir Richard Strauss.“ Þetta segir Kristín Mjöll um tónleika í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20. Þeir tilheyra röðinni Klassík í Vatnsmýrinni sem stendur fram í nóvember.

Röðin er helguð konum að hluta vegna kosningaafmælisins. Hin sænska Gitt-María Sjöberg sópran kemur í september og tekur með sér píanistann Irene Hasager og í nóvember flytur Auður Gunnarsdóttir Mannsröddina eftir Poulenc á leikrænan hátt, ásamt Helgu Bryndísi píanóleikara.

Finnarnir Marko Ylönen sellóleikari og Martti Rautio píanóleikari koma fram í júní og Jón Sigurðsson spilar á píanó heila dagskrá eftir Scriabin í október.

Tuttugu ára og yngri fá frían aðgang að Klassík í Vatnsmýrinni að sögn Kristínar Mjallar. „Við viljum hvetja ungt fólk til að mæta á tónleikana án þess að verðið sé þar fyrirstaða.“ - gun

**Við viljum hvetja ungt fólk til að mæta á tónleikana án þess að verðið sé þar fyrirstaða.**



**SKIPULEGGJANDI** „Tónleikarnir í kvöld heita Ljóðrænt litróf,“ segir Kristín Mjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stokkur fyrir þá sem vilja fræðast

Íslandssaga A-Ö er alfræðibók um íslenskt efni, allt frá abbadís til Örlygsstaðabardaga. Einar Laxness sagnfræðingur er annar höfunda.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Hér er kominn allgóður stokkur með ýmsum atriðum úr sögu og umhverfi þjóðarinnar. Ég vil segja að það sé ágætt hjálparrit fyrir nemendur, blaðamenn og allan almenning,“ segir Einar Laxness, sem ásamt öðrum sagnfræðingi, Pétri Hrafni Árnasyni, hefur skrifað bókina Íslandssaga A-Ö.

„Þetta er ný útgáfa, uppflettirit, sem ég tók fyrst saman fyrir 40 árum og kom út í tveimur bindum hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs,“ segir Einar og getur einnig um endurprentun fyrra bindis 1987 og endurútgáfu Vöku Helgafells 1995 í þremur bindum. Allt er það löngu uppselt. „Forlagið vildi gefa þetta efni út aftur, endurbætt og aukið. Til dæmis voru ekki mannanöfn í hinum bókunum en þau eru með núna, þótt auðvitað sakni menn þessa og hins. Svo er bætt við ýmsu fleiru sem tengist nútímanum, viðburðum sem gerst hafa frá 1995 og fram yfir hrun,“ lýsir Einar.

Einar tekur fram að hann hafi lítið sem ekkert skrifað nýtt í þetta rit. „Ég er orðinn svo gamall að ég átti fullt í fangi með að ganga frá því efni sem ég hafði áður sett saman svo Pétur Hrafn var mér til aðstoðar. Hann bætti við fólki og er höfundur nýja efnisins. Svo styttum við dálítið sumt eldra efnið og útkoman er þessi 600 blaðsíðna bók.“

Spurður hvort hann hafi getað látið tölvurnar hjálpa sér við ritstörfin nú svarar Einar: „Ég er með tölvu en fyrri handrit eru ekki þar inni. Hrafn stytti gamla textann og kom með hann á prófırkum til mín, ég las yfir, lagfærði og gerði athugasemdir ef mér sýndist svo. Þannig fór ég yfir allt verkið. Nú er kannski álitamál hvort svona efni á að koma út í bókarformi eða vera bara á netinu en þetta varð niðurstaðan. Eldri bækurnar gerðu mikið gagn á undanförnum áratugum og ég vona að þessar geri það líka.“



**SAGNFRÆÐINGURINN** „Eldri bækurnar gerðu mikið gagn á undanförnum áratugum og ég vona að þessi geri það líka,“ segir Einar Laxness um hina nýju Íslandssögu A-Ö. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## GRIPIÐ OFAN Í ÍSLANDSSÖGU A-Ö AF ALGERU HANDAHÓFI

**FJÖREGG** egg sem varðveitir líf tiltekins einstaklings eða þjóðsagnaveru. Þannig var talið nauðsynlegt að brjóta fjöregg trölls til þess að vega það.

**FJÖRULALLI** þjóðsagnavera í líki sækindar og á stærð við meðalmann sem talið var að hrekti fólk í sjóinn.

**FLATEY** ein Vestureyja á Breiðafirði í Austur-Barðastrandarsýslu. Hún reis úr sæ á ísöld þegar skriðjöklar hopuðu og fyrir vikið er hún vogskorin og mýrlend. Þar var stofnað klaustur af Ágústínusarreglu 1172, sennilega af Ögmundi Kálfssyni, fyrsta ábótanum, sem var starfrækt í 12 ár. Eyjan varð snemma mikilvægur verslunarstaður (löggiltur 1777) og víðfræg menningarmiðstöð. Guðmundur Scheving hóf útgerð þilskipa í Flatey 1822 og átti jafnframt hákarlaskip. Eyjarskeggjar urðu flestir um 400 upp úr aldamótunum 1900 en þegar leið á 20. öld fækkaði þeim jafnt og þétt og um aldamótin 2000 taldist þar aðeins ein jörð með fastri búsetu. Þar er þyrping vel varðveittra húsa og blómlegt líf á sumrin.




# Málar hús, landslag og portrett

Ragnar Hólm opnar sýningu í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri á morgun. Pálmi Gunnarsson og Kristján Edelstein leika þar létt lög af fingrum fram.

„Ég sýni núna sautján vatnslitamyndir og nokkur akrýlverk og á myndunum eru hús, landslag og portrett,“ segir Ragnar Hólm Ragnarsson, sem opnar sýningu í Mjólkurbúðinni á Akureyri á morgun, skírdag, klukkan 14. Meistararnir Pálmi Gunnarsson og Kristján Edelstein ætla að mæta þar með hljóðfæri og skemmta gestum.

Sýningin nefnist Vetur að vori og Ragnar skýrir það svo að vetur verði að vori, en svo geti líka veturinn látið á sér kræla þótt farið sé að vora. Þannig er það meðan við spjöllum saman því þá er allt að því stórhríð fyrir norðan. En Ragnar er líka kynningarstjóri Akureyrar og segir snjóinn pantaðan til að fólk geti rennt sér í Hlíðarfjalli um páskana! - gun



**MÁLARINN VIÐ EITT VERKANNA** Bautinn er vinsæll staður í miðbæ Akureyrar.




**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA**
**OPIÐ: Skírdag 13 - 17. Laugard. 11 - 18. Annan í páskum 13 - 17.**
LOKAÐ: Föstudaginn langa og páskadag.

**INTERSPORT AKUREYRI OG SELFOSSI**
**OPIÐ: Skírdag 12 - 16. Laugardag 10 - 16**
LOKAÐ: Föstud. langa, páskadag og annan í páskum.

INTERSPORT®
SPORT TO THE PEOPLE

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**76 ára Ali MacGraw**

**Þekktust fyrir:** Love Story, The Getaway

## BÍÓFRÉTTIR

### Hunger Games-skemmtigarður

Lionsgate hefur tilkynnt að fyrirtækið ætli að opna Hunger Games-skemmtigarð í Dubai. Garðurinn, sem er samstarfsverkefni Dubai Parks and Resorts og Motiongate Dubai, verður opnaður í október 2016. Forstjóri Lionsgate, Jon Feltheimer, segist vera stoltur af því að geta boðið upp á slíkan skemmtigarð fyrir aðdáendur myndanna og bókanna. Reiknað er með að um þrjár milljónir gesta muni heimsækja skemmtigarðinn ár hvert.





### Endurgerir Mulan

Disney hefur ákveðið að endurgera teiknimyndina Mulan. Verður það gert í svipuðum stíl og endurgerðin á Öskubusku sem sýnd er í kvikmyndahúsum nú, þar sem leiknum atriðum er blandað saman við tölvuteikningar.

Mulan kom út árið 1998 og er sagan byggð á kínverskri þjóðsögu, en Elizabeth Martin og Lauren Hynek munu skrifa nýtt handrit.

## FRUMSÝNINGAR



**Samba**

**Gamanmynd, drama**

**Helstu leikarar:** Hélène Vincent, Charlotte Gainsbourg og Tahar Rahim

IMDb 6,7/10 Rotten Tomatoes 43%



**The Water Diviner**

**Stríðsmynd, drama.**

**Helstu leikarar:** Jai Courtney, Olga Kurylenko og Russell Crowe

IMDb 7,6/10 Rotten Tomatoes 83%

# Kveðjustund Pauls Walker á hvíta tjaldinu



**LEIKARAR SPJALLA** Í myndinni eru margir þekktir leikarar, eins og Jason Statham, Vin Diesel og Michelle Rodriguez.

Kvikmyndin Furious 7 verður frumsýnd um helgina. Leikarinn Paul Walker lést í bílslysi þegar tökur á myndinni voru hálfnaðar. Handritinu var breytt og hlupu bræður hans í skarðið til þess að hægt væri að ljúka við myndina.

Furious 7 verður frumsýnd um allan heim á föstudaginn. Útgáfa myndarinnar var í uppnámi í kjölfar fráfalls Pauls Walker, en hann lést í bílslysi 30. nóvember 2013. Þá var um helmingi tökudaga lokið. Eftir umhugsun ákváðu aðstandendur myndarinnar að ljúka við myndina, ekki síst sem virðingarvott við Walker. Handritinu var breytt og voru bræður hans, Caleb og Cody Walker, fengnir til þess að hlaupa í skarðið í nokkrum atriðum. Eins og nafnið gefur til kynna er þessi mynd sú sjöunda í röðinni um kappaksturskappana í Fast and the Furious.

### Vill Óskarsverðlaunin

Einn af aðalleikurum myndarinnar, Vin Diesel, telur að Furious 7 eigi skilið Óskarsverðlaun á næsta ári sem besta myndin. Þetta segir hann þrátt fyrir að vita ekkert um samkeppnina, svo mikla trú hefur hann á þessari mynd. Vin Diesel segir hasarmyndir ekki njóta sannmælis hjá Óskarsakademíunni. Hann sagði að ýmsir framleiðendur hefðu kvartað yfir því, en nú væri komin mynd sem ætti verðlaunin skilið. Þessi ummæli hafa vakið athygli vestanhafs og gerði Conan O'Brien spjallþáttastjórnandi grín að Vin Diesel og sagði að leikarinn hafi verið lagður inn á spítala fyrir að halda að myndin ætti skilið Óskarsverðlaunin.

### Erfitt fráfall

Mikið var fjallað um fráfall Pauls Walker og mátti sjá á viðbrögðum annarra leikara myndarinnar að teymið á bak við myndina var náið. Vin Diesel og Walker voru miklir mátar og tók sá fyrrnefndi fráfall þess síðarnefnda mjög nærri sér. Vin Diesel skírði nýfædda dóttur sína Paulina, í höfuðið á vini sínum sem hann kallaði bróður.

Leikkonan Michelle Rodriguez hefur einnig tjáð sig um fráfall Walkers. „Þetta var hræðilegt. Þetta var eins og köld vatnsgusa fram í okkur. Að missa einhvern sem maður elskar svona mikið. Ef einhver var heill og flottur persónuleiki, þá var það Paul," útskýrir hún í samtali við bandaríska fjölmiðla.

### Fínir dómar

Gagnrýnendur hafa lofað myndina og sagt hana bera vott um að hægt sé að taka myndir eins og Fast and the Furious í nýjar áttir. Hún er sögð vera spennandi, með mögnuðum áhættuatriðum, en á sama tíma hafi hún tilfinningalega dýpt, meiri en fyrri myndirnar í seríunni. Á vefsíðunni Rotten Tomatoes eru dómar mikils fjölda gagnrýnenda teknir saman og búin til meðaleinkunn úr þeim. Á síðunni er Furious 7 með 6,9 af 10 mögulegum og er sú einkunn fengin úr 25 kvikmyndadómum. Á SXSW hátíðinni fyrr í mánuðinum var myndin forsýnd og myndaðist löng röð fyrir framan kvikmyndahúsið því margir vildu sjá hana. Haldin var minningarhátíð til heiðurs Paul Walker og í umfjöllun tímaritsins Variety kemur fram að tár hafi fallið á þessari tilfinningaþrungnu stund.

### Búist við miklum tekjum

Vestanhafs er talið að myndin getið halað inn dágóðan skilding fyrir framleiðendur. Talið er að myndin gæti slegið aðsóknarmet fyrir mynd frumsýnda í apríl. Myndin Captain America á metið, en hún þénaði 95 milljónir dala frumsýningarhelgina, en talið er að Furious 7 gæti þénað á bilinu 110 til 115 milljónir dala ef spár ganga eftir. Það myndi verða besta frumsýningarhelgi allra mynda í Fast and the Furious-seríunni. Síðasta myndin sem kom út í seríunni, sú sjötta í röðinni, aflaði 97,4 milljóna dala fyrstu sýningarhelgina.

kjartanatli@365.is

## HELSTU LEIKARAR FURIOUS 7

- Vin Diesel
- Paul Walker
- Jason Statham
- Michelle Rodriguez
- Jordana Brester
- Tyrese Gibson
- Ludacris
- Dwayne „The Rock" Johnson
- Lucas Black
- Kurt Rusell



**BÍLAR OG AFTUR BÍLAR** Fast and the Furious-myndirnar hafa vakið athygli fyrir líflegar senur þar sem bílar eru gjarnan í aðalhlutverki.



**KVEÐJUSTUND** Paul Walker lést þegar um helmingur tökudaga var liðinn. Handriti myndarinnar var breytt.






SECRET×SOLSTICE×2015
SUMARIÐ NÆR HÁMARKI × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ
WU-TANG CLAN [US]
CHARLES BRADLEY [US] GUSGUS [IS]
FLIGHT FACILITIES [AU] FKA TWIGS [UK]
THE WAILERS [JM] MØ [DK] HJÁLMAR [IS]
FM BELFAST [IS] FOREIGN BEGGARS [UK] GREEN VELVET [US] HAM [IS] MUGISON [IS]
HELGI BJÖRNS [IS] NIGHTMARES ON WAX [UK] KINK LIVE [BG] MOODYMANN [US]
RETRO STEFSON [IS] SKREAM [UK] SUBMOTION ORCHESTRA [UK] ZERO 7 (DJ) [UK]
TOTALLY ENORMOUS EXTINCT DINOSAURS [UK]
AGENT FRESCO [IS] ANUSHKA [UK] BLAZ ROCA [IS] DANIEL AVERY [UK] DETROIT SWINDLE [NL]
DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP [IS] DROOG [US] EMMSJÉ GAUTI [IS] ENSÍMI [IS] EROL ALKAN [UK]
FOX TRAIN SAFARI [IS] GÍSLI PÁLMI [IS] HALLELUWAH [IS] HEIDI [UK] JASPER JAMES [UK]
JÚNÍUS MEYVANT [IS] KLOSE ONE [UK] LEON VYNEHALL [UK] NICK CURLY [DE] ROB SHIELDS [US]
ROUTE 94 [UK] RUFUS [AU] SAMARIS [IS] ÚLFUR ÚLFUR [IS] VALDIMAR [IS] WANKELMUT [DE]
ALVIA ISLANDIA [IS] ARTWORK [UK] AXEL FLÓVENT [IS] BENNY CRESPO'S GANG [IS] BONES [CA] BORG (DJ) [IS]
EGILL TINY [IS] GEIMFARAR [IS] GERVISYKUR [IS] GHOST CULTURE [UK] INTR0BEATZ LIVE [IS] KAMERA [UK]
JÓHANNES LAFONTAINE (LIVE) [IS] KÆLAN MIKLA [IS] KILO [IS] KIRIYAMA FAMILY [IS] KSF [IS] MELLA DEE [UK]
LAGAFFE TALES (DJ) [IS] LILY THE KID [IS] MÁNI ORRASON [IS] MISS KITTIN [FR] SHADES OF REYKJAVÍK [IS]
STURLE DAGSLAND [DK] TETRIS TAKEOVER [IS] UNI STEFSON [IS] VALBY BRÆÐUR [IS] VIO [IS] YAMAHO [IS]
YOUNG KARIN [IS] ÞRIÐJA HÆÐIN [IS] OG FLEIRI ...
EINUNGIS 2.500 MIÐAR Í BOÐI Á 18.900 KR.
MIÐASALA Á TIX.IS OG Í LUCKY RECORDS
WOW air
ÍCELANDIC GLACIAL
66° NORTH
VÍKING Léttöl
Coca-Cola
last.fm
SECRETSOLSTICE.IS
#SECRETSOLSTICE




**Tilboðin gilda 02. - 06. apríl 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



BAYONNESKINKA/ BAYONNESTEIK

-40%

959

ÁÐUR 1.598 KR/KG

## 50% AFSLÁTTUR !

DAGANA 2.APRÍL TIL OG MEÐ 6.APRÍL VERÐUR **50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR** **NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD**



GRÍSAHRYGGUR PÖRUSTEIK/BEINLAUS

-42%

1.383

ÁÐUR 2.384 KR/KG



LAMBAHRYGGUR FERSKUR-FYLLTUR

2.572

ÁÐUR 3.215 KR/KG





ÍSKAKA - EMMESÍS 800ML, 2 TEGUNDIR

-36%

799

ÁÐUR 1.259 KR/STK



JARÐARBER 250 GR Í ÖSKJU

-50%

249

ÁÐUR 498 KR/ASKJAN

ULAÐIKAKA
10 G - MC CAIN
9 KR/STK
799 KR/STK





AEGG NR.4
/ÆVINTÝRA
49

FREYJA PÁSKAEGG NR.9 DRAUM/ÆVINTÝRA

2.069

### Opnunartími Nettó um páskana:

| | 2.apríl Skírdagur | 3.apríl Föstud.langi | 5.apríl Páskadagur | 6.apríl Annar í páskum |
|---|---|---|---|---|
| Nettó Akureyri | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Borgarnes | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Egilsstaðir | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Grandi | Opið til miðnættis | Lokað* | Lokað* | Opið 24. klst |
| Nettó Grindavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Hverafold | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Höfn | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Kópavogur | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Mjódd | Opið til miðnættis | Lokað* | Lokað* | Opið 24. klst |
| Nettó Reykjanesbær | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Nettó Selfoss | 10.00-20.00 | Lokað | Lokað | 10.00-20.00 |

*Lokum um miðnætti kvöldið áður og opnum aftur á miðnætti

*Gleðilega páska!*

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# FARSÍMAR SKAÐVALDAR Á FJÖLUM LEIKHÚSA

Fréttablaðið fékk fimm leikara til þess að deila sögum um hvernig símar hafa haft áhrif á störf þeirra. Einn leikari ákvað að taka síma af konu á fremsta bekk, sem var að taka leikverk upp á myndband.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is



Leikarar finna fyrir mikilli truflun af notkun síma á leiksýningum. Hringjandi símar, bjartir skjáir og flass af myndavélum eru dæmi um hvað getur fipað leikara og áhorfendur og spillt fyrir upplifun allra í salnum. Verndun höfundaréttar er einnig orðið áhyggjuefni fyrir aðstandendur leikrita, því dæmi eru um að fólk gerir tilraunir til að taka upp heilu sýningarnar á myndband.

**Ljósið truflar**

„Vissulega trufla símar þegar þeir hringja, en mér finnst eiginlega vera orðin meiri truflun af ljósum frá símanum,“ segir Björn Thors leikari. Hann segist iðulega lenda í því að símar hringi hjá áhorfendum á einleiknum um Kenneth Mána. Björn hefur brugðið á það ráð að láta Kenneth Mána hafa orð á því þegar áhorfendur taka símann upp á sýningunni.

Nína Filippusdóttir leikkona er sammála Birni, hún segir ljósin trufla áhorfendur og leikara. „Þetta er líka svona á tónleikum. Ég var gestur á tónleikum í Hörpu fyrir skömmu og þurfti að biðja unga stúlku um að setja símann niður, því hún þurfti að taka myndband af öllu og það truflaði okkur hin sem vorum í kringum hana.“

„Við erum öll að breytast. Við erum að verða einhver vélmenni,“ segir Þórir Sæmundsson, sem segist einnig finna fyrir truflun af símum. Hann segist þó ekki vera öðruvísi en aðrir þegar kemur að símanotkun. „Ég er að grípa sjálfan mig í að kíkja á símann í alls kyns aðstæðum,“ útskýrir hann.

**Upplifun fer forgörðum**

„Í leikhúsi er mikilvægt að vera í mómentinu. Þarna er fólk að upplifa hluti saman. Því er ekki æskilegt að fólk sé í símanum við þannig aðstæður,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir, leikkona og kynningarfulltrúi Borgarleikhússins. Atli Rafn Sigurðsson leikari tekur í sama streng. „Heildrænar upplifanir fara forgörðum þegar einhver hluti áhorfenda er í símanum. Leikhús er staður þar sem allir eru saman. Þetta er sameiginleg upplifun leikenda og áhorfenda. Því skemmir það fyrir þegar einhver fer að gera áþreifanlega annað það sem er í gangi í salnum og það hefur áhrif á alla aðra. En ég vil samt ekki fara að stjórna fólki neitt. Ég mæli bara með því að fólk, sem borgar kannski fimm þúsund krónur fyrir leikhúsmiðann, reyni að fylgjast með því sem er í gangi á sviðinu!“

Fréttablaðið fékk leikarana til að rifja upp sögur af því þegar símanotkun áhorfenda truflaði störf þeirra.



**SÍMANOTKUN Á SÝNIGNUM** Kenneth Máni ræðir iðulega við gesti sem taka upp símann á sýningum. Björn Thors leikari fagnar árverknisátakinu Líttu upp! sem hófst í dag. Fólk er hvatt til að minnka símanotkun sína.

## FIMM LEIKARAR SEGJA REYNSLUSÖGUR AF FJÖLUM LEIKHÚSANNA ÞAR SEM FARSÍMAR KOMA VIÐ SÖGU

### SVARAÐI SÍMANUM Í SÝNINGU

Björn Thors segir síma geta truflað störf leikara á marga vegu. Björn segir að oft og iðulegja hringi sími áhorfenda sem eru staddir á einleiknum um Kenneth Mána. En saga Björn er þó frá því þegar hann lék í verkinu Rústað, sem sýnt var á fjölum Borgarleikhússins. „Þetta var mjög dramatískt stykki. Og þegar mikið lét við hringdi síminn hjá einhverjum manni úti í sal. Hann svaraði símanum og þá hreinlega fraus allt. Maðurinn er þarna að tala, að því er virðist, við dóttur sína. Annar áhorfandi gjammaði á manninn og kona mannsins var orðin mjög vandræðaleg. Maðurinn ákvað þá að standa upp, sem skapaði enn frekari truflun. Hann gekk meðfram áhorfendabekkjunum og fór á bakvið svarta drapperingu og hélt samtalinu áfram þannig að allir heyrðu.“

Björn segir að mörgu að hyggja þegar kemur að símum í leikhúsunum. „Símarnir eru ljósgjafar sem geta truflað mikið út frá sér. Fólk er líka oft að taka myndir og myndbönd og trufla þannig leikara. Þetta er orðinn nýr raunveruleiki sem við þurfum að læra á og við þurfum að finna taktinn í þessu þannig að símarnir hætti að trufla leikara og áhorfendur.“



### TÓK SÍMANN AF KONU

Atli Rafn Sigurðsson þarf ekki að leita langt aftur þegar hann er beðinn um að rifja upp sögu af því þegar símar höfðu áhrif á störf hans sem leikara. Um helgina ákvað hann nefnilega að taka símann af konu á fremsta bekk. „Þetta var við sýningu á Sjálfstæðu fólki. Við leikararnir sátum þarna alveg fremst á sviðinu, þannig að fætur okkar voru fram af. Í atriðinu var Ástu Sóllilju sýnt myndband á farsíma. Þá ákvað einhver kona á fremsta bekk að þetta væri gott tilefni til að taka upp myndband. Hún var mjög nálægt okkur með símann uppi, þannig að ég ákvað bara að taka símann af henni og spurði hvort hún væri líka að skoða myndband eins og við. Síðan spurði ég hana hvort henni þætti ekki meira viðeigandi að hlusta á okkur. Að lokum afhenti ég henni símann aftur og enginn annar tók upp símann á sýningunni,“ rifjar hann upp. Annars segir Atli Rafn að hann vilji ekki vera með boð og bönn í leikhúsunum. Hann hvetur fólk til þess að einbeita sér að leiksýningum og segir að þótt fólk haldi að símar þess trufli ekki þá geti þeir hæglega gert það, bæði aðra áhorfendur sem og leikara.



### SÍMINN HRINGDI Á HÁPUNKTI SÝNINGARINNAR

Þórir Sæmundsson segist sjálfur grípa sig við að athuga símann sinn við hinar ýmsu aðstæður. Hann segir það frelsandi að vera í leikhúsinu og komast ekki í símann. Eitt sinn, þegar hann lék í Eldhafinu, hinu hádramatíska verki sem sýnt var í Borgarleikhúsinu, hringdi síminn á hápunkti sýningarinnar. „Eldhafið var auðvitað svakalegt stykki. Fullorðið fólk fór grátbólgið út af sýningunni, sem var mjög svo áhrifamikil. Verkið fjallaði um tvíburasystkin sem voru nýbúin að missa móður sína. Þeim er falið að láta föður sinn og eldri bróður fá sitt bréfið hvorn. Síðar kemur í ljós að móðir þeirra hafði verið í borgarstríðinu í Líbanon og verið tekin höndum af stjórnarhernum og Ísraelsmönnum. Þar var henni nauðgað og sætti hún pyntingum. Hún eignaðist tvíburana í fangabúðum, í kjölfar nauðgunar. Í sýningunni læra áhorfendur að eldri bróðir systkinanna hafi verið tekinn frá móður þeirra og ólst hann upp á munaðarleysingjahæli. En til að gera langa sögu stutta þá var bróðir þeirra innlimaður í stjórnarherinn og stóð í því að pynta fólk. Það kemur svo í ljós að sonur konunnar hafði tekið þátt í að pynta hana, ekki vitandi að þetta var móðir hans. Hann tók einnig þátt í að nauðga henni og þegar það kemur í ljós að hann er í senn eldri bróðir systkinanna og faðir þeirra verður sýningin gjörsamlega magnþrungin. Í eitt sinn hringdi síminn þegar ég, í hlutverki sonarins, var að lesa bréfin og komast að þessu öllu saman. Þá fór mómentið gjörsamlega. Þetta drap sýninguna alveg. Það er svo mikil einbeiting sem fer. Og þetta skemmdi mikið út frá sér,“ rifjar Þórir upp.



### SPRUNGUM ÚR HLÁTRI

Nína Filippusdóttir segir að fyrsta sagan sem komi upp í huga hennar þegar símanotkun truflaði störf hennar sé af henni og Guðjóni Davíð Karlssyni, eða Góa eins og hann er gjarnan kallaður. „Þetta var við sýningar á leikritinu Á sama tíma að ári. Þá hringdi sími hjá einhverjum áhorfanda. Við stoppuðum þegar síminn byrjaði að hringja. Áhorfandinn áttaði sig ekki á því að þetta var síminn hans sem var að hringja og á endanum sprungum við Gói úr hlátri. Auðvitað trufla símarnir mann mismikið. Mér finnst Snapchat-forritið vera mikil truflun. Fólk er að taka allt upp á myndband og þá kemur ljós frá skjánum og svo heyrast gjarnan aukahljóð með sem trufla út frá sér,“ útskýrir Nína.



### LEIKHÚSIÐ SNÝST UM AÐ VERA Í MÓMENTINU

Alexía Björg Jóhannesdóttir, kynningarstjóri hjá Borgarleikhúsinu, segir að hún finni mikið fyrir því að símar hafi truflandi áhrif á störfin í leikhúsinu. „Það gerist nánast hverja helgi að fólk þarf að fara út úr salnum til að svara símanum. Þetta er auðvitað mjög truflandi fyrir leikarana. Þetta snýst oft bara um að fólk gleymir sér. Gleymir að slökkva á símunum og gerir sér ekki grein fyrir því að sími þess hringir. Einnig hafa ljósin frá símunum áhrif. Maður tekur alltaf eftir því þegar fólk fer að laumast í símana. Þetta snýst kannski að einhverju leyti um að fólk eigi erfitt með að vera í núinu. Leikhúsið er staðurinn þar sem maður upplifir augnablikin, í staðinn fyrir að taka þau upp á myndband eða mynd. Þetta er farið að hafa áhrif á listina. Þetta er eitthvað sem við getum hæglega bætt. Ég held að þetta sé bara spurning um að kunna að njóta.“




MERKJAVÖRU
MARKAÐUR
10.000 kr
CONVERSE
6.000 kr
7.000 kr
CONVERSE
6.000 kr
STUDIO London
5.000 kr
STUDIO London
2.000 kr
STUDIO London
5.000 kr
EYE CON
5.000 kr
STUDIO London
2.000 kr
NORTH
2.000 kr
STUDIO London
5.000 kr
ecco
12.000 kr
ecco
10.000 kr
ecco
5.000 kr
STUDIO London
1.000 kr
ecco
6.000 kr
The FLEXX
5.000 kr
STUDIO FIFTYSIX GIRL
2.000 kr
SOFT WALK
3.000 kr
300 kr
viox
2.000 kr
relaxshoe
3.000 kr
viox
3.000 kr
viox
3.000 kr
1. APRÍL MIÐVIKUDAGUR
2. APRÍL SKÍRDAGUR
3. APRÍL FÖSTUDAGURINN LANGI
4. APRÍL LAUGARDAGUR
6. APRÍL 2. Í PÁSKUM
HÚSIÐ OPNAR kl 11⁰⁰
Toppskórinn
SMÁRATORGI
( við hliðina á Toys 'R' Us )

# Og þá voru eftir fjórir

Strákabönd, eins og við þekkjum þau í dag, sáust fyrst fyrir þrjátíu árum. Þau eiga það sameiginlegt að vera samsett, gagnrýnd fyrir tónlist sína og eiga mjög æsta aðdáendur sem flestir eru unglingsstúlkur. Leiðin á toppinn er hröð og þar er erfitt að halda sér, hvað þá þegar einn yfirgefur hópinn. Fréttablaðið leit yfir farinn veg stærstu strákabanda sögunnar.

**Adda Soffía Ingvarsdóttir**
adda@frettabladid.is

## NEW KIDS ON THE BLOCK

*1984-1994, 2008-enn starfandi*

NKOTB var stofnað 1984 í Boston. Í bandinu voru bræðurnir Jordan og Jonathan Knight, Joey McIntyre, Danny Wood og Donny Whalberg. Bandið var sett saman af umboðsmanninum Maurice Starr. Fyrsta platan kom út árið 1986 og fékk ekki góðar viðtökur. Árið 1988 kom Hangin' Tough út og eftir það fóru hjólin að snúast. Platan Step By Step, sem kom út árið 1990, færði þeim heimsfrægð. Við tóku tónleikaferðalög um allan heim og aðdáendahópurinn fór stækkandi. Eftir ásakanir um að mæma á tónleikum, ráku þeir Starr árið 1993 og breyttu nafninu í NKOTB og 1994 kom fjórða platan þeirra út. Vinsældirnar höfðu dvínað, og í stað þess að spila á stórum íþróttaleikvöngum, voru þeir í minni klúbbum.



Árið 1994 voru þeir staddir á Spáni á tónleikaferðalagi, þegar Jonathan Knight tilkynnti að hann væri hættur í bandinu. Ástæðan sem gefin var upp í fjölmiðlum var að hann hefði hryggbrotnað, en í raun þjáðist hann af alvarlegum kvíða.

Eftir það fór hver í sína áttina. Donny Wahlberg fetaði í fótspor bróður síns, Marks Wahlberg, og sneri sér að leiklistinni. Árið 2008 komu þeir saman aftur og 2011 fóru þeir í tónleikaferðalag með Backstreet Boys. Bandið er starfandi í dag og er á leið í tónleikaferðalag í sumar. Knight kom fram í þætti Oprah Winfrey þar sem hann ræddi um kvíðann og hvað umboðsfyrirtækið þeirra hefði þrýst á hann að halda áfram þrátt fyrir veikindin.



## BOYZONE

*1993-2000, 2007-enn starfandi*

Írska strákabandið Boyzone var stofnað 1993 af X-Factor dómaranum Louis Walsh. Auglýst var eftir strákum til þess að vera í írsku útgáfunni af Take That. Fyrsta plata þeirra Keiths Duffy, Stephens Gately, Mikey Graham, Ronans Keating og Shanes Lynch kom út árið 1995. Í kjölfar bílslyss sem tveir þeirra lentu í árið 1994, lét Walsh þá skrifa undir samning sem takmarkaði það sem þeir máttu gera og taka þátt í. Þriðja platan þeirra kom út árið 1998 og seldist í þremur milljónum eintaka um allan heim. Á henni voru flest lögin eftir hljómsveitarmeðlimi og var Ronan Keating þeirra aðalmaður. Árið 1999 var viðburðaríkt. Greatest hits-plata þeirra seldist í fjórum milljónum eintaka um allan heim, Keating gaf út lagið When You Say Nothing At All, sem leikið var í myndinni Notting Hill og Stephen Gately kom út úr skápnum. Sama ár hætti Boyzone. Bæði Keating og Gately unnu að sínum sólóferli. Árið 2007 kom bandið aftur saman og í tvö ár var það á tónleikaferðalagi. Í lok 2009 varð Gately bráðkvaddur á Mallorca þar sem hann var í fríi. Árið 2010 gáfu eftirlifandi meðlimir út plötu og eru starfandi enn þann dag í dag.

## TAKE THAT

*1990-1996, 2005-enn starfandi*

Breska sveitin Take That var stofnuð í Manchester árið 1990 af umboðsmanninum Nigel Martin Smith, en hann vildi gera bresku útgáfuna af New Kids on the Block. Smith þekkti Gary Barlow, sem hafði spilað og sungið á klúbbum síðan hann var 15 ára. Hann hélt áheyrnarprufur og með Barlow voru valdir í bandið þeir Mark Owen, Howard Donald, Jason Orange og Robbie Williams. Fyrsta platan, Take That and Party, kom út 1992 og 1993 kom Everything Changes út. Það var þó ekki fyrr en árið 1995 sem þeir fóru í sitt fyrsta tónleikaferðalag um heiminn. Á þeim tíma prýddu þeir forsíður unglingatímarita um allan heim og söluvarningur með þeim seldist gríðarlega vel. Platan Nodody Else kom út árið 1995 og skaut þeim endanlega upp á stjörnuhimininn og urðu þeir söluhæsta breska strákabandið frá upphafi. Williams hafði á þessum tíma glímt við áfengis- og fíkniefnaneyslu, sem varð til þess að hann tók sér hlé sumarið 1995. Þeir héldu áfram fjórir, en á afmælisdegi Williams 13. febrúar 1996 tilkynntu þeir á blaðamannafundi að Williams væri hættur og í apríl sama ár hættu þeir. Williams naut mikillar velgengni á sólóferli sínum og er einn af fáum fyrrverandi meðlimum strákabands sem hefur náð slíkum árangri. Barlow hóf einnig farsælan sólóferil og gekk til liðs við X-Factor árið 2011. Frá 2005 til dagsins í dag hefur Williams gengið til liðs við bandið tvisvar sinnum. Sveitin hélt lengi vel áfram sem kvartett og gaf út fjórar plötur eftir 2005. Í október 2014 tilkynnti Orange að hann væri hættur, en Barlow, Owen og Donald halda ótrauðir áfram.





PIPAR\TBWA • SÍA

HEIMAÖRYGGI

Það er dýrmætt að búa við öryggi heima við. Þess vegna er gott að vita af einhverjum sem er alltaf til staðar. Svona til öryggis.

## ONE DIRECTION

*2010-enn starfandi*

Þeir Harry Styles, Louis Tomlinson, Niall Horan, Liam Payne og Zayn Malik fóru allir í áheyrnarprufur fyrir X-Factor í byrjun árs 2010. Allir komust þeir áfram, en í lokaútsláttinum ákvað Simon Cowell að setja þá saman í strákaband. Þeir enduðu í þriðja sæti, en þrátt fyrir það höfðu aðrar eins vinsældir aldrei sést í X-Factor. Þeir voru eltir á röndum og má segja að aðdáendur hafi gert þá heimsfræga í gegnum samfélagsmiðla, áður en fyrsta platan þeirra, Up All Night, kom út árið 2011. Í kjölfarið héldu þeir í tónleikaferðalag. Í nóvember 2012 kom Take Me Home út og henni fylgdi annað tónleikaferðalag, Where We Are Tour með 134 tónleikum. Sama ár, 2013, kom út myndin This Is Us og í nóvember 2013 kom þriðja platan út, Midnight Memories. Á henni höfðu þeir tekið þátt í að semja flest laganna. Í apríl 2014 héldu þeir í annað tónleikaferðalag um heiminn sem lauk um haustið. Í nóvember 2014 kom út fjórða platan, FOUR, sem þeir sömdu að mestu leyti sjálfir. Í febrúar 2015 héldu þeir í einn eitt tónleikaferðalagið, On the Road Again. 25. mars 2015 kom tilkynning frá þeim um að Zayn Malik hefði ákveðið að hætta í miðju tónleikaferðalagi. Ástæðurnar voru óljósar, meðal annars kvíði, álag og mikil pressa frá umboðsfyrirtæki þeirra, Modest Management. Ekki var vitað hvað tæki við hjá Malik, en 31. mars gaf hann út demó af fyrsta sólólaginu sínu með tónlistarmanninum Naughty Boy. Ætla hinir fjórir sem eftir eru að halda áfram, en tónleikaferðalagi þeirra lýkur þann 31. október 2015. Þeir hafa einnig sagt að fimmta platan sé í vinnslu, enda virðast vinsældir þeirra ekki enn hafa dvínað þrátt fyrir áföllin.





## NSYNC

*1995-2002*

Bandaríska sveitin NSync var stofnuð árið 1995 í Flórída og voru meðlimir hennar Justin Timberlake, JC Chasez, Chris Kirkpatrick, Joey Fatone og Lance Bass. Fyrsta platan kom út árið 1998 og naut ekki mikilla vinsælda. Það var ekki fyrr en þeir komu fram á Disney Channel sem hjólin fóru að snúast og í janúar 2000 kom slagarinn Bye, Bye, Bye þeim á kortið. Önnur platan, No Strings Attached, kom út í mars 2000 og það ár fóru þeir í tónleikaferðalag um heiminn. Þriðja platan, Celebrity, kom út árið 2001 en á henni höfðu Timberlake og Chasez tekið þátt í að semja stóran hluta tónlistarinnar. Þeirri plötu fylgdu þeir eftir með tónleikaferð, en í apríl 2002 tóku þeir sér hvíld, sem varð til þess að sveitin hætti, en engin formleg yfirlýsing kom þó frá bandinu. Timberlake hefur síðan þá átt farsælan sólóferil og er einn vinsælasti söngvari heims í dag.

## BACKSTREET BOYS

*1993-enn starfandi*

Sveitin var stofnuð í Orlando í Flórída árið 1993. Þeir A.J. McLean, Howie Dorough, Nick Carter, Kevin Richardson og Brian Littrell gáfu út sína fyrstu plötu árið 1996, sem eingöngu var gefin út í Bandaríkjunum og þá næstu árið 1997 sem var gefin út um allan heim. Sú plata var að mestu leyti unnin með Max Martin, en hann hefur einnig samið fyrir Britney Spears. Plötunni fylgdu þeir eftir með tónleikaferðalagi um heiminn, og nutu gríðarlegra vinsælda í Evrópu og þá sérstaklega í Þýskalandi. Littrell, einn meðlima Backstreet Boys, var með hjartasjúkdóm, en hann frestaði því að fara í aðgerð margsinnis vegna tónleikaferðalaga. Þriðja platan þeirra, Millennium, kom út árið 1999 og fylgdu þeir henni eftir með tónleikaferðalagi um allan heim og spiluðu á 115 tónleikum í 84 löndum. Tvær aðrar plötur fylgdu í kjölfarið og árið 2002 óskuðu þeir eftir því að fá að fara frá umboðsfyrirtæki sínu, The Firm. Carter kaus hins vegar að fara ekki frá fyrirtækinu þar sem hann ætlaði að vinna að sólóferli sínum meðfram hljómsveitinni. 2003 kom McLean fram í þætti Oprah Winfrey þar sem hann sagði henni frá eiturlyfjafíkn sinni. Í júní 2006 tilkynnti hljómsveitin að Richardson að væri hættur í bandinu, en hann væri alltaf velkominn aftur. Enginn þeirra hefur náð flugi með sólóferli sínum og er bandið enn starfandi í dag. Í janúar 2015 kom svo út heimildarmynd um þá: Show 'Em What You're Made Of.



## STAÐREYNDIR UM STRÁKABÖND

- Þeir Jonathan Knight og Zayn Malik hættu báðir vegna kvíðaröskunar.
- Lance Bass og Stephen Gately máttu ekki koma út úr skápnum þegar böndin þeirra voru vinsæl og sögur eru um að þetta eigi við um meðlimi fleiri strákabanda.
- Robbie Williams og Justin Timberlake hafa náð mestum vinsældum af þeim sem hafa hætt.
- Stephen Gately er sá eini sem er látinn af meðlimum strákabanda níunda og tíunda áratugarins.
- Up All Night er nafn á plötu með One Direction og lagi með Take That.
- This Is Us hét sjöunda plata Backstreet Boys og líka myndin um One Direction.
- 26 ár eru á milli yngsta og elsta meðlims strákabandanna sem hér eru talin upp. Harry Styles er fæddur 01.01.1994 og Howard Donald 28.04.1968.





Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 Nánar á oryggi.is

# Skilaboð að handan

**BAKPANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Í gegnum tíðina hef ég reglulega freistað þess að komast í samband við aðra heima með því að borga miðlum fyrir upplýsingar að handan. Ég hef auðvitað alltaf trúað því að það sé líf eftir dauðann enda er það vægast sagt ömurleg tilhugsun að deyja ef ekkert betra bíður manns. Í seinni tíð hef ég þó iðulega spáð í hvort þetta sé nú ekki bara tómt kjaftæði en hitt hljómar betur.

**ÞAÐ** verður nú að segjast að upplýsingarnar, sem miðlað hefur verið til mín, eru misgáfulegar. Það hefur gerst að miðlarnir hitta á eitthvað sem ég hef talið engan geta vitað nema mig sjálfa. Kannski fáránleg tilviljun, eða látnir ættingjar í beinni að handan. Hver veit.

**ÞAÐ** var síðast í síðustu viku sem átti ég stefnumót að handan. Við vinkonurnar fengum í heimsókn miðil sem hafði ýmislegt að segja okkur. Sumt gat alveg passað, eins og að ég væri alveg að fara verða rík (vona svo sannarlega að manneskjan sjái meira en við hin), ég væri að fara skrá mig í gönguklúbb og að ég talaði mikið í símann (ég er blaðamaður, þannig að það á nokkuð vel við).

**ÉG** var nokkurn veginn að kaupa þetta þegar hún lokaði þessu með því að verndari minn væri indíáni. Af hverju ætti indíáni að fylgja mér? Hvað gerði þessi vesalings indíáni eiginlega í lifanda lífi til þess að eiga þau örlög skilið að þurfa að fylgja einhverri íslenskri konu og vernda hana? Ég næ þessu ekki.

**ÉG** hef líkt oft velt fyrir mér þeim skilaboðum sem eiga að vera berast mér frá látnum ættingjum mínum á þessum fundum. Skilaboðin eru svo hversdagsleg og hafa yfirleitt engan tilgang.

**HVAR** eru alvöru upplýsingarnar? Ef ég gerist svo fræg að komast á miðilsfundi eftir að ég er farin úr þessari jarðvist þá mun ég pottþétt koma mikilvægari skilaboðum á framfæri til ættingja minna eins og vinningstölum í næsta lottóútdrætti, óleystum mannshvarfsmálum eða hver muni vinna Eurovision. Af hverju fær maður aldrei þessi skilaboð að handan?



**ALLIR SAMAN** Hafdís ásamt sonum sínum, Sigurgeiri Árna og Alexander Gauta, sem leiðist hreint ekki að fá að laumast í eins og einn sykurlausan mola við tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sykurlaus páskaegg fyrir alla

**Þeir sem kjósa sykurlaust líf eða aðhyllast vegan-lífsstíl þurfa ekki að stressa sig á páskaeggjaleysi þegar páskadagur rennur upp. Hafdís Priscilla Magnúsdóttir sérhæfir sig í að útbúa sælgæti sem hentar öllum.**

„Ég er nú alls ekki heilög, en það er gott að fara gullna meðalveginn,“ segir Hafdís Priscilla Magnúsdóttir sem heldur úti bloggsíðunni Dísukökur.is og gerir hún sykurlausu hnossgæti hátt undir höfði í færslunum.

Páskar eru á næsta leiti og því ekki úr vegi að benda lesendum Fréttablaðsins á páskaegg sem henta bókstaflega öllum.

„Þessi eru sniðug fyrir yngstu kynslóðina sem ekki er farin að borða sykur og stærðin hentar vel í litlar hendur,“ segir Hafdís og bætir við að eggin henti býsna mörgum:

„Þessi egg eru líka mjólkurlaus og laus við allar dýraafurðir svo þeir sem aðhyllast vegan-lífsstíl geta fengið sér bita.“



### Góð fita gulli betri

Eggin eru jafnframt stútfull af góðri fitu og það skilar sér meðal annars í að færri bita er þörf en ella. „Sykurlausu uppskriftirnar falla vel í kramið hjá mínum börnum. Ég hef stundum íhugað að fela þetta fyrir þeim svo ég fái meira,“ segir Hafdís og skellir upp úr. - ga

### Páskaeggin góðu

- ½ bolli kakósmjör, smátt skorið
- ½ bolli kókosolía, bragðlaus
- 40 g ósykrað kakó
- 30 g Sukrin Melis
- 10 dropar súkkulaði-stevía

Kakósmjör og kókosolía sett í pott og brætt á lágum hita. Hrærið reglulega í.

Þurrefnum og steviu blandað við og sett í pottinn. Hrærið vel en það getur tekið smá stund að fá sætuna og kakóið til að bráðna.

Setjið súkkulaðið í páskaeggjaformið ykkar, ef þið ætlið að fylla, setjið $1/3$ af súkkulaði í formið og frystið.

Setjið svo þá fyllingu sem ykkur langar í og lokið með því að setja súkkulaði yfir.



**FROSIN DÁSEMD** Eggin eru geymd í frysti og þau verða einkar girnileg þegar þau þiðna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFDÍS








Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 7 | 4, 7, 10 | 12 |
| GET HARD | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| FÚSI | 8 | 7 |
| LOKSINS HEIM 2D - ÍSL TAL | 1:50, 3:50 | L |
| LOKSINS HEIM 3D - ÍSL TAL | 1:50 | L |
| THE GUNMAN | 10:10 | 16 |
| CINDERELLA - ÍSL TEXTI | 2, 5 | L |







BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Antboy: rauða refsinornin . . 18.00 Whiplash . . . . . . . . . . 20.00, 22.00
Stations of the cross . . 18.00, 22.00 Blowfly park . . . . . . . . . . 20.10
What we do in the shadows 20.00 Wild tales . . . . . . . . . . 22.00






# Hugsjónir skör ofar græðginni

**Kári Viðarsson býður fólki upp á að velja hvað það vill greiða fyrir að sjá sýningarnar hans. Hann álítur að peningar eigi ekki að ráða aðgengi að listum.**

„Mig langar að auka þátttöku í menningu og listum, þetta er mín leið til að auka aðgengið fyrir alla,“ segir Kári Viðarsson, eigandi Frystiklefans á Rifi. Hann hefur farið nýstárlegar leiðir í að rukka inn á sýningarnar en aðgangseyrir er valfrjáls.

„Fólk ræður alveg hvernig það hefur þetta, sumir greiða fyrir sýningu, aðrir eftir hana og aðrir sleppa því,“ segir Kári.

Kári segir þetta frelsi sérstaklega vinsælt hjá ferðamönnum. „Þeim finnst Íslendingar stundum standa í að ræna þá, svo þetta hefur farið vel ofan í erlendu gestina okkar.“

Kári er mikill hugsjónarmaður eins og sést hvað best á þessu útspili. Hann á og rekur Frystiklefann á Rifi, sem hefur það að meginmarkmiði að gegna hlutverki menningarmiðstöðvar og listamannaseturs. Hafa vinsældir þessa óvenjulega menningarseturs á Snæfellsnesi vakið stormandi lukku meðal list-og menningarunandi og láta gestir fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu ekki trufla sig.

Á dögunum var tilkynnt að Frystiklefinn væri eitt þriggja verkefna sem keppir um Eyrarrósina 2015, en hún er viðurkenning á vegum Byggðastofnunar ætluð framúrskarandi menningarverkefnum.

- ga



**HUGSJÓNAMAÐUR** Kári hefur farið mikinn á Snæfellsnesi og Frystiklefinn verið mikill hvalreki fyrir svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/NINNA PÁLMADÓTTIR

**”Þeim finnst Íslendingar stundum standa í að ræna þá, svo þetta hefur farið vel ofan í erlendu gestina okkar.**



**MIÐ-ÍSLAND** Tom Shillue slæst í för með Mið-Íslandi í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tom Shillue með Mið-Íslandi

Bandaríski grínistinn Tom Shillue slæst í lið með uppistandshópnum Mið-Íslandi í Þjóðleikhúskjallaranum 9. til 11. apríl næstkomandi.

Shillue hefur meðal annars komið fram í spjallþáttum Conans O'Brien og Jimmy Fallon svo ljóst er að liðsaukinn er ekki af verri endanum.

Mið-Ísland stendur saman af Dóra DNA, Jóhanni Alfreð Kristinssyni, Ara Eldjárn og Birni Braga Björnssyni en í vetur hafa gestir þeirra meðal annars verið þau Saga Garðarsdóttir, Anna Svava Knútsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Bergur Ebbi Bergsson, sem er hluti af hópnum en búsettur erlendis um þessar mundir.



**ÓSAMVINNUPÝÐUR** Jay-Z hefur engan áhuga á að taka prófið.

## Faðernisfárið heldur áfram

Rapparinn Jay-Z stendur enn og aftur í stappi vegna mögulegs sonar síns. Hinn tuttugu og eins árs gamli Rymir Satterthwaite, sem einnig er rappari, fór fram á að Jay-Z gengist undir faðernispróf fyrir fimm árum. Allt kom fyrir ekki og hafði sá síðarnefndi betur fyrir dómstólum og þurfti ekki að taka téð próf. Nú hefur lögmaður stráksa komið auga á mögulegt svindl þess gamla sem orsakar að þau ætla að krefjast þess að faðernispróf verði gert.

Eiginkona Jay-Z er poppdrottningin Beyoncé líkt og margir vita. Hafa þau verið gift í sjö ár og saman síðan 1997, svo hún var ekki komin til sögunnar er drengurinn kom undir.

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010




OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA
VÍNBÚÐIRNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG AKUREYRI

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 1. apríl | 11-19 |
| *Dalvegur, Skeifan og Skútuvogur* | 10-20 |
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur 4. apríl | 11-18 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |

Kynntu þér páskaopnun allra Vínbúða á **vinbudin.is**
VÍNBÚÐIN
ENNEMM / SÍA / NM nm67460

## Stela Valskonur fjórða sætinu?

**KÖRFUBOLTI** Lokaumferð Dominos-deildar kvenna í körfubolta fer fram í kvöld og verða augu allra á viðureign Grindavíkur og Vals í Röstinni þar sem liðin mætast í hreinum úrslitaleik um fjórða sæti deildarinnar og þar með síðasta sætið í úrslitakeppninni.

Grindavík er í fjórða sætinu með 32 stig en Valur, sem er með 30 stig, getur stolið fjórða sætinu og sent Grindvíkinga í sumarfrí með sigri í kvöld. Liðin hafa mæst þrisvar sinnum í vetur og hefur Valur unnið tvo leiki, þar af eina leik liðanna í Röstinni.

KR og Hamar berjast um að halda sæti sínu í deildinni. KR er í næstneðsta sæti með ellefu stig en Hamar sæti ofar með tólf stig. KR sækir Hauka heim og Hamar fær Keflavík í heimsókn. Fari úrslitin eftir bókinni og bæði lið tapi fellur KR með Breiðabliki. Falli lið Breiðabliks tekur það á móti Íslands- og deildarmeisturum Snæfells í síðasta leik sínum í úrvalsdeildinni í bili.



## Trúi því að menn haldi tryggð við félagið

**HANDBOLTI** Stjarnan féll úr Olísdeild karla í fyrrakvöld eftir eins marks tap fyrir Val, sem um leið tryggði sér deildarmeistaratitilinn. Leikurinn var dæmigerður fyrir Stjörnumenn sem hafa spilað margar jafnar viðureignir í vetur en tapað fleiri slíkum en unnið.

Fimmtán af 26 deildarleikjum Stjörnunnar hafa ráðist á tveggja marka mun eða minna. Af þeim 30 stigum sem voru í boði fyrir Stjörnumenn í þeim fengu Garðbæingar þrettán en alls tapaði liðið fimm sinnum með eins marks mun.

Skúli Gunnsteinsson, þjálfari Stjörnunnar, vildi engu svara um framtíð sína eftir tapið fyrir Val en Gunnar Örn Erlingsson, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, segir að Skúli sé samningsbundinn í eitt ár til viðbótar.

„Maður vonar bara að leikmenn sjái einhverja von í því að halda áfram og koma svo aftur í efstu deild að ári, sterkari en áður – sérstaklega uppaldir Stjörnumenn. En þetta er allt saman nýtt fyrir okkur og það er ekki byrjað að ræða við leikmenn,“ segir Gunnar en Stjarnan mætir Fram í lokaumferð deildarinnar á fimmtudag.



**SVEKKTIR** Stjörnumenn féllu á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það verða breytingar, svo mikið er víst, en ég vona að flestir verði áfram. Við ætlum þó ekki að halda einhverjum nauðugum hjá félaginu sem ekki vill vera áfram.“ - esá

**Eistland 1-1 Ísland**

**Tallin, Eistl.**
Áhorf: Um 5.000
**A. Treimanis, Lettlandi.**

**Mörkin:** 0-1 Rúrik Gíslason (9.), 1-1 Konstantin Vassiljev (55.).

**ÍSLAND (4-4-2):** Ögmundur Kristinsson - Haukur Heiðar Hauksson, Hallgrímur Jónasson, Jón Guðni Fjóluson (Ragnar Sigurðsson 46.), Hörður Björgvin Magnússon (Ari Freyr Skúlason 46.) - Rúrik Gíslason, Guðlaugur Victor Pálsson (Ólafur Ingi Skúlason 46.), Emil Hallfreðsson (Rúnar Már S. Sigurjónsson 60.), Jón Daði Böðvarsson (Jóhann Berg Guðmundsson 46.) - Alfreð Finnbogason, Viðar Örn Kjartansson.

**Skot (á mark):** 10-10 (5-4) **Horn**: 3-5

**Varin skot:** Aksalu 3 - Ögmundur 4.

# Dýrmæt FIFA-stig skilin eftir

Íslenska landsliðið í fótbolta gerði 1-1 jafntefli við Eistland í vináttuleik í Tallinn í gærkvöldi. Frammistaða íslenska liðsins verðskuldaði ekki mikið meira og urðu stig á heimslistanum eftir í Tallinn sem er dýrt.

**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska fótboltalandsliðinu fylgdu sannfærandi sigri í Kasakstan um helgina ekki eftir í vináttuleik gegn Eistum í Tallinn í gærkvöldi. Lokatölur, 1-1, í leik þar sem íslensku strákarnir áttu ekki meira skilið.

Gerðar voru ellefu breytingar á byrjunarliðinu fyrir leikinn, en Lars og Heimir gefa vanalega mörgum tækifæri í þessum vináttuleikjum. Sigurs var þó krafist því íslenska liðið berst nú fyrir því að vera eins ofarlega á heimslista FIFa og mögulegt er þegar talið verður í júní.

### Byrjuðu vel

Næsta undankeppni er fyrir HM í Rússlandi 2018 og verður styrkleikaraðað í undankeppni miðað við stöðuna á heimslistanum eftir heimaleikinn gegn Tékklandi í undankeppni EM sem fram fer í júní. Þessi leikur gegn Eistum var auðvitað inni í því og dýrmæt FIFA-stig því farin í súginn.

Íslenska liðið byrjaði vel og komst yfir á níundu mínútu en Eistar, sem vanalega treysta á sterkan varnarleik, voru frískir fram á við og settu mikla pressu oft á tíðum á varnarlínu strákanna okkar. Munaði mikið um að Aron Einar Gunnarsson var fjarverandi, en Eistar nýttu sér mikið pláss sem skapaðist á milli miðju og varnar.

Emil Hallfreðsson batt það saman eins og hann gat í fyrri hálfleik, en Hafnfirðingurinn, sem bar fyrirliðabandið í gær, var traustur í fyrri hálfleik og átti vart feilsendingu. Hann missti þó boltann í jöfnunarmarki Eista sem þeir skoruðu í byrjun seinni hálfleiks.



**DÓMARI!** Alfreð Finnbogason átti klárlega að fá víti í fyrri hálfleik eins og sést á þessu peysutogi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ísland náði aldrei að setja neina alvöru pressu á Eistana í seinni hálfleik sem olli miklum vonbrigðum. Okkar menn áttu þó að fá tvær vítaspyrnur en ömurlegur dómari leiksins og aðstoðarmenn hans með sprotana dæmdu ekkert.

### Ekki bankað fast

Alfreð Finnbogason og Viðar Örn Kjartansson áttu í vandræðum gegn sterkri vörn heimamanna og verður ekki sagt að þeir hafi spilað sig nálægt byrjunarliðinu í júní.

Þeir fengu þó enga lúxusþjónustu, miðjuspil strákanna okkar var tætt og losaralegt. Ólafur Ingi Skúlason og Rúnar Már Sigurjónsson spiluðu þar saman síðasta hálftímann og höfðu ekki mikil tök á leiknum. Eistar sóttu oft og sóttu hratt en íslenska vörnin bjargaði því sem bjargað varð.

Frammistaðan sem sést í vináttuleikjum er oft ekki lík þeirri sem sést í mótsleikjum liðsins og sú varð raunin í gær. Þeir sem fengu tækifæri í byrjunarliðinu bönkuðu ekki fast á dyrnar.

Frammistöðuna má alltaf laga og auðvitað verður það allt annað lið sem mætir Tékkum í júní. Við grátum engu að síður FIFA-stigin sem skilin voru eftir í Tallinn í gærkvöldi. Þau reynast vonandi ekki of dýr. tomas@365.is



**TÆKIFÆRI** Alfreð spilaði 90 mínútur gegn Eistum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Þetta voru vonbrigði

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason, framherji íslenska landsliðsins, var ekki ánægður með frammistöðu strákanna okkar í jafnteflisleiknum gegn Eistlandi í gær.

„Við byrjum af krafti og settum pressu á þá. Svo missum við dampinn og seinni hálfleikur var frekar slakur þannig þetta voru vonbrigði verð ég að segja,“ sagði hann í viðtali við KSÍ eftir leik.

„Þetta var gott tækifæri fyrir mig og aðra sem vilja vera í byrjunarliðinu og nýta allar mínútur. Þetta voru ekki kjöraðstæður í dag; völlurinn erfiður eftir langt ferðalag. En þetta var niðurstaðan,“ segir Alfreð Finnbogason, framherji Íslands. - tom



**FRAMLENGT** Halldór Stefán þjálfar Fylkisliðið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Halldór Stefán áfram í Árbæ

**HANDBOLTI** Halldór Stefán Halldórsson, sem þjálfað hefur kvennalið Fylkis í Olís-deildinni undanfarin þrjú tímabil, verður áfram í Árbænum.

Halldór Stefán framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild Fylkis í gær um tvö ár og stýrir því efnilegu Fylkisliðinu næstu árin.

Undir Stjórn Halldórs hefur Fylkisliðið bætt sig með ári hverju, en það lenti í ellefta sæti á fyrsta árinu með hann í brúnni, níunda sæti í fyrra og í sjöunda sæti á núverandi tímabili og komst með því í úrslitakeppnina. - tom

# Búið að vera gaman og geng stoltur frá borði

Einar Jónsson er hættur að þjálfa norska kvennaliðið Molde og óljóst hvað hann gerir í framhaldinu.

**HANDBOLTI** „Ég er að klára samninginn minn hér og ég veit ekkert hvað tekur svo við. Það er þó alveg ljóst að ég er hættur hjá Molde,“ segir Einar Jónsson en framtíð hans er í óvissu eftir að hann sagði upp samningi sínum hjá Molde.

Einar gerði sér lítið fyrir og kom Molde upp um tvær deildar á tveimur árum og liðið er því komið í úrvalsdeildina. Einar kaus aftur á móti að segja upp samningi sínum við félagið og hefur ekki gengið að fá nýjan samning. Tíma hans hjá félaginu er því lokið.

„Það hefur í raun ekkert gerst. Það hafa verið smá þreifingar en ekkert sem ég get sætt mig við. Þær forsendur sem ég gaf mér til að vera áfram eru ekki til staðar. Því hef ég tekið ákvörðun um að finna mér eitthvað annað að gera.“

Það er ýmislegt í óvissu hjá félaginu hvað varðar framhaldið og það hefur ekki hjálpað til.

„Þeir hafa lýst yfir vilja til að halda mér en þegar kemur að því að ræða samningamál verður lítið úr þeim viðræðum. Það virðist hvorki vera nægur vilji né fjárhagsleg geta til þess að taka næsta skref. Ég tel mig ekki með óraunhæfar launakröfur. Það er ný stjórn að taka við og hún er að taka sér fulllangan tíma til þess að setja sig inn í hlutina.“

Þjálfarinn er með samning við Molde út maí en hvað tekur við þá er óráðið.

„Það eru einhverjar fyrirspurnir og þreifingar en ekkert alvarlegt. Það er áhugi hjá mér að vera áfram úti en ég þarf ekkert að vera í útlöndum bara til að vera í útlöndum. Það þarf að vera eitthvað áhugavert. Sama með Ísland. Ef það er áhugavert starf í boði þar sem hentar mér og fjölskyldu minni vel þá er það eitthvað sem ég myndi skoða,“ segir Einar, en er ekki svekkjandi að ævintýrinu sé lokið þegar hann er loks kominn með liðið upp í úrvalsdeild?

„Það átti enginn von á þessu. Félagið var ekki undirbúið undir þetta. Þetta er búið að vera gaman og að hafa náð þessum árangri. Ég geng stoltur frá borði. Auðvitað hefði verið gaman að halda áfram með verkefnið en að sama skapi ekki eins gaman ef þetta væri algert rugl og við ekki með lið sem ætti möguleika í deildinni.“ - hbg



**HVAÐ NÚ?** Einar Jónsson er í atvinnuleit eftir að hafa staðið sig frábærlega með lið Molde í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


BYLGJAN
989
AUKATÓNLEIKAR
Ásgeir
ELDBORG Í HÖRPU 16. JÚNÍ KL. 23:00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
ASGEIRMUSIC.COM

# Vil meira en að ná bara lágmarkinu

Sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi bætti Norðurlandametið í 200 m baksundi á Opna danska meistaramótinu í sundi í fyrradag. Með því tryggði hún sér bæði þátttökurétt á HM í Kazan í Rússlandi sumar og í Ólympíuleikunum í Ríó í Brasilíu á næsta ári.

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir er fyrst Íslendinga búin að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Ríó árið 2016 en það gerði hún er hún setti nýtt Norðurlandamet í 200 m baksundi á Opna danska meistaramótinu í sundi í fyrradag. Hún synti þá á 2:09,86 mínútum og bætti þar með Íslandsmet sitt í greininni um tæpa hálfa sekúndu en lágmark Alþjóðasundsambandsins, FINA, inn á leikana í Ríó er 2:10,60 mínútur. Norðurlandametið, sem var sex ára gamalt og í eigu Pernille Larsen frá Danmörku, bætti hún um 0,41 sekúndu.

„Ég er himinlifandi með að hafa náð þessu, alveg í skýjunum,“ sagði Eygló við Fréttablaðið í gær en hún var þá nýbúin að synda sig inn í úrslit í 50 m baksundi á lokadegi mótsins.

Eygló virðist í afar góðu formi um þessar mundir og stefnir á að bæta sig enn meira á Íslandsmeistaramótinu [ÍM] í 50 m laug sem fer fram í Laugardalslauginni 10.-12. apríl.

„Ég gef venjuleg allt sem ég á í ÍM, þó svo að það sé minni samkeppni en hér úti, en ég er mjög spennt fyrir því að sjá hvernig mér gengur,“ segir Eygló .

**Léttir að vera búin**

Eygló keppti á Ólympíuleikunum í London árið 2012, þá aðeins sautján ára gömul. Hún hafnaði þá í 20. sæti í 200 m baksundi og miðað við að hún er enn að bæta sig í greininni er ljóst að hún er líkleg til afreka í Ríó.

„Það er vissulega léttir að vera búin að ná lágmarkinu og nú þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því næsta eina og hálfa árið. ÍM árið 2012 snerist eingöngu um að ná lágmarki fyrir London og það var mikil pressa á mér þá. Nú get ég fremur einbeitt mér að tækninni og öðrum þáttum,“ segir hún. „En auðvitað stefni ég mun hærra en að ná bara lágmarkinu.“

**Hugurinn getur gert margt gott**

Hún segist hafa breytt aðeins til í æfingum fyrir þetta keppnistímabil og sinnt æfingum „á þurru landi“ betur samhliða æfingum í lauginni. „Ég hef lyft meira og gert ýmislegt á þurru landi sem hjálpar mikið til. Þá er ég reynslumeiri líka sem hjálpar til, enda getur hugurinn gert margt gott en líka margt slæmt,“ segir hún. „En heilt yfir líður mér mjög vel og ég hlakka til að koma heim og æfa.“

HM í 50 m laug fer fram í Kazan í Rússlandi í sumar og þar verður Eygló Ósk meðal keppanda og stefnir hún hátt. Sem stendur er Eygló með fimmta besta árangur heimsins í 200 m baksundi og þann næstbesta í Evrópu.

Eygló endaði síðasta ár af krafti er hún vann allar sex einstaklingsgreinar sínar á ÍM í 25 m laug og bætti hún als níu Íslandsmet á árinu. Nýja árið byrjar vel og og átti hún von á því að ná svo góðum árangri svo snemma á tímabilinu.

„Ég er aðeins á undan áætlun og það boðar bara gott. Ég býst svo við að bæta mig enn meira í sumar og ég vona innilega að ég geri það. Þetta lítur vel út.“

eirikur@frettabladid.is



**RÚSSLAND OG RÍÓ** Eygló er komin með lágmörk á næsta HM sem og næstu Ólympíuleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana (m.a. H&M) og kaffihúsa.
Næturlíf eins og það gerist best.





Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.

Verð í tveggja manna herbergi
kr. 98.900,-

Innifalið: Flug, skattar, hótel með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.
Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.

Upplýsingar í síma 588 8900

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is


# Búinn að fá tvisvar sinnum heilahristing

Tímabilið er líklega búið hjá Magnúsi Stefánssyni.

**HANDBOLTI** „Heilsan hefur oft verið betri,“ segir fyrirliði ÍBV, Magnús Stefánsson, en lukkan hefur ekki beint leikið við hann í vetur.

Hann fékk heilahristing fyrr í vetur og svo lenti hann líka í árekstri í Vestmannaeyjum og hefur vart verið góður síðan.

Óttast er að Magnús sé kviðslitinn en hann ætti að fá það staðfest í dag. Fari svo þá er tímabilið hjá honum fokið út um gluggann og hann missir af úrslitakeppninni.

„Ég er talsvert kvalinn og á erfitt með gang. Þeir segja að einkenni bendi til þess að ég sé kviðslitinn,“ segir Magnús en hann yrði þá annar leikmaður ÍBV sem kviðslitnar í vetur. Sindri Haraldsson er einnig kviðslitinn.

„Þetta var nokkuð harkalegt bílslys sem ég lenti í og einn læknir hefur tengt það við meiðslin mín í dag. Ég var farþegi í bíl og við fengum annan bíl inn í hliðina. Þetta var algert óhapp.“

Magnús var þá á leiðinni upp á flugvöll í Eyjum að fljúga með liðinu í leik. Hann fór með liðinu þrátt fyrir slysið en þegar hann byrjaði að hita upp fór hann að svima og þá var hann settur í hvíld. Engin áhætta tekin.

„Ég hef verið frekar slæmur eftir slysið enda fékk ég talsvert höfuðhögg. Þetta er mjög svekkjandi en liðið má ekki við neinum skakkaföllum. Ég prófaði að spila einn leik en var með verki,“ segir Magnús, en talið er að hann hafi fengið heilahristing í slysinu.

„Það er þá í annað sinn því ég fékk líka höfuðhögg og heilahristing fyrr í vetur. Það var fyrir páskuna í deildinni og ég fékk því tíma til að jafna mig.“

Magnús er ekkert allt of bjartsýnn á að spila meira í vetur.

„Ég get ekki hreyft mig nokkurn skapaðan hlut núna. Ef ég er kviðslitinn þá er þetta líklega búið. Þetta er búið að vera erfitt tímabil með meiðslin en mér tókst þó samt að vinna bikarinn með ÍBV sem var ágætt. Við viljum samt meira þó svo það hafi verið á brattann að sækja í síðustu leikjum.“ - hbg



**LEMSTRAÐUR** Magnús hefur lent í miklum skakkaföllum í vetur en náði þó að verða bikarmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÍSLANDS
LAMB
Stolt kjötmeistarans
Hafðu það gott
og grillaðu
100%
íslenskt
lambakjöt
safaríkt og
meyrt lambakjöt
Fæst í:
BÓNUS
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 18.54
**Ísland í dag**

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.





### Grey's Anatomy
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Ellefta röð þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



### Bones
**STÖÐ 2 KL. 22.30** Níunda syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.



### Modern Family
**GULLSTÖÐIN KL. 19.00** Frábærir gamanþættir um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

### Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir, Kristófer og Bragi með umræðu um þjóðfélagsmálin.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo
**07.20** Grallararnir
**07.45** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.30** Mindy Project
**08.50** Don't Trust the B*** in Apt 23
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** The Kennedys
**14.30** The Great Escape
**15.15** The Lying Game
**15.55** Big Time Rush
**16.20** The Goldbergs
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.15** Víkingalottó
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Margra barna mæður
**20.35** Grey's Anatomy
**21.20** Togetherness
**21.50** Forever
**22.30** Bones
**23.15** Girls
**23.45** Real Time With Bill Maher
**00.45** The Mentalist
**01.30** The Blacklist
**02.10** The Following
**02.55** The Following
**03.40** Major Crimes
**04.25** Limitless
**06.05** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**09.50** Keflavík - Haukar
**11.25** Holland - Tyrkland
**13.05** Rúmenía - Færeyjar
**14.45** Barcelona - Real Madrid
**16.25** Þýsku mörkin
**16.55** Berlín - Hamburg BEINT
**18.25** Keflavík - Haukar
**20.00** Skeiðgreinar úti
**23.25** Berlín - Hamburg
**00.45** Georgía - Þýskaland

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.00** Hull - Chelsea
**14.45** Ísrael - Wales
**16.25** England - Litháen
**18.05** PL Classic Matches. Arsenal - Man. United, 2002
**18.35** Man. City - WBA
**20.15** Newcastle - Arsenal
**21.55** Messan
**23.10** Newcastle - Arsenal 05.02.11
**23.40** West Ham - Sunderland

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Hot in Cleveland
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Baby Daddy
**20.10** Flash
**20.55** Arrow
**21.35** The 100
**22.20** Supernatural
**23.00** Hart of Dixie
**23.45** Baby Daddy
**00.05** Flash
**00.50** Arrow
**01.30** The 100
**02.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Brunabílarnir **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Lukku-Láki **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Hókus Pókus **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Brunabílarnir **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Lukku-Láki **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Hókus Pókus **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Brunabílarnir **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Lukku-Láki **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Hókus Pókus **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Artúr 3

## GULLSTÖÐIN

**18.10** Friends
**18.35** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.45** Heimsókn
**20.15** Geggjaðar græjur
**20.30** Chuck
**21.15** Cold Case
**22.00** Game of Thrones
**23.00** 1600 Penn
**23.20** Ally McBeal
**00.05** Heimsókn
**00.30** Geggjaðar græjur
**00.45** Chuck
**01.30** Cold Case
**02.15** Game of Thrones
**03.15** 1600 Penn
**03.35** Ally McBeal
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40** Multiplicity
**12.35** The Last Station
**14.30** The Magic of Bell Isle
**16.20** Multiplicity
**18.15** The Last Station
**20.10** The Magic of Bell Isle
**22.00** A Few Good Men
**00.20** Parker
**02.15** Stoker
**03.55** A Few Good Men
**06.40** Percy Jackson: Sea of Monsters

## RÚV

**08.00** Morgunstundin okkar
**11.45** Saga af strák
**12.10** Villta Brasilía
**13.05** Tólf í pakka
**14.40** Óaðskiljanlegir
**16.35** Innlit til arkitekta
**17.05** Rétt viðbrögð í skyndihjálp
**17.20** Disneystundin, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Heilabrot
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Skólahreysti 2015
**20.35** Útsvar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Megas og Passíusálmarnir Glænýjar útsetningar á sálmalögum Megasar.
**00.00** Konan í búrinu
**01.35** Horfinn
**02.35** Kastljós
**03.00** Fréttir
**03.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.10** Cheers
**14.35** Jane the Virgin
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute to Win It
**16.40** The Biggest Loser - Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers
**20.10** The Odd Couple
**20.35** Benched
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Indecent Proposal
**01.15** Madam Secretary
**02.00** Blue Bloods
**02.45** The Tonight Show
**03.35** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** PGA Tour 2015 - Highlights
**09.45** PGA Tour 2015
**14.45** Golfing World 2015
**15.35** PGA Tour 2015 - Highlights
**16.30** Augusta Masters Official Film
**17.30** Golfing World 2015
**18.20** PGA Tour 2015
**23.20** Augusta Masters Official Film

## HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið **11.30** Neytendavaktin **12.00** Atvinnulífið **12.30** Neytendavaktin **13.00** Atvinnulífið **13.30** Neytendavaktin **14.00** Atvinnulífið **14.30** Neytendavaktin **17.00** Atvinnulífið **17.30** Neytendavaktin **18.00** Atvinnulífið **18.30** Neytendavaktin **19.00** Atvinnulífið **19.30** Neytendavaktin **20.00** Atvinnulífið **20.30** Neytendavaktin **21.00** Mannamál **21.30** Heimsljós **22.00** 433.is **22.30** Mannamál **23.00** 433.is **23.30** Mannamál **00.00** 433.is **00.30** Mannamál






## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



# PÁSKA GLEÐI

## OFURTILBOÐ 1. APRÍL!
ÞETTA ER EKKERT GRÍN




33% afsláttur

Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning, gljástig 10, 4 l, allir litir.

**3.995 kr.**
Almennt verð 5.965 kr.



53% afsláttur

Vnr. 52237038-9
ANNE kúpull, 25x25 cm, E27, 42W.

**695 kr.**
Almennt verð 1.477 kr.



51% afsláttur

Vnr. 68570879
LUX klaufhamar með fiber skafti, 450 gr.

**699 kr.**
Almennt verð 1.433 kr.



35% afsláttur

Vnr. 55530028
Hekkklippur, 56 cm.

**1.295 kr.**
Almennt verð 1.995 kr.




34% afsláttur

Vnr. 55097054
Sáðmold, 6 l.

**255 kr.**
Almennt verð 385 kr.



24% afsláttur

Vnr. 55610633
Laufhrífa.

**1.295 kr.**
Almennt verð 1.695 kr.

## 25%
AF JOSERA DÝRAFÓÐRI
1. - 4. APRÍL




## FIMMTUDAGUR
2. APRÍL

40% afsláttur



Vnr. 40056590
LEIFHEIT PICOSPRAY moppa með sápuhólfi, 26 cm.

**2.895 kr.**
Almennt verð 4.837 kr.

## LAUGARDAGUR
4. APRÍL




49% afsláttur

Vnr. 42308344
Brennikubbar, 2,5 klst.

**295 kr.**
Almennt verð 575 kr.

OFURTILBOÐIN ERU
LÍKA Í VEFVERSLUN

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## BESTA PÁSKAEGGIÐ



**„Ég væri svo sannarlega til í páskaegg frá Hafliða Ragnarssyni úr Mosfellsbakaríi, ef einhvern langar að gefa mér.“**

Hlín Einarsdóttir, ÍAK einkaþjálfaranemi

# Stórhuga sveitastrákar stálu senunni í Hörpu

Minnstu munaði að hljómsveitin yrði ekki með korter í keppni. Hjálpin barst á ögurstundu og sigur í höfn.

Hvað gerist þegar verðandi bóndi, garðyrkjumaður og starfsmenn í bókabúð frá Suðureyri koma saman? Jú, þeir vinna Músíktilraunir 2015. Þessi ferskasta sveit landsins um þessar mundir lýsir upplifuninni sem súrrealískri en á ákveðnum tímapunkti var ekki útlit fyrir að þeir myndu keppa yfirhöfuð. „Við misstum gítarleikarann okkar til Frakklands í námsferð í blálokin svo við urðum að redda okkur öðrum á ögurstundu. Það gekk sem betur fer eftir og hljóp Bolvíkingurinn Bjarni Kristinn Guðmundsson í skarðið,“ segir Pétur.

Hljómsveitin lagðist á eitt og nýtti næturnar til að æfa sig. Allt var lagt undir og stóðu þeir uppi sem sigurvegarar í Hörpu á laugardaginn var. „Við áttum ekki von á þessu, þorðum ekki einu sinni að hlusta á böndin sem komu til greina á lokakvöldinu, þau voru svo góð,“ segir Pétur. Úrslitin komu þeim því rækilega á óvart. „Í gleðivímunni ákváðum við að fá okkur allir tattú saman. Kannski verður það Bjarni best,“ segir Pétur flissandi.

➜ Næst á dagskrá sveitarinnar er að troða upp á Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana.

Næst á dagskrá sveitarinnar er að troða upp á Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana. „Ég veit það ekki, ætli við verðum ekki að flytja?“ segir Pétur aðspurður um framhaldið og bætir spenntur við: „Kannski til Reykjavíkur, kannski til Los Angeles, þetta á eftir að koma í ljós.“ - ga



**RYTHMATIK** Drengirnir velta nú fyrir sér mögulegum búferlaflutningum. Kannski til Reykjavíkur. Kannski til L.A. Allt er í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/MYND

Fyrir fólk sem stækkar og stækkar




FERMINGAR TVENNA

DÚNMJÚKUR DRAUMUR

QOD dúnsæng
· 90% dúnn
· 10% smáfiður
Fullt verð: 25.900 kr.

QOD dúnkoddi
· 15% dúnn
· 85% smáfiður
Fullt verð: 4.900 kr.

24.900 kr.




Dormabæklinginn finnur þú á dorma.is

FERMINGAR TILBOÐ

NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.
Fáanlegt í svörtu og hvítu.
Stærð: 120x200 cm.

Fullt verð: 79.900 kr.

SHAPE
Shape Comfort koddi fylgir með að verðmæti 5.900 kr.



Aðeins 69.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Nánast komin með nafn á frumburðinn

Kristbjörg Jónasdóttir og Aron Einar Gunnarsson eignuðust son í síðustu viku. Kristbjörg segir það hafa verið góða stund þegar feðgarnir hittust í fyrsta sinn.

**Gyða Lóa Ólafsdóttir**
gyda@frettabladid.is



**VÆR OG GÓÐUR** Kristbjörg og sonurinn saman, hún segir það hafa verið góða stund þegar feðgarnir hittust í fyrsta sinn. MYND/KRISTBJÖRG

Kristbjörg Jónasdóttir fitnesskona og unnusti hennar, Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, eignuðust son þann 26. mars síðastliðinn.

Sonurinn lét bíða eftir sér í fimm daga en Kristbjörg segist hafa reynt allt til þess að koma fæðingunni af stað þar sem karlalandsliðið spilaði mikilvægan leik í undankeppni EM 2016 á laugardaginn. Hún stundaði líkamsrækt alla meðgönguna, gekk stiga, gerði hnébeygjur og kenndi meðal annars tíma í líkamsræktarstöð allt að þremur vikum fyrir settan dag, án allra hoppa að sjálfsögðu, en allt kom fyrir ekki.

„Ég var búin að reyna allt sem var sagt að myndi virka, allt,“ segir hún hress og bætir við að það sé ljóst að börnin koma bara í heiminn þegar þau eru tilbúin. „Ég er nokkuð viss um að það sé bara tilviljun ef það virkar bara daginn eftir, ég var mjög ákveðin í því að ég ætlaði að ná þessu áður en hann myndi fara en það bara virkaði ekki neitt,“ segir hún og hlær en að lokum var fæðingin sett af stað vegna meðgöngueitrunar.

Þar sem sonurinn lét bíða örlítið eftir sér, líkt og algengt er með fyrstu börn, hélt Aron Einar út til Kasakstans að keppa með landsliðinu og var því ekki viðstaddur fæðinguna. „Það var bara sameiginleg ákvörðun um að hann myndi drífa sig í leikinn, þar sem þetta var náttúrulega mjög mikilvægur leikur líka,“ segir hún pollróleg, en það voru að sjálfsögðu miklir fagnaðarfundir þegar landsliðsfyrirliðinn kom heim síðastliðið sunnudagskvöld. „Það var voða gott og skemmtilegt þetta móment þegar hann hitti hann loksins.“



ARON EINAR GUNNARSSON

Þrátt fyrir ungan aldur fylgdist sonurinn að sjálfsögðu með föður sínum keppa og vinna leikinn á laugardaginn. „Hann fylgdist aðeins með, svona á milli þess sem hann svaf. En hann virtist vera spenntur yfir þessu á köflum,“ segir Kristbjörg glöð í bragði.

Kristbjörg segir að ekki kæmi á óvart ef sonurinn fetaði í spor foreldranna og stundaði íþróttir af kappi í framtíðinni. „Hann verður örugglega mjög aktífur og á pottþétt eftir að finna sér eitthvað,“ segir hún og bætir við að þau muni leyfa litla manninum að taka ákvörðun um hvaða íþrótt hann vilji stunda þegar hann hefur aldur til, það verður því engin pressa sett á að hann velji á milli fitness eða fótbolta þótt Kristbjörg telji hið síðarnefnda líklegra, enda hefur hann strax eignast sinn fyrsta fótboltagalla þrátt fyrir ungan aldur.

Það er þó ekki Þórsgallinn, liðsins sem faðir hans spilaði lengi með á Akureyri. „Ekki enn þá, en ég er alveg viss um að hann fær hann. Hann er kominn með Cardiff-gallann, hann fékk hann í gjöf frá einhverjum af stelpunum hérna úti,“ segir hin nýbakaða móðir hlæjandi en líkt og flesti vita spilar Aron Einar nú með Cardiff City í Wales.

**Við erum með tvö nöfn í huga og eiginlega búin að ákveða hvort þeirra verður fyrir valinu.**

Drengurinn verður skírður hér heima í sumar þegar Kristbjörg og Aron Einar koma hingað til lands í sumarfrí en nafnið er nánast komið á hreint.

„Við erum með tvö nöfn í huga og eiginlega búin að ákveða hvort þeirra verður fyrir valinu,“ segir hún en ekki kom til mikils ágreinings á milli parsins þegar kom að því að velja nafn. „Þessi nöfn komu strax í kollinn á okkur báðum þegar við fórum að tala um það,“ segir Kristbjörg að lokum en nafnið verður leyndarmál þar til litli drengurinn verður skírður.

NÝTT Á TACO BELL

# BURRITO CRUNCH

PIPAR \ TBWA • SÍA • 150704




Funheit kjúklingavefja með hrísgrjónum, Doritos -flögum, osti, BBQ-sósu og sýrðum rjóma.

929 kr.




1.429 kr.

TACO BELL

Taco Bell   Grafarholti – Sími: 588 6959   Hafnarfirði – Sími: 555 0828   www.tacobell.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Elísabet í Ísland í dag

**Elísabet Margeirsdóttir** sem sagt hefur veðurfréttir á Stöð 2 undanfarin ár, mun taka við nýju hlutverki á stöðinni á næstunni. Elísabet mun vera með vikuleg innslög um útivist og áskoranir í Íslandi í dag. Elísabet, sem er næringarfræðingur og langhlaupari, hefur haldið úti heimasíðunni betanaering.is þar sem hún ráðleggur meðal annars fólki um heilsu og hreyfingu. Breytingar eru í farvatninu hjá Íslandi í dag en þær verða kynntar á næstu dögum. - vh



### Spurningahöfundur sest á skólabekk

Spurningahöfundur Gettu betur og starfsmaður CCP, **Steinþór Helgi Arnsteinsson,** auglýsti eftir skólabókum og glósum á samfélagsmiðlinum Twitter á mánudag. Ástæðan er sú að Steinþór hyggst skella sér í viðskiptafræði með vinnu við Háskóla Íslands í haust. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og voru félagar hans ekki lengi að bregðast við og senda honum gamlar glósur. Steinþór hefur því farið sáttur inn í afmælisdaginn sinn, en hann fagnaði 32ja ára afmæli sínu í gær. - asi



## Mest lesið vísir

1 Sakar Kastljósfólk um að veitast ómaklega að fólki í sjónvarpssal
2 Brestir skoða spámiðla: „Þetta eru alltaf svik“
3 Hvetur fólk til að fækka fötum fyrir utan Landspítalann
4 Alexandra Ósk þakkaði björgun sína og barna sinna tveggja í gærkvöldi
5 Umboðsaðili fær ekki greidda krónu
6 Vilja að fréttamenn geri samning við viðmælendur til að vitna í upptökur símtala





